


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
15. júní 2011
137. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

# Skiptastjóri Baugs krefur Jón Ásgeir um fimmtán milljarða

**Skaðabótamál höfðað vegna svonefndrar Project Polo-fléttu. Jón Ásgeir Jóhannesson sagður hafa misnotað aðstöðu sína til að láta Baug kaupa verðlaus hlutabréf af honum, fjölskyldu og vinum. Steypumál, segir Jón.**

**DÓMSMÁL** Þrotabú Baugs Group hefur höfðað skaðabótamál á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, fyrrverandi stjórnarformanni félagsins. Búið krefur Jón Ásgeir persónulega um fimmtán milljarða króna.

Málið snýst um það þegar Hagar voru seldir frá Baugi til eignarhaldsfélagsins 1998 ehf. í lok júní 2008, í fléttu sem kölluð var Project Polo. Málið var höfðað í lok síðasta árs og þingfest í febrúar.

Fimmtán milljarðar af söluverðinu fóru beint í það að kaupa hlutabréf í Baugi af fjórum félögum, sem öll voru í eigu stjórnarmanna Baugs. Félögin voru Gaumur og Gaumur Holding, í eigu Jóns Ásgeirs og fjölskyldu hans, ISP eignarhaldsfélag, í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs, og Bague SA, í eigu Hreins Loftssonar.

> Að fara að elta mig persónulega í málinu er algjörlega út í hróa.
>
> JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON
> FYRRVERANDI STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS

Skiptastjóri Baugs lítur svo á að á þessum tíma hafi bréfin í Baugi verið nær einskis virði og Jón Ásgeir hafi með þessu, „ásamt fjölskyldu sinni“ eins og það er orðað, misnotað aðstöðu sína hjá Baugi til að koma verðmætum frá félaginu, sem þá stefndi hraðbyri í þrot, í vasa sjálfs sín og sér nákominna.

Ingibjörgu og Hreini er hins vegar ekki stefnt í málinu, ekki frekar en öðrum stjórnarmönnum, þar sem Jón Ásgeir er talinn hafa borið „mesta ábyrgð“ á fjárfestingum félagsins.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Jón Ásgeir að málið sé „steypumál“. Salan á Högum hafi verið að undirlagi viðskiptabanka Baugs. „Ég persónulega fékk ekki krónu út úr þessu, það gefur augaleið,“ segir hann. „Að fara að elta mig persónulega í málinu er algjörlega út í hróa.“

Fréttablaðið hefur greinargerð Jóns Ásgeirs í málinu undir höndum. Í henni segir að Baugur hafi alls ekki tapað á Project Polo-fléttunni. Frumkvæðið að henni hafi enn fremur komið frá Kaupþingi, ekki Baugi, og tilgangurinn hafi verið að lækka skuldir Baugs við bankann. - sh / sjá síðu 6



**ÆFA FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG** Hópur lögreglumanna sem standa mun heiðursvörð á Austurvelli 17. júní æfði undir stúkunni á Laugardalsvelli í gær. Fullur heiðursvörður samanstendur af 24 lögregluþjónum. Hálfur heiðursvörður stendur alla jafna á Austurvelli, tólf lögreglumenn með þann þrettánda til taks, að sögn Guðbrands Sigurðssonar, aðalvarðstjóra umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kjaradeila flugvirkja:

## Viðræður á jákvæðum nótum

**KJARAMÁL** Samningafundur flugvirkja og Icelandair á morgun gæti skorið úr um hvort hægt verður að komast hjá verkfalli sem boðað er á miðnætti næstkomandi mánudag. Þetta segir Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta er farið að þokast í rétta átt. Menn eru að nálgast og eru á jákvæðu nótunum. Það er fundur á fimmtudag [á morgun] og sennilega ræðst framhaldið á þeim fundi.“

Flugvirkjar lögðu niður störf hluta úr þremur dögum í síðustu viku og urðu af því talsverðar tafir og óþægindi fyrir flugfarþega. Komi til verkfalls í næstu viku mun það gilda til þriggja sólarhringa.

Fleiri starfsstéttir hóta að beita verkfallsvopninu. Leikskólakennarar hafa samþykkt að fara í verkfall 22. ágúst, hafi samningar þá ekki náðst við sveitarfélögin. - þj / sjá síðu 8

Nefnd var skipuð á kirkjuþingi til þess að fara yfir tillögur rannsóknarnefndar:

## Enginn krafðist afsagnar Karls

**ÞJÓÐKIRKJAN** Enginn krafðist afsagnar Karls Sigurbjörnssonar biskups á aukakirkjuþingi í Grensáskirkju í gær. Mikið var rætt á þinginu að traust almennings á kirkjunni færi ört dvínandi og nauðsynlegt væri að endurheimta það. Þingið var haldið til þess að ákveða úrbætur vegna tillagna rannsóknarnefndar kirkjunnar í nýútkominni skýrslu.



KARL SIGURBJÖRNSSON

Karl viðurkennir að mistök hafi verið gerð í málum tengdum Ólafi Skúlasyni og þremur konum sem sökuðu hann um kynferðisbrot. Hann bað þær konur afsökunar sem hann hefði valdið sárindum. Hann mun ekki segja af sér.

Þá bað Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, konurnar einnig fyrirgefningar fyrir hönd kirkjunnar og sagðist harma mjög að svona væri málum komið. Hann hóf ræðu sína á þinginu með því að lýsa yfir eindregnum stuðningi við Karl Sigurbjörnsson.

Stofnuð var fimm manna nefnd til þess að fara yfir tillögur rannsóknarnefndarinnar um úrbætur í viðbrögðum hennar við kynferðisbrotum. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar einhljóða.

Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hún sagði að biskup ætti að segja af sér í ljósi skýrslunnar. Sigríður er eini presturinn sem hefur látið þessa skoðun í ljós á opinberum vettvangi.

„Biskup Íslands þarf að kannast við það, að kirkjunni kemur betur að annar taki við lyklavaldi hans. Eftir því sem hann situr lengur í embætti verður skaði kirkjunnar meiri og sárari og tiltrú fólksins á kirkjunni dvínar,“ segir Sigríður í tilkynningu. - sv / sjá síðu 6




**Þakklátur mömmu**

*Brasilíufanginn Karl Grönvold reynir að koma undir sig fótunum.*

fólk 38

**Færir út kvíarnar**

*Hárgreiðslustofan Salon VEH er fjörutíu ára.*

tímamót 20



**Enn er veik von**

*Íslenska U21 árs landsliðið á enn smá von um að komast í undanúrslit EM.*

sport 34

**veðrið í dag**




**NORÐAUSTAN** 8-15 m/s víða en hægari NA-lands. Bjart og allt að 15 stiga hiti S- og V-lands, annars skýjað eða skýjað með köflum og heldur svalara.

VEÐUR 4

Lactoghurt daily
Einstök blanda mjólkursýrugerla




Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri þarmaflóru, jafnað ástand meltingarinnar og komið á jafnvægi.
Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.
Lactoghurt fæst í apótekum.



**SPURNING DAGSINS**



*Bragi, verður Sveppi ofursvalur í nýju myndinni?*

„Já, hann verður svo svalur að Norðurpóllinn á eftir að dauðskammast sín.“

Bragi Þór Hinriksson leikstýrir þriðju myndinni um ævintýri Sveppa og félaga hans. Hún er að hluta til tekin upp á Langjökli.

Fer til Taílands eftir viku að hitta son sinn sem gæti átt yfir höfði sér 15 ára dóm:

# Svaf á köldu gólfi í fangelsinu

**DÓMSMÁL** „Brynjar hefur ekkert játað. En við vitum að hann getur fengið tíu til fimmtán ára dóm,“ segir Eva Davíðsdóttir, systir Brynjars Mettinissonar sem situr í gæsluvarðhaldi í Taílandi vegna gruns um aðild að fíkniefnasmygli.

Borghildur Antonsdóttir, móðir Brynjars, býst við að fá vegabréfsáritun til Taílands í vikulokin. Hún hefur keypt farmiða út fyrir fé frá stuðningsfólki sem gerir henni kleift að vera í landinu í hálft ár. Hún ætlar að fylgjast með réttarhöldum yfir syni sínum í ágúst.



BRYNJAR METTINISSON

„Við vitum ekki hvað þau verða löng,“ segir Eva, sem flutti ásamt börnum sínum til Oskarshavn í Svíþjóð um mánaðamótin. Borghildur flutti með til að hjálpa dóttur sinni með heimilishaldið. Þær mæðgur voru ekki búnar að koma sér fyrir þegar Brynjar var handtekinn í Bangkok.

Borghildur fer ein til Taílands. Eva segir erfitt að vita af móður sinni einni í ferðalaginu. Fjölskyldan hafi ekki ráð á að senda nokkurn með henni.

Ræðismaður Íslands í Taílandi hefur útvegað Brynjari lögfræðing. Eva segist ekki vita hvort hann tali ensku og hvort hann hafi hitt Brynjar. Hún hefur eftir kærustu Brynjars, sem talar lélega ensku, að bróðir sinn hafi sofið illa. Í fangelsinu sé ekkert rúm og hafi hann í fyrstu sofið á köldu gólfi með ekkert yfir sér. **- jab**

Þrjótar ráðast á EVE Online:

# CCP tók leikinn úr sambandi

**TÆKNI** „Ráðist var á okkur og við höfum tekið allt úr sambandi við netið,“ segir Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP.

Hópur svokallaðra tölvuskæruliða sem kallar sig LulzSec greindi frá því í gær að hann hefði ráðist á netleikinn EVE Online, sem CCP á og rekur. Bæði leikjasíðan og heimasíða CCP lágu niðri síðdegis í gær. Hópurinn greindi frá því á Twitter-síðu sinni í gær að hann hefði ráðist á fleiri leikjasíður. **- jab**

Alþingi fundar í dag:

# Prófessor tengdur nafni Jóns

**ALÞINGI** Minningarfundur verður haldinn á Alþingi í dag í tilefni af 200 ára fæðingardegi Jóns Sigurðssonar á föstudaginn.



JÓN SIGURÐSSON

Í tilefni af viðburðinum leggur forsætisnefnd til að komið verði á fót prófessorsstöðu við Háskóla Íslands sem tengd verði nafni Jóns. Starfsskyldur þess sem stöðunni gegnir verði meðal annars við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Eitt lykilverkefna verði að halda árlega ráðstefnur og námskeið í sumarháskóla á Hrafnseyri með innlendum og erlendum kennurum og fyrirlesurum, en Jón fæddist að Hrafnseyri. **- kóp**

Ársskýrslur til umræðu:

# Þingnefnd ræðir stöðu banka

**ALÞINGI Ársskýrslur Íslandsbanka og Landsbanka Íslands voru til umræðu á fundi viðskiptanefndar Alþingis í gær. Fulltrúar bankanna fóru yfir afkomu þeirra og stöðuna eftir fyrsta ársfjórðung.**

**Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, segir nefndina ekki hafa verið með efnislegar athugasemdir við stöðuna, um kynningu hafi verið að ræða. „Bankarnir sýndu gríðarlegan hagnað á síðasta ári og ljóst að það er töluvert mikið laust fé í bönkunum.“ Álfheiður segir að bankarnir hafi verið tilbúnir að lána fé til framkvæmda og margt bendi til að þeim fyrirtækjum sem hafi fengið aðstoð gangi jafnvel betur en ráð hafi verið gert fyrir.** **- kóp**

# Norski herinn á hausaveiðum hér

**Kynnir nám í norskum herskólum fyrir íslenskum framhaldsskólanemum. Undirtektir sagðar góðar. Undanfarin 10 ár hafa 18 Íslendingar gegnt herþjónustu í Noregi. Sex þeirra hafa tekið þátt í aðgerðum norska hersins í Afganistan.**

**NOREGUR** Norski herinn hefur í allnokkur skipti reynt að fá nýliða frá Íslandi og nú gegna tíu íslenskir ríkisborgarar herþjónustu í Noregi. Roger Johnsen, skólastjóri verkfræðiskóla hersins, staðfesti í viðtali við norska ríkisútvarpið að reynt hefði verið að fá nýliða héðan með kynningum í íslenskum framhaldsskólum og að umsóknir hefðu borist á hverju ári. Kynningarnar hafa hafa farið fram í Menntaskólanum í Reykjavík, Verslunarskólanum og Menntaskólanum Hraðbraut.

Að sögn skólastjórans eru Íslendingar með góðan bakgrunn. Þeir séu með fjögurra ára framhaldsskólamenntun auk þess sem þeir séu fljótir að aðlagast.

„Það er á ábyrgð framhaldsskólanna sjálfra hverjum þeir hleypa að til kynninga úr háskólageiranum,“ segir Einar Hreinsson, sérfræðingur á skrifstofu vísinda og háskóla í menntamálaráðuneytinu.

Einn íslensku hermannanna tíu sem um þessar mundir þjóna í norska hernum hefur tvisvar kynnt nám í verkfræðiskóla hersins fyrir íslenskum framhaldsskólanemum.

Hermaðurinn, Hilmar Haraldsson, sem verið hefur í norska hernum frá 2003, segir í viðtali við norska ríkisútvarpið að hann hafi farið í slíka kynningarferð árið 2004 og einnig í febrúar á þessu ári. Að sögn Hilmars voru undirtektir framhaldsskólanemanna nú miklu betri en áður.

Á vefsíðu norska sendiráðsins í Reykjavík segir að íslenskir ríkisborgarar hafi samkvæmt samningi frá 1995 rétt til að sækja um skólavist við herskóla norska hersins. Að gefnum fyrirvara um skólavist í herskóla skal umsækjandi gegna herþjónustu í norska hernum samkvæmt þeim skilmálum sem fram koma í samningi um menntun og herþjónustu.



**Í AFGANISTAN** Norskur hermaður í Kabúl. NORDICPHOTOS/GETTY

> Það er á ábyrgð framhaldsskólanna sjálfra hverjum þeir hleypa að til kynninga ...
>
> **EINAR HREINSSON**
> SÉRFRÆÐINGUR Í MENNTAMÁLARÁÐUNEYTINU

Undanfarin tíu ár hafa átján íslenskir ríkisborgarar gegnt herþjónustu í Noregi, að því er segir í frétt norska ríkisútvarpsins. Sex þeirra eru sagðir hafa tekið þátt í aðgerðum norska hersins í Afganistan.

Hallgeir Langeland, þingmaður sósíalíska vinstriflokksins, kveðst hlynntur varnarsamstarfi Norðurlandanna.

„En mér finnst það of langt gengið ef því er þannig farið að norsk yfirvöld reyni að fá Íslendinga til Noregs til þess að gerast svo að segja málaliðar í Afganistan.“

Samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins hafa fleiri tekið í sama streng. Norska varnarmálaráðuneytið vísar því á bug að hægt sé að líta á Íslendingana sem málaliða. **ibs@frettabladid.is**



**SKRIÐDREKI** Sýrlenski herinn hefur sent skriðdreka að bæjum og þorpum við tyrknesku landamærin. NORDICPHOTOS/AFP

Róstur í Sýrlandi:

# Aukin harka í aðgerðum hersins

**SÝRLAND Sýrlenski herinn einbeitir sér nú að bæjum og þorpum í nágrenni landamæranna við Tyrkland í aðgerðum sínum gegn andófsfólki.**

**Samkvæmt frétt BBC eyðir herinn flestu því sem fyrir verður, en stjórnvöld segjast vera að berjast gegn vopnuðum uppreisnarmönnum. Átök hafa staðið í landinu í tólf vikur og telja mannréttindasamtök að um 1.300 mann hafi látist á þeim tíma. Þúsundir hafa flúið land, flestir til Tyrklands.** **- þj**

Vilja slitastjórn Byrs vikið frá:

# Stofnfjárhafar gagnrýna ferlið

**VIÐSKIPTI** „Mér sárnar að það sem kom okkur á hausinn skuli enn viðgangast,“ segir Guðjón Jónsson, stjórnarmaður í Samtökum stofnfjáreigenda í Byr sparisjóði.

Samtökin sendu í síðustu viku Helga I. Jónssyni, dómsstjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur, bréf þar sem gagnrýnd er ákvörðun slitastjórnar Byrs að fá ráða fjármálafyrirtækið Arctica Finance til að selja 95 prósenta hlut í Byr. Samtökin vilja að slitastjórn verði vikið frá.

Eva B. Helgadóttir, lögmaður og formaður slitastjórnar, er gift framkvæmdastjóra Arctica Finance. Þá vinna Eva og Ástráður Haraldsson, stjórnarmaður í Arctica Finance, saman á lögmannsstofunni Mandat. **- jab**




Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir Ögmund og Steingrím opinbera vanþekkingu:

# Persónulegar skoðanir duga ekki

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, segir að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafi opinberað vanþekkingu sína um landsdómsmálið. Þetta segir hún í færslu sinni á Facebook í gær sem ber yfirskriftina: „Var einhver að tala um pólitík?“ Hún segir að komið sé í ljós að þeir hafi ákveðið að beita ákæruvaldi gegn tilteknum einstaklingum án þess að hafa kynnt sér niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis.

„Ögmundur segir í viðtali við Pressuna þann 6. júní að hann hafi greitt atkvæði með „tillögum rannsóknarnefndar Alþingis sem vildi láta skoða mál oddvita ríkisstjórnarflokkanna í aðdraganda hrunsins.“ Í viðtali við DV 8. júní er hann við sama heygarðshornið og segir að meirihluti



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Alþingis hafi fallist á tillögur rannsóknarnefndarinnar „um að kanna framgöngu oddvita ríkisstjórnarinnar í aðdraganda hrunsins.“ Þetta er rangt. Rannsóknarnefndin gerði engar slíkar tillögur,“ skrifar Ingibjörg.

„Steingrímur segir svo í viðtali við Fréttablaðið 11. júní að Rannsóknarnefnd Alþingis „hafi komist að þeirri niðurstöðu að tólf manns hefðu gerst sekir um vanrækslu eða brot í starfi.“ Þetta er rangt. Rannsóknarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að 3 ráðherrar, 3 bankastjórar í Seðlabankanum og forstöðumaður Fjármálaeftirlitsins hefðu gerst sekir um vanrækslu,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Hún segir að fólk geti haft á því mismunandi skoðanir hver sé ástæðan fyrir hruni fjármálakerfisins og hvaða einstaklingar eigi þar helst hlut að máli. „En þegar þingmenn og ráðherrar fara með ákæruvald yfir einstaklingum duga ekki persónulegar skoðanir þeirra. Það verður að gera til þeirra þá kröfu að þeir kunni a.m.k. skil á niðurstöðum þeirrar rannsóknar sem á að liggja ákærum til grundvallar. Á því er greinilega mikill misbrestur,“ segir Ingibjörg.

Hún endar færslu sína á Facebook í gær á orðunum: „Var einhver að tala um pólitík í tengslum við „landsdómsmálið“? Skyldi það vera hugsanlegt að einhverjir þingmenn hafi látið stjórnast af hyggindum sem í hag gátu komið – pólitískt?“ **- jab**

# FYRIRTÆKI SEM TAKA VIÐ KORTAGREIÐSLUM ÞURFA AÐ SETJA UPP POSA SEM SNÝR AÐ VIÐSKIPTAVINUM

Um heim allan innleiða alþjóðlegu kortafyrirtækin kröfur um **öryggi í kortaviðskiptum,** til að sporna við fjársvikum skipulagðra glæpasamtaka. Nú er komið að íslenskum fyrirtækjum að uppfylla þessar kröfur.



**Korthafar** setja sjálfir kortið í posann og staðfesta viðskiptin með pinni í stað undirskriftar.

**Starfsfólk** þarf ekki lengur að bera saman undirskrift á korti og kvittun.




## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ SJÁLFSTÆÐA POSA?

Þjónustuaðilar örgjörvaposa eiga tilbúnar lausnir, hvort sem hentar betur að setja upp tvo samtengda posa eða einn posa sem snúa má í báðar áttir.



## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ AFGREIÐSLUKERFI?

Þjónustuaðilar afgreiðslukerfa eiga tilbúnar tengingar á milli kassa og örgjörvaposa.

**FARÐU Á WWW.PINNID.IS, FINNDU ÞJÓNUSTUAÐILA OG BYRJAÐU STRAX AÐ UNDIRBÚA FYRIRTÆKIÐ ÞITT FYRIR ÖRUGGARI KORTAVIÐSKIPTI.**

***_

PINNIÐ Á MINNIÐ

**Með verkefninu Pinnið á minnið er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi.** Íslensk fyrirtæki, korthafar, útgefendur greiðslukorta og færsluhirðar uppfylla þannig öryggiskröfur alþjóðlegu kortafyrirtækjanna sem innleiddar eru um allan heim. Greiðsluveitan ehf., dótturfyrirtæki Seðlabanka Íslands, sér um framkvæmd verkefnisins ásamt færsluhirðunum Borgun, Valitor og Teller (samstarfsaðila Kortaþjónustunnar). Verkefnið Pinnið á minnið er unnið með heimild Samkeppniseftirlitsins samanber ákvörðun 18/2010.

**www.pinnid.is**

## GENGIÐ 14.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,54 | 115,08 |
| Sterlingspund | 187,97 | 188,89 |
| Evra | 165,33 | 166,25 |
| Dönsk króna | 22,162 | 22,292 |
| Norsk króna | 21,163 | 21,287 |
| Sænsk króna | 18,158 | 18,264 |
| Japanskt jen | 1,4274 | 1,4358 |
| SDR | 183,59 | 184,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,0103

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rjúpnastofninn á Norðausturlandi helmingast á milli ára:

# Rjúpum fækkar um 26 prósent

**NÁTTÚRAN** Rjúpum fækkaði um nær allt land á milli áranna 2010 og 2011 og nemur meðalfækkun rjúpna á öllum talningarsvæðum um 26 prósentum. Mat á veiðiþoli stofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri, afföllum 2010 og 2011 og veiði 2010.

Fækkunin varð sérstaklega hröð á Norðausturlandi, þar sem stofninn helmingaðist á milli ára. Á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi virðist stofninn hafa verið í hámarki 2009 og talningar sýna kyrrstöðu á milli 2010 og 2011. Á sex af átta talningarsvæðum í friðlandinu á Suðvesturlandi var kyrrstaða eða aukning á milli ára.



**RJÚPUR** Rjúpum fækkar um nær allt land á milli áranna 2010 og 2011. Mat á veiðiþoli stofnsins mun liggja fyrir í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Rjúpur voru taldar á 43 svæðum í öllum landshlutum. Alls voru taldir 1.285 karrar, sem eru um 2% af áætluðum heildarfjölda karra í landinu samkvæmt nýlegu stofnstærðarmati. Talið var á um 3% af grónu landi neðan 400 metra hæðarlínu. Talningarnar voru unnar í samvinnu við allar náttúrustofur landsins, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Vatnajökulsþjóðgarð, Fuglavernd, Skotvís og áhugamenn. Um 65 manns tóku þátt í talningunni að þessu sinni. Náttúruleg lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar er um ellefu ár. Stofninn var í hámarki vorið 1998 og aftur tólf árum síðar, árið 2010. **- kóp**

Stöðvaður í Kaupmannahöfn:

# Með sprengiefni og skotvopn

**DANMÖRK** Lögreglan í Kaupmannahöfn fann eitt og hálft kíló af sprengiefnum ásamt skotvopnum og hluta af lögreglubúningum í bíl í gær. Í bílnum var allt sem þarf til að búa til öfluga sprengju, að sögn lögreglunnar.

Lögreglan reynir nú að komast að því hvað ökumaður bílsins ætlaðist fyrir. Maðurinn er 27 ára gamall og er frá Bröndby. Hann er á sakaskrá en ekki fyrir brot af þessu tagi. Hann hefur neitað að segja frá því hvers vegna efnin voru í bíl hans. **- þeb**

Taka höndum saman:

# Átak gegn svartri vinnu

**VINNUMARKAÐUR Alþýðusamband Íslands, Ríkisskattstjóri og Samtök atvinnulífsins kynntu í gær átak til eflingar góðra atvinnuhátta sem sérstaklega er beint gegn svartri atvinnustarfsemi. Kveðið var á um slíkt átak í nýgerðum kjarasamningum.**

**„Það er mat Ríkisskattstjóra að svört atvinnustarfsemi hafi færst hér í aukana á síðustu misserum og styðja SA og ASÍ það mat," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Átakið ber yfirskriftina: Leggur þú þitt af mörkum? Því er ætlað að hvetja atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sín á milli. Skúli segir að 12 til 14 einstaklingar muni fara út í nokkur hundruð lítil og meðalstór fyrirtæki á næstu þremur mánuðum og verði kröftunum beint að þeim atvinnugreinum þar sem líkur á svartri atvinnustarfsemi eru taldar mestar. - mþl**

Færri atvinnulausir:

# Atvinnuleysi 7,4 prósent í apríl

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi á Íslandi mældist 7,4 prósent í apríl og lækkaði um 0,7 prósent milli mánaða. Þá er atvinnuleysið 0,9 prósentum minna en á sama tíma í fyrra.

Algengt er að atvinnuástandið batni milli mars og apríl vegna árstíðabundinna þátta, að því er segir í Morgunkorni Íslandsbanka. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er 8,2 prósent en 6,1 prósent á landsbyggðinni. Mest er atvinnuleysið á Suðurnesjum eða 12,1 prósent en minnst á Norðurlandi vestra eða 3,2 prósent.

Atvinnuleysi meðal karla er 7,7 prósent en 7,1 prósent meðal kvenna. **- mþl**

# Segir Kaupþingsmenn hafa teiknað upp „Project Polo"

**Jón Ásgeir Jóhannesson segir fráleitt að Baugur hafi tapað á fléttunni sem skiptastjóri telur að hafi kostað félagið fimmtán milljarða. Viðskiptin hafi verið að frumkvæði Kaupþings til að forðast gjaldfellingu lána.**

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson segir að forsvarsmenn Kaupþings hafi teiknað upp viðskiptafléttuna sem fól í sér að Baugur keypti hlutabréf í sjálfum sér fyrir fimmtán milljarða af stjórnendum félagsins. Þetta kemur fram í greinargerð hans í skaðabótamáli sem skiptastjóri Baugs hefur höfðað vegna milljarðanna fimmtán.

Fléttan gekk undir nafninu Project Polo og var liður í stærri endurskipulagningu Baugs, sem kölluð var Project Fox.

„Frumkvæðið kom frá stjórnendum Kaupþings og var knúið af þáverandi forstjóra bankans, Hreiðari Má Sigurðssyni," segir í greinargerð Jóns Ásgeirs, sem er skrifuð af lögmanni hans, Gísla Guðna Hall.

Fléttan gekk út á að Kaupþing lánaði félaginu 1998 ehf. 30 milljarða til að kaupa Haga af Baugi á miklu yfirverði, að sögn Jóns Ásgeirs með því skilyrði að fimmtán milljarðar af söluverðmætinu yrðu nýttir til að kaupa bréf í Baugi af félögum stjórnarmannanna, sem aftur voru móðurfélög 1998 ehf. Hið háa kaupverð hafi byggst á því eðli samninganna.

Að því er segir í greinargerðinni fluttust með þessu móti fimmtán milljarða skuldbindingar af Baugi og á félög stjórnarmannanna. Þetta hafi verið nauðsynleg björgunaraðgerð til að Kaupþing myndi ekki gjaldfella lán á Baug.

Enn fremur hafi eingöngu verið um skuldatilfærslur að ræða en ekkert reiðufé hafi skipt um hendur. Með þeim rökstuðningi er fullyrt í greinargerð Jóns Ásgeirs að



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

skaðabótamálið sé ekki reist á neinum grunni. Baugur hafi engu fé tapað og eigendur félaganna ekkert grætt á viðskiptunum. Þvert á móti hafi Baugur hagnast og Jón Ásgeir og hans fólk borið af þeim tjón.

Í greinargerðinni segjast Jón Ásgeir og lögmaður hans ekki gera athugasemd við það að honum sé einum stefnt í málinu, þótt þeir telji að fyrir þeirri ákvörðun séu í raun engin rök, enda beri hann engu meiri ábyrgð á málinu en aðrir stjórnarmenn sem allir hafi samþykkt gerninginn. Enn fremur hafi ákvörðunin verið borin undir hluthafafund og samþykkt þar án mótmæla.

Skiptastjóri hefur þegar höfðað riftunarmál vegna sömu ráðstafana á hendur félögunum sem bréfin voru keypt af og krefst af þeim fimmtán milljarða. Þetta er gagnrýnt í greinargerð Jóns Ásgeirs og bent á að hafi einhver verðmæti runnið til félaganna sé skiptastjóranum í lófa lagið að sækja þau þangað með riftun. Hins vegar sé engum slíkum verðmætum til að dreifa.

Enn fremur er bent á í greinargerðinni að ef bæði málin næðu fram að ganga, og fimmtán milljarðar fengjust bæði frá félögunum fimm og úr skaðabótamálinu gegn Jóni Ásgeiri, stæði þrotabúið uppi með 30 milljarða þrátt fyrir að skiptastjórinn haldi því fram að tjónið hafi aðeins verið 15 milljarðar.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Hefur ekki nokkur tök á að greiða þrotabúi Baugs fimmtán milljarða, að því er segir í greinargerð hans. Skrifstofu fyrirtækisins á Túngötu var lokað í byrjun árs 2009.

Ef marka má greinargerðina kemur þó tæpast til þess, enda segir þar að Jón Ásgeir hafi „ekki nokkur tök á að greiða umkrafða fjárhæð" enda hafi eignir félaga í hans eigu nú brunnið upp. „Málssókn þessi er óvenjuleg og ómakleg," segir enn fremur, enda hafi Gaumur stutt við Baug alla tíð. Markmið Gaums og eiganda hans geti því ekki hafa verið að skaða Baug. **stigur@frettabladid.is**


HÓPKAUP.IS Í DAG

3 TAPAS AÐ EIGIN VALI OG LÉTTVINSGLAS

790 kr.

GILDIR Í 24 TÍMA

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| 1.980 kr. | 60% | 1.190 kr. |



Matmiklir tapasréttir í miklu úrvali.

www.esjabar.is

ESJA

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SVIPAÐ ÁFRAM**
Norðaustlægar áttir verða við lýði næstu dagana með þokkalega björtu og mildu veðri syðra en norðan til verður skýjað og svalara. Spáin fyrir 17. júní er fín fyrir Suður- og Vesturland, en einhver væta er í kortunum um landið norðanvert.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 19° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 27° |
| Orlando | 37° |
| Ósló | 19° |
| París | 22° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Ætlar þú að vinna Chevrolet Captiva 17. júní?

...eða einhvern af hinum 223 vinningunum?




Nýr Captiva 2011
Nýjar vélar - Minni eyðsla
Sjá benni.is

**Taktu þátt, kauptu miða, styrktu gott málefni og þú getur unnið glænýjan Chevrolet Captiva!**
Miðaverð 1.250 kr.
Dregið 17. júní - Hringt er í alla vinningshafa
Nánari upplýsingar á www.krabb.is og í síma 540 1900




www.benni.is

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Niðurstöður kirkjuþings um skýrslu rannsóknarnefndar

### Úr fyrri umræðum kirkjuþings í gær

*„Í vitnisburði of margra sem nefndin ræddi við var sagt: „Nei, nei, ég gerði ekki mistök,". Þetta er ekki gott veganesti í þá ferð sem við leggjum upp í í dag. [...] Hvernig geta þau sem urðu á mistök sem skoðuðu aðra, tekið á móti fyrirgefningu ef þau geta ekki sagt: „Já, mér varð á. Ég gerði mistök."*

***Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi***

*„Traustið á þjóðkirkjunni er rofið."*

***Hjalti Hugason, prófessor í kirkjusögu***

*„Margt ómaklegt orð hefur fallið, ósæmileg orðræða hefur á stundum tekið völdin eins og nú er raunar að verða ein helsta meinsemdin í íslenskri samfélagsumræðu. Ég vil hins vegar að það sé alveg ljóst við upphaf þessa kirkjuþings að ég ber fyllsta traust til Karls Sigurbjörnssonar."*

***Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings***

*„Mistökin eru víða mjög skýr."*

***Magnús E. Kristjánsson, varaforseti kirkjuþings***

### Breytingartillögur rannsóknarnefndar kirkjuþings

**Samþykkt var á kirkjuþingi í gær að fimm manna nefnd úr hópi kirkjuþingsfulltrúa undirbyggi frekari úrbætur á sviði viðbragða kirkjunnar við kynferðisbrotum. Nefndin skal hafa hliðsjón af þeim tillögum sem fram eru settar í skýrslu rannsóknarnefndar og leita sér sérfræðilegrar aðstoðar eftir því sem hægt er.**

- Verklagsreglur verði settar um það hvernig eigi að fylgja eftir stefnumótun kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota. Þar þurfi að setja reglur um fræðslu- og forvarnarstarf hjá kirkjunni.
- Kirkjuþing skal móta frekari reglur um bakgrunnsathugun umsækjenda en nú koma fram í siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks kirkjunnar sem samþykktar voru 2009.
- Nauðsynlegt sé að auka fræðslu um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti. Mikilvægt sé að slík vinna sé vel ígrunduð og skipulögð í samvinnu við aðila sem geti fylgt henni nánar eftir á ábyrgan hátt. Jafnframt sé æskilegt að setja sérstakar verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndaryfirvalda.
- Verklagsreglur verði mótaðar um samstarf biskups og kirkjuyfirvalda annars vegar og fagráðs um meðferð kynferðisbrota hins vegar. Reglurnar ættu að hafa það að markmiði að tryggja að ávallt sé tekið faglega á málum er varða kynferðisbrot og væru líkur þar með auknar á því að þolendur kynferðisbrota fái viðunandi málsmeðferð óháð því hver á í hlut.

### Fórnarlamb biskups segir kirkjuna hafa brugðist:

# Ekki hrædd lengur

Dagbjört Guðmundsdóttir, eitt fórnarlamba Ólafs Skúlasonar, var stödd á kirkjuþingi í gær. Hún er í alla staði ánægð með skýrsluna og telur hana afar vel unna. Dagbjört segir kirkjuna í heild hafa brugðist henni, Guðrúnu Ebbu og Sigrúnu Pálínu á sínum tíma, ekki einungis Karl Sigurbjörnsson biskup. Hún telur ekki nauðsynlegt að Karl víki úr embætti. Dagbjört krefur hins vegar kirkjuna sem heild um aðgerðir.

„Ef ekkert verður að gert á næstu dögum mun ég segja mig úr þjóðkirkjunni," segir hún. „Og það er trúin sem hefur komið mér í gegn um þetta allt."

Dagbjört nefnir sérstaklega orð Arnar Friðrikssonar í skýrslu rannsóknarnefndar, þar sem hann sakar konurnar um ósannindi og lofsamar Ólaf Skúlason. Dagbjört segir veru sína á kirkjuþingi hluta af því að komast yfir áföllin. „Ég er ekki hrædd lengur," segir hún.

# Þjóðkirkjan rúin trausti

**Karl Sigurbjörnsson biskup segir vantraust ríkja á þjóðkirkjunni sem stofnun. Hann telur ekki ástæðu til þess að segja af sér eftir rannsóknarskýrslu kirkjunnar. Karl viðurkennir að mistök hafi verið gerð.**



BISKUP Á KIRKJUÞINGI Í GÆR Karl Sigurbjörnsson sagði á kirkjuþingi í gær að erfitt hefði verið að sitja undir ágengum spurningum rannsóknarnefndarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karl Sigurbjörnsson biskup segir mistök hafa verið gerð af hálfu kirkjunnar í máli Ólafs Skúlasonar og vantraust ríki á þjóðkirkjunni sem stofnun. Karl telur ekki ástæðu til þess að segja sig úr embætti eftir það sem á undan er gengið.

„Ég hleyp ekki frá skyldum mínum," segir Karl. „Ég er skuldbundinn því að stýra þessu eitthvað áfram og sjá til þess að við getum unnið úr þessu máli þannig að það verði til sóma fyrir okkur og með fullri virðingu fyrir þeim sem á hefur verið brotið. Til þess að svona mál fari framvegis í betri farveg."

Í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings kemur þó fram að Karl mótmæli því að hafa gert mistök í máli tengdu Sigrúnu Pálínu, en hann tók að sér sálgæsluhlutverk hennar daginn áður en hann skrifaði undir stuðningsyfirlýsingu kirkjuráðs við Ólaf Skúlason biskup. Karl segir yfirlýsinguna ekki hafa verið til stuðnings Ólafi.

„Ég hef aldrei talið að yfirlýsing kirkjuráðs hafi verið stuðningsyfirlýsing við Ólaf, en ég viðurkenni það eftir á að hyggja að hún var óheppileg. En hann taldi hana heldur ekki vera stuðningsyfirlýsingu, eins og fram kemur í ævisögu hans. Hann varð okkur mjög reiður," segir Karl.

Á aukakirkjuþingi sem haldið var í gær vegna útgáfu rannsóknarskýrslunnar kom ítrekað fram hjá þingmönnum að þjóðkirkjan væri búin að missa traust. Karl er sammála því.

„Það er vantraust á þessari stofnun," segir Karl. „Það er sárt, en mjög skiljanlegt. Traust er tilfinningalegt og þjóðkirkjan, eins og aðrar stofnanir, hefur búið við vantraust eftir hrunið. Svo liggur nú vinna rannsóknarnefndarinnar fyrir og það er umræðan sem við stöndum frammi fyrir," segir Karl. „Það er liður í sjálfsskoðun kirkjunnar að horfast í augu við það sem hefur farið á annan veg en skyldi. Við viljum gera betur."

> Það er vantraust á þessari stofnun. Það er sárt, en mjög skiljanlegt.
>
> **KARL SIGURBJÖRNSSON**
> BISKUP ÍSLANDS

Karl segir að í hita leiksins viti maður oft ekki hvernig eigi að bregðast við málum eins og ber að gera. „Það er gott að vera vitur eftir á," segir hann. „Ég tel að við séum vitrari eftir þessa reynslu og höfum lært af því sem úrskeiðis fór. Það var ýmislegt sagt, gert og látið ósagt, sem hefði ekki átt að gera."

Í ræðu sinni á kirkjuþingi sagði Karl að það hafi ekki verið auðvelt að ganga í gegn um það ferli sem nú sé að baki.

„Að sitja andspænis rannsóknarnefnd undir ágengum spurningum um atburði fyrir næstum hálfum öðrum áratug," sagði hann. „Viðbrögð, framkoma, orð og aðgerðir eða aðgerðarleysi eru vegin og metin. Heilindi, heiðarleiki og trúverðugleiki dregin í efa."

Karl sagðist aldrei hafa haft ásetning um, eða reynt að þagga niður mál kvennanna þriggja.

„Hvað þá að skaða eða afvegaleiða einstaka konur eða valda þeim harmi. Ég tel það koma skýrt fram í rannsóknarskýrslunni. Við vorum vanbúin á þessum tíma og höfðum enga farvegi til þess að takast á við slík mál. Og mörg okkar einfaldlega ekki undir það búin að þurfa að horfast í augu við það að slíkir hlutir gætu gerst," sagði Karl. „Þess vegna var ekki nóg að gert."

Á haustþingi kirkjuþings verður líklega lagt til að kjörtími biskupa verði takmarkaður niður í tólf ár. Karl hefur nú gegnt embætti í þrettán ár.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is

### Kjörtími biskupa verði takmarkaður við tólf ár

**Eftirfarandi breytingartillögur verða lagðar fyrir haustþing kirkjuþings:**

- Staða leikmanna í kirkjunni verði styrkt með því að forseti kirkjuráðs og formenn héraðsnefnda verði kjörnir úr hópi leikmanna eins og raunin er nú með forseta kirkjuþings.
- Kirkjuþing fái fjárstjórnarvald í kirkjunni.
- Kjörtími biskupa verði takmarkaður við tvö sex ára tímabil, tólf ár að hámarki.
- Staða vígslubiskupa verði styrkt til muna. Þeir fái almennt tilsjónarhlutverk með kirkjulegu starfi í umdæmum sínum og gegni þannig sjálfstæðu hlutverki sem nokkurs konar stiftsprófastar en verði ekki einungis aðstoðarmenn biskups Íslands. Tilsjónarhlutverkinu verði um leið létt af prófóstum og þeir hætti að vera sérstakir trúnaðarmenn biskups.
- Biskupar og prestar þjóðkirkjunnar verði ekki lengur skilgreindir í lögum sem embættismenn ríkisins.

*Heimild: Kirkjuþing Íslands*



*Tvær nýjar ávöxtunarleiðir*

Eignastýringarsafn ÍV-I
Eignastýringarsafn ÍV-II

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

Hagkvæm eignastýring
Hátt vægi ríkistryggðra eigna
Staðgreiðsla á skatti einungis við innlausn

50% afsláttur af söluþóknun til 30. júní 2011

ÍSLENSK VERÐBRÉF
Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri I Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 I www.iv.is I iv@iv.is

Eignastýringarsafn ÍV-I og Eignastýringarsafn ÍV-II eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



„Að bankinn skilji mikilvægi þess að skapa gjaldeyristekjur.“



# Gjaldeyrisviðskiptakerfi

## – **Rafræn þjónusta** fyrir fyrirtæki

## Hvað **skiptir** þig máli?

Það **skiptir** máli fyrir ævintýrafyrirtæki eins og Arctic Adventures að geta millifært erlendar greiðslur án milligöngu á þægilegan, öruggan og hagkvæman hátt. Þess vegna bjóðum við hjá **Arion banka** upp á sérstakt gjaldeyrisviðskiptakerfi í netbankanum auk fjölda annarra lausna sem einfalda starfsemi fyrirtækja. Það **skiptir** máli.

Komdu í næsta útibú og ræddu við fyrirtækjaráðgjafa, hringdu í síma **444 7000** eða kynntu þér rafræna þjónustu fyrir fyrirtæki á **arionbanki.is**



„Að geta sent kvittanir á 14 tungumálum í gegnum gjaldeyrisviðskiptakerfi.“







„Að hafa góða **yfirsýn** yfir erlendar greiðslur í netbankanum.“

Torfi G Yngvason
Arctic Adventures

„Að fá tilkynningu í tölvupósti þegar erlendar greiðslur berast.“



„Að allar aðgerðir séu á rauntíma í gjaldeyrisviðskiptakerfi netbankans og að bókhaldið uppfærist samdægurs.“





Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 54893 05/11

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar á að vera hlýjast í veðri á næstu dögum?*
2. *Hvar á höfuðborgarsvæðinu á að opna nýjan English Pub?*
3. *Hvaða leikmaður Íslands fékk rautt spjald í fyrsta leiknum á EM U-21 í fótbolta?*

**SVÖR**

**1.** *Á suðvesturlandi* **2.** *Í Hafnarfirði* **3.** *Aron Einar Gunnarsson*

Ekki útlit fyrir aðalmeðferð fyrir landsdómi fyrr en á nýju ári:

# Landsdómur hafnar kröfu Geirs

**DÓMSMÁL** Landsdómur hafnaði fyrir síðustu helgi kröfu Geirs H. Haarde þess efnis að átta þingkjörnir fulltrúar í dómnum vikju sæti við meðferð máls Alþingis á hendur honum.

Geir krafðist þess að þeir vikju, enda mætti draga hæfi þeirra í efa þar sem Alþingi hefði ákveðið að framlengja skipunartíma þeirra eftir að málareksturinn hefði verið farinn af stað.

Dómurinn fellst ekki á þennan málatilbúnað. Dómararnir átta hefðu verið kjörnir í dóminn mörgum árum áður en ákveðið var að sækja Geir til saka og ekki þyrfti að efast um hæfi þeirra þótt tíminn hefði verið framlengdur.

Ekki verður frekari málarekstur fyrir landsdómi fyrr en í haust, þegar tekist verður á um frávísunarkröfu Geirs. Hann skilar greinargerð sinni í ágúst og í kjölfarið vinnur saksóknarinn greinargerð um kröfuna. Málflutningur um hana er áætlaður 5. september.

Búast má við að dómurinn taki sér nokkrar vikur í að úrskurða um frávísunarkröfuna. Verði henni hafnað fær Geir nokkrar vikur til að skila greinargerð um efnisatriði málsins, og verjandinn í kjölfarið tíma til að skila sinni greinargerð.

Ekki má því búast við að málflutningur í málinu sjálfu hefjist fyrr en á nýju ári, fari það á annað borð alla leið. **- sh**



**GEIR H. HAARDE** Landsdómur hafnar málatilbúnaði hans.

Hópslagsmál á Akranesi:

# Sparkað í lögreglumann

**LÖGREGLUMÁL Sparkað var í höfuð lögreglumanns sem reyndi að stöðva hópslagsmál á Akranesi um helgina.**

**Slagsmál brutust út fyrir utan veitingastaðinn Breiðina. Lögreglan greip inn í slagsmálin með aðstoð frá lögreglumönnum á frívakt. Þá var kallað eftir aðstoð lögreglunnar í Borgarnesi. Frá þessu er greint á vefnum Skessuhorn.is. Nokkrir voru handteknir og færðir í fangageymslu. Ekki er vitað til þess að nokkur hafi meiðst alvarlega.** **- þeb**






**BOÐA VERKFALL** Leikskólakennarar samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta að boða til verkfalls í ágúst. Þeir vilja sambærileg kjör og viðmiðunarstéttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Boða verkfall á leikskólum

**Leikskólakennarar samþykktu með miklum meirihluta að boða til verkfalls í ágúst. Vilja leiðréttingu á kjörum sínum í samræmi við viðmiðunarstéttir.**

**KJARAMÁL** Leikskólakennarar hafa samþykkt að boða til verkfalls hinn 22. ágúst ef ekki tekst að ljúka kjarasamningum við sveitarfélögin fyrir þann tíma. Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, segir að mikill samhugur sé í stéttinni, sem sjáist vel í eindreginni niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna.



**HARALDUR F. GÍSLASON**

84,7 prósent félagsmanna tóku þátt í kjörinu og 96 prósent þeirra greiddu atkvæði með verkfallsaðgerðum.

„Ég var búinn að finna mikinn kraft í leikskólakennurum undanfarið og þeir sætta sig ekki við sinn hlut lengur,“ segir Haraldur í samtali við Fréttablaðið og bætir því við að grunnkrafan sé að kjör leikskólakennara verði gerð sambærileg við aðrar stéttir sem þeir miði sig við.

„Við höfum verið að dragast aftur úr viðmiðunarstéttum frá árinu 2008 og erum nú á eftir þeim svo talsverðu munar. Við höfðum fengið viðurkennt að sömu laun ættu að gilda fyrir sömu menntun og þannig var það. Svo er hins vegar ekki lengur og við viljum leiðréttingu á okkar kjörum.“

Haraldur segir að byrjunarlaun leikskólakennara séu nú um 247 þúsund krónur á mánuði, fyrir skatt, sem sé fjarri því að vera boðlegt eftir fimm ára háskólanám til að ljúka mastersgráðu.

„Það bara gengur ekki. Við erum bara ekki samkeppnishæf á markaði.“

Spurður hvort mikið beri á milli aðila í kjaraviðræðunum segir hann að sveitarfélögin hafi hingað til aðeins viljað bjóða leikskólakennurum álíka hækkanir og fengust í nýgerðum samningum á almennum vinnumarkaði. „En það erum við ekki tilbúin að sætta okkur við,“ segir Haraldur en vill ekki gefa upp hverjar kröfur þeirra séu nákvæmlega.

Hann bætir því við að verði kjör leikskólakennara ekki leiðrétt muni það koma niður á sókn í námið.

„Sókn í staðnámið hefur verið í sögulegu lágmarki þar sem nú eru níu nemar, þó að enn sé ágæt sókn í fjarnámið. En ef fram fer sem horfir á staðan aðeins eftir að versna.“

Þó að enn sé drjúgur tími þar til boðað verkfall hefst segist Haraldur vonast til þess að samningar takist fljótlega.

„Ég ætla bara að vona að viðsemjendur okkar ætli ekki að reyna að tefja málið. Það væri verulega hallærislegt að reyna þann leik og við sættum okkur ekki við slíkt.“

thorgils@frettabladid.is



TILBOÐ



vr. 909 50831
Kælibox, 25 ltr.
12v/230V, ca. 48W

Verð áður: 24.900 kr.
**19.900 kr.**

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9

# BYRJAÐU FERÐINA Á GÓÐU VERÐI



vr. 076 900653
Ferðagasgrill
Porta chef Pro
**29.900 kr.**

TILBOÐ



vr. 820 729381
Reiðhjólafesting.
Fest á 50mm kúlu
Verð áður: 10.998 kr.
**9.900 kr.**



vr. 580 811053057
Neyslug.105ah
347x173x234 H+/V+
**34.900 kr.**



vr. 909 47051
Ruslafata 70x110cm
m/sóp/ruslaskóflu/
ruslapoka
**4.939 kr.**



vr. 909 82100
Framlengingar-
speglasett
**12.900 kr.**



vr. 909 77560
Vatnsbrúsi
m/krana, 12 ltr.,
upphengjanlegur
**2.490 kr.**



vr. 909 79841
Nefhjól,gegnheilt
gúmmí/200x50mm,
ber 150kg
**5.900 kr.**



vr. 410 D201C1
Kerrutengi 50mm
f/læsingu
**8.950 kr.**



vr. 909 22923
Borð, samanbrjótanlegt,
60x80x70/65/60,
stillanleg hæð
**11.900 kr.**



vr. 909 79610
Nefhjólsfesting,
ber 200kg
**1.890 kr.**



vr. 909 78360
Þjófavörn fyrir
tengivagn, læsing
á kúlulás
**4.980 kr.**




vr. 909 76490
Pappír í ferða WC 4rúllur
**890 kr.**

vr. 909 75930
Aqua Kem Blue 2ltr.
**3.490 kr.**

vr. 909 76015
Lyktarefni og hreinsir 15stk/dós
**3.490 kr.**

**N1 VERSLANIR:** REYKJAVÍK BÍLDSHÖFÐA 9, KÓPAVOGI, HAFNARFIRÐI, AKUREYRI, AKRANESI, ÓLAFSVÍK, ÍSAFIRÐI, EGILSSTÖÐUM, VESTMANNAEYJUM, GRINDAVÍK, KEFLAVÍK, SELFOSSI, REYÐARFIRÐI OG HÖFN

WWW.N1.IS

N1 Meira í leiðinni

# 27 ný lög á 5 starfsdögum

**Fjöldi laga var samþykktur á síðustu starfsdögum þings fyrir sumarfrí. Ber þar hæst minna kvótafrumvarpið, bandorm um ríkisfjármál og lög um þingsköp. Eftirlitshlutverk gegn framkvæmdarvaldi aukið.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig var starfi háttað á nýafstöðnu þingi?

Alþingismenn slógu ekki slöku við á síðustu dögum þings frekar en venjulega. Frá 7. til 11. júní komu fram 27 þingmál sem urðu að nýjum lögum. Þar kennir ýmissa grasa, bæði stór mál og smærri fengu þinglega meðferð og eru nú þjóðinni lög. Nokkuð vel af sér vikið ef haft er í huga að á yfirstandandi þingi voru samþykkt 104 lög og var fyrsta þingskjalið lagt fram 7. október 2010.



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR**

Meðal þeirra mála sem urðu að lögum á síðustu metrunum má nefna kvótafrumvarpið hið minna. Það kveður á um aukinn kvóta til strandveiða, færslu veiðiheimilda í pott og hækkun veiðileyfisgjalds. Breytingarnar urðu þó ekki eins róttækar og ríkisstjórnin hafði stefnt að. Þegar til þess er litið að stóra frumvarpið um fiskveiðistjórnun var sett í nefnd fram á haustið má segja að ríkisstjórnin hafi verið gerð afturreka með róttækar breytingartillögur og þurft að sættast á málamiðlun.

**Merkilegar breytingar**

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segir mikil tímamót hafa orðið á starfsháttum Alþingis þegar lög um breytingar á þingsköpum voru samþykkt. Þau muni hafa mikil áhrif á þingstörfin til hins betra. „Lögin styrkja eftirlitshlutverk Alþingis og bæta alla lagasetningu,“ segir Ásta Ragnheiður.

Samkvæmt lögunum fækkar nefndum þingsins umtalsvert og skilyrt er að enginn þingmaður eigi sæti í fleiri en tveimur fastanefndum. Ásta Ragnheiður segir að lögin muni auka eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu og styrkja minnihluta á þingi.

Full samstaða var um breytingarnar og er Ásta Ragnheiður sérstaklega ánægð með það, enda sé mjög mikilvægt að sátt sé um breytingar á þingsköpum. Unnið hefur verið að þeim undanfarin tvö ár.

Af öðrum lögum nefnir Ásta sérstaklega lög um rannsóknarnefndir, en slíka lagasetningu hafi algjörlega vantað hér á landinu.

**Mörg þingmannafrumvörp**

Ásta Ragnheiður segir að hún hafi unnið að því frá því að hún varð þingforseti að bæta starfshætti þingsins. Hún hafi verið mjög iðin við að reka á eftir framkvæmdarvaldinu og hvetja ráðherra til að koma fyrr með mál inn á Alþingi.

„Ég vonast til að það verði minna um að mál komi seint fram. Inn í þingsköpin sé verið að setja ákvæði sem geri ráðherrum það erfiðara fyrir, mál þurfi að liggja frammi í að minnsta kosti fimm daga áður en þau verða tekin fyrir og aukinn meirihluta þurfi til að það sé gerlegt.

„Það hefur viljað brenna við að mál hafa komið of seint inn og gagnrýni á það er réttmæt. Ég hef hvatt ráðherra til að koma fyrr inn með málin, enda eru þau oft tilbúin og hafa kannski ekki fengist afgreidd á síðasta þingi.“

Ásta segir það eiga við um þó nokkur mál núna sem geti farið á dagskrá strax í september, en þing kemur saman að nýju 2. september. „Á þriðja tug stjórnarfrumvarpa eru nánast tilbúin, allavega komin úr nefnd og ættu að geta farið strax á dagskrá. Síðan eru mál í nefndum sem þarf að leggjast yfir,“ segir Ásta, en nefndirnar hefja vinnu sína strax í ágúst.

Óvenju mörg þingmannafrumvörp urðu að lögum núna, eða 25. Það er mikil breyting frá því sem var fyrir nokkrum árum þegar aðeins eitt eða tvö frumvörp þingmanna urðu að lögum. Þá voru 43 þingmannatillögur samþykktar, sem er einnig óvenju mikill fjöldi.



**ALÞINGI** Alþingismenn afgreiddu fjölda mála á nýafstöðnu þingi. Ný lög um þingsköp eiga að bæta starfshætti þingsins og auka eftirlitshlutverk þess gagnvart framkvæmdarvaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tölfræði

- 104 frumvörp urðu að lögum
- 25 þeirra voru þingmannafrumvörp
- 346 skriflegar fyrirspurnir
- 41 á enn eftir að svara
- 112 munnlegar fyrirspurnir
- 43 tillögur til þingsályktunar samþykktar

## Víðfeðmur bandormur um ríkisfjármál

Meðal þeirra frumvarpa sem urðu að lögum á síðasta starfsdegi þingsins má nefna bandorm um ríkisfjármál. Frumvarpið var eitt þeirra sem komu fram eftir að framlagningarfrestur rann út, en það skýrist fyrst og fremst af því að í því er að finna aðgerðir sem samið var um í kjarasamningum.

Í frumvarpinu er að finna breytingar á lögum um tekjuskatt, persónuafslátt, starfshætti Ríkisskattstjóra, virðisaukaskatt, gjald á áfengi og tóbaki, sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, skyldutryggingu lífeyrisréttinda og stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



**FEÐGAR VERJAST ÖSKU** Maður ber son sinn á öxlunum í gegnum öskumistur í bænum Villa La Angostura í suðurhluta Argentínu í gær. Askan kemur úr eldfjallinu Puyehue-Cordon Caulle í Síle, sem gaus fyrir tæpum hálfum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HERJÓLFUR** Bilun í skipinu varð til þess að áætlun raskaðist í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Aukaferðum var bætt við:

## Seinkun á ferðum Herjólfs

**SAMGÖNGUMÁL** Ferðum Herjólfs seinkaði í gærmorgun vegna bilunar.

Herjólfur bilaði á mánudag og þurfti að fella niður ferðir skipsins. Unnið var að viðgerðum aðfaranótt þriðjudags og fyrsta ferð var farin klukkan 11 í gærmorgun. Bæta þurfti við tveimur ferðum í gær til að koma skipinu aftur á áætlun. Eimskip baðst í gær velvirðingar á töfum. - þeb

**REYKJANES**

### Skólar sameinaðir í Garði

Bæjarstjórn Garðs samþykkti á síðasta fundi sínum að sameina grunnskóla og tónlistarskóla bæjarins. Skólarnir verða í sama húsnæði og verður einn skólastjóri ráðinn.



**KAUPHÖLLIN ÞVEGIN** Samsetning Úrvalsvísitölunnar er endurskoðuð tvisvar á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Engar breytingar á vísitölunni:

## Þrjú færeysk félög á aðallista

**VIÐSKIPTI** Engar breytingar verða á samsetningu OMX Iceland 6-hlutabréfavísitölunnar, sem tekur gildi um mánaðamótin. Í vísitölunni eru sex skráð fyrirtæki sem mest er verslað með á hlutabréfamarkaði.

Samsetning vísitölunnar er endurskoðuð á sex mánaða fresti og tekur ný samsetning almennt gildi um áramót og 1. júlí ár hvert. Í Úrvalsvísitölunni verða sem fyrr færeysku fyrirtækin Atlantic Petroleum, Atlantic Airways og Bank Nordik (áður Føroyabanki). Íslensku félögin eru Icelandair Group, Marel og Össur. - jab

**REYKJANES**

### Vélarvana við Garðskaga

Björgunarsveitin Suðurnes kom tveimur mönnum í vélarvana báti til hjálpar undan ströndum Garðskaga í hádeginu í gær. Mennirnir voru við sjóstangveiðar á litlum báti sem gekk fyrir utanborðsmótor.




# Tilbreyting í júlí fyrir eldri borgara

Sinnum er þjónustufyrirtæki í aðhlynningu sem býður líflega og skemmtilega dagskrá fyrir alla sem vilja brjóta upp daginn í góðum félagsskap og notalegu umhverfi. Við köllum það „Tilbreytingu í júlí“, sem er fjölbreytileg samvera í fjórar klukkustundir á dag, virka daga í Ármúla 9. Dagskráin er undir stjórn Rósbjargar S. Þórðardóttur, tómstundafræðings.

DAGSKRÁ TILBREYTINGAR:

- **Afþreying;** handavinna, félagsvist, hreyfing, söngur og gleði – allt eftir áhugasviði hvers og eins
- **Skemmtun;** tónlist og upplestur (tónlistarmenn og rithöfundar koma í heimsókn)
- Hádegisverður og síðdegiskaffi
- Mánudagur – fimmtudagur kl.11:30 – 15:30
- 2.900 kr. á dag – allt innifalið



Raggi Bjarna
Sigurður Guðmundsson
Þórarinn Eldjárn
Kristín Marja Baldursdóttir
Ragnar Jónasson o.fl.

Nánari upplýsingar eru veittar á www.sinnum.is eða í síma 770 2221. Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig sem fyrst með því að senda tölvupóst á **sinnum@sinnum.is** eða hringja í síma **770 2221**.
Sinnum sérhæfir sig í alhliða heimaþjónustu, heimahjúkrun og hvíldardvöl fyrir eldri borgara, sjúka og einstaklinga með fatlanir. Auk þess rekur Sinnum sjúkrahótelið í Ármúla 9. Gengið er inn um anddyri Park Inn Hotel.

sinnum

Blómagöngur á sunnudag:

## Dagur hinna villtu blóma

**NÁTTÚRA** Dagur hinna villtu blóma verður haldinn hátíðlegur á sunnudag á fjórtán stöðum vítt og breitt um landið.

Áhugasömum gefst færi á þátttöku í tveggja tíma gönguferð með leiðsögn um plönturnar sem vaxa allt í kringum okkur. Á höfuðborgarsvæðinu verða tvær göngur; önnur um Laugarás og hin við Geldinganes. Þá verður gengið um Krossanesborgir við Akureyri og á ellefu öðrum stöðum úti á landi. Nánari upplýsingar eru á www.floraislands.is. - mþl

Sjö repúblikanar herja á Barack Obama í fyrstu stóru kosningakappræðunum:

# Mitt Romney þótti standa sig einna best

**BANDARÍKIN, AP** Sjö repúblikanar, sem allir sækjast eftir að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins gegn Barack Obama á næsta ári, beindu spjótum sínum að sameiginlegum óvini sínum í fyrstu sjónvarpsumræðum kosningabaráttunnar á mánudagskvöld.

Hver á fætur öðrum gagnrýndu þeir Obama harðlega, einkum fyrir það hvernig hann hefur tekið á efnahagsmálum, en létu að mestu eiga sig að gagnrýna hver annan.

Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, þótti standa sig einna best og kom það fréttaskýrendum á óvart, en skýringuna töldu þeir liggja í því hve mjúkum höndum repúblikanarnir fóru hver um annan.

Flestir hafa repúblikanarnir sjö áður sóst eftir að verða forsetaefni flokksins, en nýliðarnir voru þingkonan Michele Bachmann og kaupsýslumaðurinn Herman Cain. Bachmann þótti koma sterk inn og uppskar fögnuð í salnum þegar hún spáði því að Obama muni ekki takast að sitja lengur en eitt kjörtímabil. Fyrstu forkosningar flokkanna fyrir kosningarnar á næsta ári verða í desember. - gb



**REPÚBLIKANARNIR SJÖ** Rick Santorum, Michele Bachmann, Newt Gingrich, Mitt Romney, Ron Paul, Tim Pawlenty og Herman Cain á sviðinu í New Hampshire. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FJALLSTINDUR TIL SÖLU** Rosskopf verður líklega boðinn til sölu aftur innan skamms. NORDICPHOTOS/AFP

Mótmælaflóð í Austurríki:

## Sölu fjallstinda var frestað í bili

**AUSTURRÍKI, AP** Austurrísk stjórnvöld tóku snarlega tvo tinda í Alpafjöllunum úr sölu í gær, í bili að minnsta kosti. Ástæðan er flóð mótmæla,sem stjórnvöld fengu yfir sig þegar fréttist af þessum áformum.

Kaupendurnir hefðu reyndar þurft að sætta sig við strangar hömlur á hvers kyns framkvæmdum á tindunum, sem heita Rosskopf og Grosse Kinigat.

Búist er við að tindarnir verði fljótlega boðnir til sölu á ný, en þá ekki hverjum sem er heldur verði einungis austurrískum ríkisborgurum leyft að kaupa. - gb

Samtök ferðaþjónustunnar:

## Vildu tekjurnar í sama sjóðinn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar eru ósátt við útdeilingu á nýjum gistináttaskatti. Lög um skattinn voru samþykkt á Alþingi í síðustu viku og munu taka gildi um áramótin.

Lögin fela í sér að gististaðir greiði 100 krónur af hverri gistináttaeiningu í skatt. Tekjum af þessu verður skipt þannig að 60 prósent fara til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en 40 prósent til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Samtökin vildu að allar tekjurnar rynnu í sama sjóðinn.

Þá segja samtök ferðaþjónustunnar að gististaðir séu ekki í stakk búnir að greiða nýjan skatt. - þeb

Slasaðist ekki mikið:

## Keyrt á sjö ára stelpu í Keflavík

**LÖGREGLUMÁL** Sjö ára stúlka slasaðist lítillega þegar ekið var á hana við Hringbraut í Keflavík um miðjan dag í gær.

Stúlkan var að hjóla með vinkonu sinni þegar slysið varð. Þær hjóluðu á gangstétt en bíl var ekið út úr innkeyrslu og lenti stúlkan á horni bílsins. Við það féll hún í götuna. Hátt grindverk er við innkeyrsluna, sem olli því að ökumaðurinn sá ekki stúlkurnar.

Lögreglumenn urðu vitni að slysinu og kölluðu móður stúlkunnar til. Stúlkan var færð undir læknishendur en var ekki mikið slösuð. - þeb


Terra
nýr valkostur fyrir veröndina




**Terra** er nýtt og fallegt verandarefni úr slípuðum hellum sem fæst í hvítu, gráu og svörtu.

**Terra** er hagkvæm og endingargóð lausn á veröndina, laus við umstang og viðhald sem fylgir hefðbundnum pallaefnum. Ekki eyða sumarfríinu í viðhald.

Komdu á sýningarsvæði okkar í Fornalundi og skoðaðu Terra-hellurnar eða hafðu samband við söludeildir okkar.

PIPAR\TBWA · SÍA · 111699





Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.
Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is
Opið mánud.-föstud. 8-17

BM·VALLÁ

bmvalla.is




**Það er auðvelt að losna við FIT-kostnaðinn****

Það geta allir lent í því að fara yfir á reikningum. Íslandsbanki hefur því ákveðið að **fella niður FIT**-kostnaðinn ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú fórst yfir.

Og til að þú missir ekki af þessu tækifæri þá getur þú skráð símanúmerið þitt í Netbankanum og við sendum þér SMS um leið og þú ferð yfir á reikningnum.

**Skráðu þig í FIT viðvörun í Netbankanum.**
Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is.

**Þú getur fengið ýmsar gagnlegar upplýsingar sendar í símann**

Viðvörun ef staðan fer niður fyrir ákveðna upphæð • Staða reikninga • Tilkynning þegar greitt er inn á reikninginn • Gengi gjaldmiðla ... og fleira í Netbanka einstaklinga

* ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú fórst yfir. Gildir fyrir einstaklinga.
**Kostnaður af innistæðulausum tékkum – sjá verðskrá Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Karlmaður á fertugsaldri ákærður fyrir fjölda brota:

# Tekinn með kókaín

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður af lögreglustjóranum á Suðurnesjum fyrir fíkniefnabrot, vímuakstur og fleiri brot.

Í ákæru er manninum gefið að sök að hafa haft í vörslu sinni til sölu og dreifingar rúmlega 42 grömm af kókaíni sem fundust á honum við líkamsleit á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Stærstum hluta kókaínsins hafði maðurinn komið fyrir í plastpoka sem hann geymdi milli rasskinna sinna. Smáræði geymdi hann svo í buxnavasa sínum. Að auki reyndist hann hafa í fórum sínum 2,39 grömm af e-töfludufti sem lögregla fann í herbergi sem maðurinn hafði leigt sér á Grand Hóteli. Hann var tekinn með efnin í júní 2009.

Auk þessa var maðurinn tekinn sjö sinnum fyrir umferðarlagabrot. Ýmist ók hann allt of hratt eða hann var undir áhrifum eiturlyfja við stýrið. Að auki var hann þrisvar sinnum án ökuréttinda.

Ákæruvaldið krefst þess að hann verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

- jss



**FÖGNUÐUR Á MÁNUDAG** Ítalir felldu meðal annars friðhelgislögin sem Berlusconi hafði fengið samþykkt á þingi til að koma sér undan réttarhöldum. NORDICPHOTOS/AFP

# Ítalir hafa fengið nóg af Berlusconi

**Afgerandi ósigur Silvio Berlusconi í þjóðaratkvæðagreiðslu um helgina er nefndur Ítalska vorið. Berlusconi hefur lengi tekist að halda í vinsældir sínar en síðustu mánuði hefur hratt fjarað undan honum.**

**ÍTALÍA, AP** „Það er eitthvað að gerast á Ítalíu. Ég sé það á því hvernig ítalska þjóðin hagar sér,“ segir Giacomo Gemelli, sem hefur það að atvinnu að fara með ferðamenn í stuttar ferðir á hestvögnum um miðborg Rómar. „Ég verð því miður að segja að nú er kannski kominn tími til þess fyrir Berlusconi að fara heim.“

Silvio Berlusconi hefur verið forsætisráðherra Ítalíu lengur en nokkur annar, samtals í nærri tíu af síðustu sautján árum. Hann hefur haldið fast um stjórnartaumana og tekist að halda vinsældum þrátt fyrir regluleg hneykslismál.

Nú virðist þó komið að skuldadögum. Á sunnudag og mánudag var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu á Ítalíu þar sem nokkur helstu baráttumál Berlusconis voru kolfelld, þar á meðal lög sem hann hafði fengið þingið til að samþykkja og gáfu honum friðhelgi gagnvart dómsmálum meðan hann er í embætti.

Kosningaþátttakan var um 57 prósent, en 50 prósent þátttöku þurfti til þess að niðurstaðan yrði tekin gild. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1995 sem næg þátttaka fæst í þjóðaratkvæðagreiðslu á Ítalíu.

Öll baráttumál Berlusconis voru felld með um það bil 95 prósentum greiddra atkvæða. Tvö lög um einkavæðingu vatnsréttinda voru felld og sömuleiðis voru felld lög um að hefja vinnslu kjarnorku á ný á Ítalíu, en henni var hætt í kjölfar Tsjernóbyl-slyssins árið 1986 vegna þess hve jarðskjálftar eru algengir á Ítalíu.

Þessi niðurstaða fékkst þrátt fyrir að ítalska stjórnin hafi með öllum ráðum reynt að tefja fyrir og draga úr gildi þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

„Þetta er vorið okkar,“ sagði Ugo Mattei, lögfræðingur og einn helsti talsmaður vinstrimanna gegn lögunum um einkavæðingu vatnsréttinda.

Stjórnlagadómstóll Ítalíu hafði að hluta dæmt lögin, sem áttu að koma í veg fyrir að forsætisráðherrann þyrfti að standa í dómsmálum, en þjóðin kaus að hafna þessu lögum alveg.

Berlusconi kemst því ekki lengur hjá því að svara til saka í fleiri málum, fyrir utan þau þrjú sem hann á í vegna kynferðisbrots og skattsvika.

Á síðustu mánuðum hefur hratt fjarað undan vinsældum Berlusconis meðal Ítala, eftir að sögur um framhjáhald og kynferðisbrot komust í hámæli.

gudsteinn@frettabladid.is

Nikon

At the heart of the image




# I AM POPULAR

## Með COOLPIX S3100 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 14 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 5x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 7 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

***Verð 29.995.-***

## KAUPAUKI!

Innifalið í kaupum á S3100 myndavél fylgir taska og 4GB minniskort að verðmæti kr 8.000kr.

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

# Bomba í Smáralind!

## Frábær tilboð í verslun Vodafone á morgun

Við opnum nýja og endurbætta Vodafone verslun í Smáralind á morgun kl. 11, á sama stað og áður. Komdu og nýttu þér hreint ótrúleg opnunartilboð, sem gilda aðeins þennan eina dag. Við bjóðum m.a. iPhone 4 á einstöku verði, 20% afslátt af öllum aukahlutum og fjölmörg símtæki á frábærum kjörum.

Allir þeir sem kaupa símtæki á opnunardeginum geta skráð sig í lukkupott og eiga möguleika á því að fá tækið endurgreitt. Fjöldi spennandi aukavinninga í boði.

**Líttu við hjá Vodafone í Smáralind á morgun og vertu í góðu sambandi í allt sumar.**

Athugið: Tilboð gilda aðeins á morgun, fimmtudag og á meðan birgðir endast.
Aðeins eitt símtæki á hvern viðskiptavin.

**vodafone.is**




**44% afsláttur**

**Vodafone MiFi**
gerir allt að fimm tölvum kleift að nota eitt 3G samband með þráðlausu neti.

Þráðlaust 3G net

**9.990 kr.**

**Almennt verð: 17.990 kr.**




**Þú gætir fengið símtækið endurgreitt!**




**60% afsláttur**

Vodafone 246

**1.990 kr.**

**Almennt verð: 4.990 kr.**




**33% afsláttur**

Nokia C3-00

**19.990 kr.**

**Almennt verð: 29.990 kr.**




**43% afsláttur**

LG GT 540

**19.990 kr.**

**Almennt verð: 34.990 kr.**

35%
afsláttur

20
stk. í boði




iPhone 4 16 GB

**89.990 kr.**

**Almennt verð: 139.990 kr.**

25%
afsláttur




Nokia C5-03

**29.990 kr.**

**Almennt verð: 39.990 kr.**

30%
afsláttur




HTC Wildfire S

**44.990 kr.**

**Almennt verð: 64.990 kr.**

22%
afsláttur




Nokia N8

**69.990 kr.**

**Almennt verð: 89.990 kr.**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er næsta kynslóð jafnvel skárri en foreldrarnir?

## Góðar fréttir af unglingunum

Áhyggjur af því að siðgæði næstu kynslóðar fari hrakandi eru líklega jafngamlar siðmenningunni. Þeim eldri finnst oft innprentun góðra siða, gilda og aga hafa tekizt illa hjá þeim yngri. Samt skrimtir mannkynið og má jafnvel halda því fram að margt hafi skánað í aldanna rás.

Fréttir af börnum og unglingum snúast oft um einhver vandamál, ógnir og hættur sem að þeim steðja. Fjölmiðlar eru yfirfullir af fréttum um kynferðisbrot gegn börnum, áfengisdrykkju og fíkniefnaneyzlu ungmenna, námsörðugleika, brottfall úr skólum, geðraskanir, offitu- og átröskunarvanda, ólæti og afbrot.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þess vegna er líka full ástæða til að taka eftir góðu fréttunum. Í Fréttablaðinu í gær voru tvær mjög góðar fréttir af unglingum á framhaldsskólaaldri.

Önnur var af niðurstöðum evrópsku vímuefnarannsóknarinnar ESPAD. Samkvæmt þeim hefur áfengisneyzla ungmenna snarminnkað undanfarin sextán ár. Í fyrra sögðust 24 prósent 15 til 16 ára unglinga hafa orðið drukkin mánuðinn áður en spurt var, en árið 1994 sögðust 64% hafa fundið á sér nýlega. Þá kom fram að aðgangur unglinga að áfengi hefði minnkað mjög á þessu árabili.

Hin fréttin var af nýrri skýrslu rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsókna og greiningar við Háskólann í Reykjavík, sem sömuleiðis byggist á ýtarlegri könnun meðal unglinga og samanburði við eldri kannanir. Hann leiðir meðal annars í ljós að áfengisneyzla hefur minnkað um tíu prósent á fjórum árum og reykingar um þriðjung hjá 16 og 17 ára framhaldsskólanemum. Þá hreyfa unglingarnir sig meira en áður og verja meiri tíma með foreldrum sínum.

Nákvæm gögn vantar um ástandið á foreldrum þessara barna þegar þeir voru á sama aldri en ýmislegt bendir til að ungmennin taki foreldrum sínum jafnvel fram í hollu líferni og bindindissemi.

Það er auðvitað ekki bara þeim sjálfum að þakka; þrotlaust forvarnastarf þeirra sem eldri eru virðist hafa borið nokkurn árangur. Og börn eyddu varla meiri tíma með foreldrum sínum nema af því að foreldrarnir gefa sér þann tíma í samveruna.

Í könnun Rannsókna og greiningar er ýmislegt sem telja má neikvætt; til dæmis kemur fram að lestur 16 og 17 ára krakka á bæði bókum og blöðum hefur minnkað talsvert á fjórum árum. Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri rannsóknamiðstöðvarinnar, segir við Fréttablaðið að það kunni að endurspegla að lestur unglinga hafi færzt yfir á netsíður og ný raftæki á borð við iPad. Það er áreiðanlega rétt hjá Jóni. Þessi kynslóð er líkleg til að lesa meira á tölvuskjá en á pappír og það þarf alls ekki að vera slæmt, ef innihaldið er uppbyggilegt. En kannanir sem mæla hagi ungmenna þurfa auðvitað líka að taka mið af slíkum breytingum í samfélagsháttum.

Svo mikið er víst að þeir sem eru nú í framhaldsskóla kunna betur á tölvur og ýmis tól en foreldrar þeirra flestra geta látið sig dreyma um að gera. Þeir eru með opnari huga og víðari sjóndeildarhring og eiga fleiri tækifæri. Sennilega þarf ekki að hafa of miklar áhyggjur af þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Grænu áherslurnar

Yngsti stjórnmálaflokkurinn, Hægri græn, heldur upp á eins árs afmæli 17. júní. Líkt og við slík tilefni er öllu til tjaldað og hefur einn forsvarsmanna flokksins, Guðmundur Franklín Jónsson, reifað helstu stefnumál flokksins. Þar má nefna lækkun eldsneytisskatta og að strax verði hafnar stórframkvæmdir í Helguvík, á Grundartanga og Bakka við Húsavík. Skattalækkanir eru þekkt stefnumál hægrimanna, en það verður að viðurkennast að stórframkvæmdirnar ríma heldur illa við það sem hingað til hefur verið kennt við grænar áherslur.



### Útburðurinn

Ungir sjálfstæðismenn hyggjast verðlauna einn af spámönnum sínum og veita frelsisverðlaun kennd við Kjartan Gunnarsson. Það er allt gott og blessað, en óneitanlega vekur athygli að í tilkynningu frá þeim segir að Kjartan hafi verið ötull við að „bera út hugmyndir frjálshyggjunnar". Hefðu það ekki átt að vera vinstrimenn sem fögnuðu því að frjálshyggjan væri borin út?



### Hvaða ókláruðu verk?

Trúarleiðtoginn Karl Sigurbjörnsson er umdeildur maður þessa dagana. Þjáðar konur leituðu til Karls í von um sálgæslu eftir að hafa sakað trúarleiðtoga Karls á þeim tíma, Ólaf Skúlason, um kynferðislega áreitni. Ljóst er að Karl gerði mistök og erfitt er að skilja það öðruvísi en að hagsmunir trúarsöfnuðarins hafi verið settir ofar hagsmunum kvennanna. Karl talar sjálfur um vantraust á kirkjuna, en tekur jafnframt fram að hann hlaupi ekki frá ókláruðu verki. Sá grunur kann að læðast að mönnum að það verk snúi að æru Karls sjálfs en ekki söfnuðar hans.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



## Ekki frestun greiðslna nýrra umsókna

Greiðsluaðlögun



Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara

Tímabundið ákvæði í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, þess efnis að frestun greiðslna hefjist við móttöku umsóknar, fellur niður hinn 1. júlí næstkomandi. Ljóst er að Alþingi mun ekki framlengja gildistíma þessa ákvæðis og mun það því skipta töluverðu máli fyrir skuldara hvort þeir sækja um greiðsluaðlögun fyrir eða eftir næstu mánaðamót. Breyting þessi hefur engin áhrif á þær umsóknir um greiðsluaðlögun sem berast fyrir 1. júlí.

Það að fá greiðslufrestun þýðir að ekki má krefja skuldara eða ábyrgðarmenn um gjaldfallnar kröfur eða greiðslur af lánum, ekki má gjaldfella skuldir, gera fjárnám, framkvæma kyrrsetningu eða fá eigur seldar nauðungarsölu. Kröfuhafar mega ekki taka við greiðslum þegar greiðslufrestun er í gildi.

> Kröfuhafar mega ekki taka við greiðslum þegar greiðslufrestun er í gildi.

Þeir sem sækja um eftir 1. júlí fá hins vegar ekki greiðslufrestun fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt. Miklu getur því skipt hvenær sótt er um greiðsluaðlögun og því mikilvægt fyrir þá sem telja sig þurfa greiðslufrestun strax og telja sig uppfylla skilyrði greiðsluaðlögunar að sækja um greiðsluaðlögun fyrir 1. júlí.

Fjölmargar fjölskyldur eru í sárum vegna þess að þær ráða ekki við greiðslubyrði skulda sinna. Mikilvægt er að fólk leiti sér aðstoðar sem fyrst þegar í þennan vanda er komið, meðal annars með því að leita til umboðsmanns skuldara. Hægt er að leita til embættisins með því að koma í Kringluna 1 alla daga frá kl. 9-15. Ekki þarf að panta tíma. Einnig er hægt að hringja á símatíma milli kl. 13-15. Færir ráðgjafar embættisins veita þeim sem til embættisins leitar ókeypis aðstoð við að finna það úrræði sem hentar.

Mikill meirihluti afgreiddra umsókna um greiðsluaðlögun hefur verið samþykktur, eða 790 umsóknir af þeim 950 sem afgreiddar hafa verið. Um 8 prósentum umsókna hefur verið synjað og um 9 prósent hafa verið afturkallaðar að frumkvæði umsækjenda sjálfra. Að auki hafa verið afgreidd um 500 önnur greiðsluerfiðleikamál, þar sem leitað er vægari lausna en felast í greiðsluaðlögun.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Umhugsunarefni

Landsdómur
Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Síðastliðið haust komu til umræðu, og síðar atkvæðagreiðslu, á Alþingi niðurstöður og tillögur rannsóknarnefndar Alþingis sem starfað hafði fyrri hluta ársins samkvæmt einróma samþykkt Alþingis frá 12. desember 2008.

Niðurstaða meirihluta þessarar rannsóknarnefndar var sú að látið skyldi á það reyna fyrir Landsdómi hvort fjórir ráðherrar hefðu rækt ráðherraábyrgð sína í aðdraganda hrunsins. Niðurstaða meirihluta Alþingis varð sú að þetta skyldi aðeins gilda um einn ráðherra, fyrrum forsætisráðherra Geir H. Haarde. Tillögurnar um hina þrjá voru felldar. Um þessa atkvæðagreiðslu ræði ég ekki frekar að sinni þótt tilefni væri til. Þetta var meirihlutavilji Alþingis.

Í fréttaviðtölum og í Kastljósi Sjónvarps sagði Geir H. Haarde að hann ætlaði að „láta það eftir sér“ að nafngreina þá menn sem bæru höfuðábyrgð á því hvernig fyrir sér væri komið og þar með „fyrstu pólitísku réttarhöldum Íslandssögunnar“. Þetta voru Atli Gíslason, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, sá sem þetta ritar.

### „Ég læt það eftir mér.“

Fljótlega varð ég þess var að forsætisráðherrann fyrrverandi hafði hitt í mark gagnvart fólki sem gjarnan vildi sjá málin þróast á þann veg sem hér var lagt upp með. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands, lét það nú einnig eftir sér að tjá sig um þetta mál og upplýsti, landsmönnum til fróðleiks, að „Ögmundur er raunar systursonur eins skeleggasta stalínista á Íslandi, Stefáns Ögmundssonar, sem hlaut harðasta dóminn fyrir árásina á Alþingishúsið 30. mars 1949 …“.

Skilgreiningin á frænda mínum og lífsviðhorfum hans er að sjálfsögðu prófessorsins en dómurinn sem þarna er vísað til fólst í því að móðurbróðir minn var dæmdur í 12 mánaða fangelsi (18 mánuði í undirrétti) og sviptur kjörgengi og kosningarétti vegna þátttöku í mótmælum gegn inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Fangelsisdómnum var ekki framfylgt af ótta við viðbrögð almennings og var safnað 27.364 undirskriftum til stuðnings þeim sem hlutu dóma. Undirskriftalistarnir voru afhentir forseta Íslands árið 1952 en það var ekki fyrr en 30. apríl 1957 sem sakaruppgjöf var veitt. Þá höfðu sjö menn, ásamt Stefáni, verið án kosningaréttar og kjörgengis í fimm ár.

### „Dálítið“ en ekki fráleitt?

Í leiðara Fréttablaðsins 10. júní sagði að ýmsir leiddu nú að því getum að við, fyrrgreindir meintir höfuðpaurar í Landsdómsmálinu, værum „arftakar kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi sem á sínum tíma studdi sýndarréttarhöld í Sovétríkjunum.“ Þetta segir ritstjórinn vera „dálítið“ langsótt en hitt sé þó ljóst að við stöndum að því „að þverbrjóta ýmsar reglur réttarríkisins til að koma höggi á einn mann …“.

Geir H. Haarde má að sjálfsögðu láta það eftir sér að vísa stuðningsmönnum sínum á þá sem hann telur vera sína verstu óvildarmenn. Og Hannes Hólmsteinn Gissurarson má mín vegna láta það eftir sér að vera hann sjálfur eins og við höfum kynnst honum svo vel í gegnum árin.

### Er ritstjóranum alvara?

En ég hefði haldið að Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins og leiðarahöfundur, hefði þurft að gera betur grein fyrir grafalvarlegum ásökunum sínum um að reglur réttarríkisins hafi verið þverbrotnar, til að koma höggi á einn mann. Eða hve vel skyldi ritstjórinn hafa gaumgæft orðaval sitt?

> En ég hefði haldið að Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins og leiðarahöfundur, hefði þurft að gera betur grein fyrir grafalvarlegum ásökunum sínum um að reglur réttarríkisins hafi verið þverbrotnar, til að koma höggi á einn mann.

Vefmiðillinn Pressan telur að Geir H. Haarde „hafi með snjöllum hætti snúið vörn í sókn í málsvörn sinni fyrir Landsdómi“. Eflaust kann svo að vera ef menn kjósa að færa málsvörn úr málefnalegum farvegi frammi fyrir Landsdómi yfir í farveg pólitískra ærumeiðinga. Slíkur málatilbúnaður hlýtur þó að vera fleirum en mér umhugsunarefni.

**ÚR ERLENDUM LEIÐURUM**

### Konur ráða enn klæðaburði sínum

Húmor er eitt sterkasta vopn sem til er. Einnig þegar takast þarf á jafnalvarlegt vandamál og ofbeldi gegn konum. Þess vegna er ekki undarlegt að farið sé í druslugöngur víða um hinn vestræna heim. Þetta byrjaði í Toronto. Lögreglumaður hafði hitt í mark námsmeyjar til þess að klæða sig ekki eins og „druslur“ þar sem það yki hættuna á að þeim yrði nauðgað.

http://hbl.fi/opinion

**Úr leiðara Hufvudsstadsbladet**







# Að skipta atkvæði

Stjórnlagaráð

Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur



Stjórnlagaráð birti á vef sínum þann 9. júní 2011 tillögur um ákvæði í stjórnarskrá um kosningar. Þeim er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir löggjafann við setningu nýrrar almennrar kosningalöggjafar og vera rammi fyrir breytingar á henni.

### Réttarbætur

Flestar eru þessar tillögur til bóta frá því sem nú er. Þær eru flestar mjög opnar og væri ef til vill ekki verra að draga skýrari línur. Þegar upp er staðið þurfum við ákveðna festu í kosningakerfinu.

Meðal tillagna er að vægi atkvæða allra kjósenda verður jafnt og heimild verður til þess að setja í lög ákvæði um hlutfall kynjanna. Hefði ef til vill mátt ganga enn lengra í jafnréttisátt, annað hvort er að takast á við kynjamálin eða ekki.

Þá eru tillögurnar um heimild til kjördæmaskiptingar á margan hátt eðlilegri en núgildandi reglur því þær miða einfaldlega við fjölda íbúa og þær virðast munu tryggja það að minnstu kjördæmin fái fulltrúa í takt við íbúafjölda. En varla er ástæða til að hafa val um kjördæmaskipan eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Um hana þarf alveg ákveðin ákvæði, í jafndreifbýlu ríki og Ísland er verður kosningaréttur þeirra sem búa afskekkt ekki tryggður öðruvísi.

### Listakosning og persónukjör

Tillögurnar opna jafnt á persónukjör og listakosningu sem er þannig framkvæmd að kjósendur geti haft áhrif á kjör einstakra frambjóðanda. Það er ekki óeðlilegt, en ástæða er til að orða þessa tvo möguleika á kosningakerfi mun skýrar en gert er, þannig að ljóst sé að samfélagið geti notað þá þar sem þeir eiga við. Ekki á að þurfa að pukrast með listakosningar.

Í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur um persónukjör ákvæði um að kjósandi geti valið frambjóðendur af fleiri en einum lista og frá hvaða kjördæmi sem er. Þessi regla heimilar kjósanda að kjósa Sjálfstæðismann fyrir hluta af atkvæði sínu, vinstri grænan fyrir annan hluta og Framsóknarmann fyrir enn einn hluta – og snýst því um að skipta atkvæði. Þetta er mjög sérkennileg tillaga og lítið rökstudd. Erfitt er að átta sig á lýðræðislegum tilgangi hennar. Hún gæti þó hugsanlega átt að mæta kröfum ákveðinna pólitískra afla um persónukjör á landsvísu, þegar Stjórnlagaráð er í raun að heimila listakjör og kjördæmaskipulag áfram.

> Kosningaskipulagið okkar magnar ekki breytingar á fylgi eins og víða er gert, til dæmis þar sem einmenningskjördæmi eru.

eftir kosninguna til stjórnlagaþings er sennilegt að listakosningar verði áfram aðalkosningaaðferð Íslendinga. Ef svo fer þarf að kveða nánar á um rétt kjósenda til að velja og hafna einstökum frambjóðendum í listakjöri. Margar ástæður mæla með því að prófkjör verði lögð niður, en að stjórnmálaflokkarnir stilli upp listum og gefi kjósendum hans ákveðna möguleika á því að hafa áhrif á röð fulltrúa, bæði til þess að hækka og lækka fulltrúa á lista.

### Skipting atkvæða

Í tillögum Stjórnlagaráðs er

Tillagan mun væntanlega draga úr kosningasveiflum frá því sem nú er og hefði því neikvæð áhrif á stjórnmálin. Kosningaskipulagið okkar magnar ekki breytingar á fylgi eins og víða er gert, til dæmis þar sem einmenningskjördæmi eru. Þar verða sveiflur svo miklar að tveggja flokka kerfi myndast og breytingar á afstöðu kjósenda leiða auðveldlega til ríkisstjórnarskipta. Hér þarf miklar breytingar á fylgi til þess að fella ríkisstjórn og tillagan um skiptingu atkvæða gæti leitt til þess að ríkisstjórnarskipti á Íslandi yrðu enn fátíðari en verið hefur. Það er því beinlínis jákvætt fyrir lýðræðið að kjósendur geti ekki skipt atkvæði sínu milli flokka.

Þá flækir skipting atkvæða mjög framkvæmd kosninga. Ef allir kjósendur eiga að geta kosið frambjóðendur í öllum kjördæmum, verður að telja atkvæði á einum stað. Þá myndast sú aðstaða að ákveðnir aðilar bera lýðræðislega ábyrgð á framkvæmd kosninga í einstöku kjördæmum, en ekki á talningu atkvæða, eftirliti með talningu atkvæða og birtingu niðurstaðna. Svo er sennilegt að ábyrgðin á framkvæmd kosninganna færist fljótlega frá ábyrgum lýðræðislegum aðilum til hugbúnaðargeirans. Og það er þróun sem víða á sér stað.

### Hvað vantar?

Höfundi þessara orða finnst vanta tillögur þar sem orðaðar eru áhyggjur samtímans af rafrænum kosningum. Ástæða kann að vera til að setja ákvæði í lög um handtalningu atkvæða til að tryggja öryggi kosninga. Það þýðir að þótt rafrænar kosningavélar verði notaðar, verði við kosninguna mynduð pappírsslóð og pappírsatkvæði að lokum talin fyrir opnum tjöldum í (íþrótta)höllum. Jafnframt þarf að banna (Inter)netkosningar uns helstu lýðræðisríkin á Vesturlöndum hafa fundið öryggislausnir fyrir það kosningaform. Þessi ákvæði eru nauðsynleg og tímabær vegna þess þrýstings og hagsmuna sem hugbúnaðariðnaðurinn hefur í málinu.

## ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Sams konar skóla fyrir alla

Það er sterkt samband á milli bókahillna foreldranna og einkunna barnanna. Á laugardaginn greindi Sydsvenskan frá því að félagslegur og fjárhagslegur bakgrunnur skipti æ meira máli fyrir námsárangur nemenda. Öruggur mælikvarði á þennan bakgrunn er fjöldi bóka á heimilinu. Greint er frá þremur mikilvægum þáttum; kyni, uppruna og menntunarstigi foreldra. Séu þessir þrír þættir lagðir saman þá koma í ljós tveir andstæðir pólar í sænska skólanum. Niðurstaðan veldur ugg. Alls útskrifast 85 prósent stúlkna, sem eiga langskólagengna foreldra, úr framhaldsskóla með réttindi til háskólanáms. Hjá drengjum sem fæddir eru utan Svíþjóðar er talan 20 prósent.

www.sydsvenskan.se/opinion

**Úr leiðara Sydsvenskan**

### Lýðræði undir pressu

Tayyip Erdogan og múslímskur flokkur hans, AKP, fengu eins og búast mátti við í kosningunum á sunnudaginn umboð til að sitja þriðja kjörtímabilið. Eftirlitsmenn sögðu kosningarnar hafa verið vel skipulagðar en tjáningarfrelsi var heft í kosningabaráttunni og pólitískum þrýstingi var beitt. Að setja 10 prósenta mörk er einnig afar gagnrýnivert, einkum í landi fjölda minnihlutahópa, þar sem slíkt leiðir til þess að fulltrúar allra komast ekki á þing.

http://politiken.dk/debat

**Úr leiðara Politiken**

Minnkaðu áhættu í rekstrinum

VELDU NÝTT REKSTARÖRYGGI VOLVO.

Nýja Volvo G-línan er öflugri og hagkvæmari en nokkru sinni fyrr. Hjólaskóflurnar, Volvo L150G, Volvo L180G og Volvo L220G eru frá 24,5 tonnum upp í 33. Veldu traustar og öflugar vinnuvélar sem njóta stuðnings þjónustukerfis Brimborgar. Nýttu þér fullkomnasta viðhalds- og tæknibúnað sem völ er á og þjónustu á verkstað. Komdu í Brimborg.
Kynntu þér einnig úrval vinnuvéla frá Volvo: Hjólaskóflur, beltagröfur, hjólagröfur, traktorsgröfur, veghefla, námubifreiðar, fræsara, malbikunarvélar og valtara. Komdu í kaffi.

**Starfaðu í öryggi. Veldu Volvo.**
**Komdu í Brimborg.**




47 ára venjulegt fjölskyldufyrirtæki
Fjölskyldusaga Brimborgar er 47 ára. Betri þjónusta við atvinnutæki hefur verið kjarni Brimborgar frá upphafi. Örugg þjónustan grundvallast á metnaði okkar, vottuðu gæðastjórnunarkerfi, háþróuðu upplýsingakerfi og fyrsta flokks vörumerki Volvo. Komdu.

Komdu í kaffispjall

brimborg
Öruggur staður til að vera á

C&W GREY

Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 Sími 5157000 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5 Sími 5157050 | Volvoce.is



ÁSKRIFENDUR SKJÁSEINS ERU Í GÓÐUM MÁLUM Í SUMAR
Áskrifendur SkjásEins þurfa ekki að missa af neinu í sumar. Með SkjáFrelsi horfa þeir einfaldlega á uppáhaldsþáttinn sinn þegar þeim hentar.
Vertu velkominn í hóp ánægðra áskrifenda og njóttu sumarsins í botn með SkjáEinum.
Hringdu núna og tryggðu þér áskrift í síma 595 6000 eða farðu inn á skjareinn.is
SKJÁRFRELSI HORFÐU ÞEGAR ÞÉR HENTAR
SKJÁREINN AÐEINS
2.890 KR.
Á MÁNUÐI
NÝTT
THE BRIDGE
SHATTE
NÝTT
MY GENERATION
thegoodwife
NÝTT
Running WILDE
NÝTT
HAPPY ENDINGS
EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP
ENNEMM / SÍA / NM47024
SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SÖNGKONAN ELLA FITZGERALD** (1918-1996) lést á þessum degi.

*„Það skiptir ekki máli hvaðan þú kemur, heldur hvert þú ert að fara. Gefstu ekki upp á draumum þínum, því þar sem ást og innblástur eru getur ekkert farið úrskeiðis.“*

## MERKISATBURÐIR 15. júní

1829 Dómur fellur í Hæstarétti í Kambsránsmálinu þegar sjö menn eru dæmdir til hýðingar.

1926 Lög eru staðfest um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

1978 Hussein Jórdaníukonungur kvænist Bandaríkjakonunni Lisu Halaby, sem í kjölfarið fær nafnbótina Noor drottning.

1952 Byggðasafnið í Glaumbæ í Skagafirði er opnað almenningi.

1981 Garðar Cortes óperusöngvari hlýtur bjartsýnisverðlaun Bröstes þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.

1985 Minnisvarði um Úlfljót lögsögumann er afhjúpaður að Bæ í Lóni.

1987 Fyrsta uppboðið fer fram á fiskmarkaðnum í Hafnarfirði.

**ÞETTA GERÐIST:** 15. JÚNÍ 1926

## *Hornsteinn lagður að Landspítala*

Alexandrína, drottning Danmerkur og Íslands, lagði hornstein að byggingu Landspítala Íslands við hátíðlega athöfn að viðstöddum miklum mannfjölda fyrir 85 árum.

Til að minnast þeirra tímamóta þegar konur fengu kosningarétt 1915 ákváðu reykvískar konur að hefja fjársöfnun til að greiða fyrir stofnun spítala fyrir landið allt í Reykjavík. Sjóðirnir urðu reyndar tveir: Landspítalasjóður Íslands sem var byggingarsjóður og Minningargjafasjóður Landspítala Íslands sem átti að styrkja sjúklinga í fjárhagslegum vandræðum.

Fimmtán ár liðu frá því byrjað var að safna fjármunum fyrir byggingu Landspítala Íslands þar til elsta hús spítalans við Hringbraut var tekið í notkun.

Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði bygginguna, sem reis á árunum 1925 til 1930.

Fyrsti sjúklingurinn var lagður inn á Landspítalann 20. desember 1930 og við þann atburð miðast afmælisdagur spítalans.



AFMÆLI



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** kvikmyndaframleiðandi er 59 ára.



**PÉTUR GUNNARSSON** rithöfundur er 64 ára.



**FINNUR GEIR BECK** fyrrverandi fréttamaður er 36 ára.



**SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR** fyrrverandi borgarfulltrúi er 67 ára.



†

*Eiginmaður minn,*

**Hörður Sigurgrímsson**

bóndi í Holti,

er látinn.

**Anna Guðrún Bjarnardóttir**



†

*Okkar ástkæri*

**Friðrik Jens Friðriksson**

fyrrv. héraðslæknir, Smáragrund 4, Sauðárkróki,

er látinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Oddný Finnbogadóttir** **Björn Friðrik Björnsson**
**Emma Sigríður Björnsdóttir** **Iain D. Richardson**
**Alma Emilía Björnsdóttir og börn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jakobsdóttir**

Hverahlíð 20, Hveragerði,

áður til heimilis að Dalbraut 17, Bíldudal, lést miðvikudaginn 8. júní á Landspítalanum. Útför fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 13.00.

**Ásgeir M. Kristinsson** **Guðjóna Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Kristinsdóttir**
**Birna Kristinsdóttir**
**Jóna Elín Kristinsdóttir** **Guðbjartur Ólafsson**
**Guðmundur Kristinsson** **Guðbjörg Benjamínsdóttir**
**Kristján Hörður Kristinsson** **Valdís Valdimarsdóttir**
**Helga Kristinsdóttir** **Þórarinn Viðar Hjaltason**
**ömmu- og langömmubörn**




**Á SALON VEH Í 40 ÁR** Elsa Haraldsdóttir hárgreiðslumeistari fór eftir sveinspróf til Sviss þar sem hún lærði frönsku meðfram hárgreiðslustörfum og ól með sér draum um að starfa í hátískuborginni París. Óeirðirnar 1968 gerðu drauminn að engu og hún fór til Vínar í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ELSA HARALDSDÓTTIR HÁRGREIÐSLUMEISTARI: FAGNAR 40 ÁRUM SALON VEH

# Saknar yndislegra samskipta

„Mamma var mikill örlagavaldur í lífi mínu,“ segir Ísfirðingurinn Elsa Haraldsdóttir, spurð hví hún valdi hárgreiðslu að ævistarfi, en í dag fagnar hún 40 ára afmæli hárgreiðslustofu sinnar Salon VEH.

„Eftir landspróf ætlaði ég í kennaranám en þá hafði mamma beðið Helgu Jóakimsdóttur hárgreiðslumeistara að taka mig sem nema. Eftir sveinspróf hélt ég svo utan til hárgreiðslustarfa í Vínarborg, en þá vildi mamma fá mig heim og hafði sigtað út nýtt verslunarhúsnæði í Glæsibæ þar sem hún hvatti mig eindregið til að opna hárgreiðslustofu,“ segir Elsa sem þá opnaði margfræga stofu sína í Glæsibæ, með nafni sem virkar eilítið heimsborgaralegt.

„Salon VEH hljómar kannski útlenskt og fínt, en er í raun hversdagslegt. Í því felst nafnið mitt, Valbjörg Elsa Haraldsdóttir og í Glæsibæ rak ég bæði snyrti- og hárgreiðslustofu sem orðið salon stóð fyrir í þá daga,“ segir Elsa sem færði út kvíarnar og opnaði Salon VEH í Húsi verslunarinnar 1984.

„Tímabil mín í háriðn hafa varað tíu ár í senn. Á áratugnum 1970-80 vann ég marga góða og fallega titla í hárgreiðslukeppnum heima og erlendis, og áratuginn á eftir gerðist ég einn af stofnendum Intercoiffure, en það eru alþjóðleg samtök hárgreiðslufólks sem standa fyrir góðum orðstír og framúrskarandi árangri. Ég var forseti þess til tíu ára hér heima, á sama tíma og ég rak þrjár stofur og var í innflutningi. Upp úr 1990 var ég svo komin í aðalstjórn alþjóðlegu samtakanna, þar sem ég gegndi ýmsum embættum til ársins 2008, en stærst þeirra var listrænn ráðunautur,“ segir Elsa sem enn á í vændum kaflaskipti á Salon VEH.

„Ég hef haft mikinn áhuga á því hvað viðskiptavinurinn gerir við hár sitt eftir að hann kveður fagmanninn; hvernig hann blæs hár sitt, mundar burstann og hvað hann kann, en mín skoðun er sú að fólk þurfi að njóta leiðsagnar áfram eftir að heim kemur. Því er ég nú að láta útbúa nýtt rými á stofunni þar sem fólk getur valið sér allar vörur sem viðkoma hárumhirðu, en nýtur einnig persónulegrar ráðgjafar fagfólks sem þjónustar viðskiptavininn skrefinu lengra þannig að hann geti óhikað séð um hár sitt heima á baðgólfi fyrir ólík tækifæri lífs síns,“ segir Elsa full tilhlökkunar.

„Á þessum fjörutíu árum hef ég verið svo lánsöm að sjá hvað ein iðngrein getur veitt manni mikið. Það hefur gert mig hamingjusama að hafa snert allar hliðar hennar og starfað með samferðafólki sem hefur í raun og veru haft áhrif á mig og á þátt í því hvar ég er stödd í dag,“ segir Elsa sem er ekki síður áhrifavaldur í lífi íslensks hárgreiðslufólks, því hún hefur útskrifað yfir 100 nemendur sem eru enn að stærstum hluta í starfi.

„Frá fyrstu tíð hef ég haft gott og hæfileikaríkt starfsfólk og alltaf ríkt mikil vinátta og trygglyndi á Salon VEH. Á sama tíma hef ég ávallt verið kröfuhörð og kennt á að hægt sé að gera betur, um leið og ég hef brýnt fyrir nemum mínum að kynnast viðskiptavinum sínum og því hvernig þeir vilja hafa hár sitt. Það er bæði lykill að velgengni og dýrmætt veganesti fyrir fagmanninn hvert sem hann fer,“ segir Elsa sem eftir allt saman fékk útrás fyrir kennaradraum sinn í hárinu.

„Mamma hafði því rétt fyrir sér, og sem kennari í háriðn hef ég verið talsmaður hennar í fjörtíu ár og vona að framtíðarfólk í íslenskri háriðn hugsi alltaf stórt og vel um fag sitt.“

Elsa fer daglega í kaffisopa yfir á Salon VEH en vinnur sjálf á heildsölu sinni í sama húsi.

„Ég er enn í leiðsögn og ráðgjöf í starfi mínu þar. Víst er oft beðið um mig á gólfinu og hver veit hvað verður? Það getur vel verið að ég taki dag og dag við stólinn þegar fram líða stundir, því mér finnst gaman að hafa hendur í hári viðskiptavina og eiga við þá yndisleg samskipti, sem ég sakna mjög. Margir hafa fylgt stofunni allan tímann og helst vildi ég hitta þá í hvert sinn sem þeir koma. Á Salon VEH hefur alltaf verið vel tekið á móti öllum, en því miður hafa ekki allir upplifað að fara á góða stofu og láta sinna sér. Það er notaleg upplifun og á hárgreiðslustofum eiga allir að fá á tilfinninguna að þeir séu einstakir.“

thordis@frettabladid.is



**Kundalini-jóga** kvölds og morgna, fyrirlestrar, grænmetisfæði og hráfæði, fuglaskoðun, grasaferð, gönguferðir, tónleikar og sjósund. Þetta og margt fleira verður í boði á kundalini-jógahátíð í Árskógi við Eyjafjörð 18.-22. júní. Nánar á sumarsolstodur.123.is/.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



friendtex

ÚTSALA
VOR OG SUMARLISITI
2011

MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM FATNAÐI FYRIR 17. JÚNÍ

Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 LOKAÐ LAUGARDAGA

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir


**Einar Stefán Kristinsson tölvunarfræðingur hefur smitandi áhuga á hjólreiðum.**

# Parar reiðhjól og fólk



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég er búinn að hjóla frá unga aldri og þreytist aldrei á að lýsa kostum hjólreiða. Af því leiðir að þegar vinir og vandamenn og þeirra vinir og vandamenn vilja gera eitthvað í sínum hjólamálum er oft leitað til mín um aðstoð við að taka réttar ákvarðanir. Þá reyni ég að finna út hvaða hjól hentar persónuleika hvers og eins, sem sagt para saman reiðhjól og fólk,“ segir Einar Stefán Kristinsson, tölvunarfræðingur hjá Miracle. „Ef fólk er á hjóli sem það er ánægt með er það líklegra til að nota það meira. Ég kom til dæmis tannlækninum mínum til að kaupa hjól og hann fer oftast á því í vinnuna.“

Viðgerðir á hjólum er eðlilegur hluti af lífi Einars Stefáns og hann kveðst stundum hafa fengið gömul og hálfónýt hjól og komið þeim í gagnið aftur.

Á fyrstu búskaparárunum voru Einar Stefán og eiginkonan bíllaus en létu það ekki aftra sér frá ferðalögum. „Við keyptum okkur vagn aftan í hjólin upp úr 1990 og fórum í hálfsmánaðarferðalag um Suðurlandið með tvö börn, þar af annað innan við ársgamalt. Þegar við komum á tjaldstæðin vöktum við mikla athygli og allir töluðu við okkur ensku, jafnvel þó við svöruðum á íslensku. Þetta var eins og í bíó.“

*- gun*


SPARAÐU 20%

SMURÞJÓNUSTA | BREMSUKLOSSASKIPTI

Láttu okkur þjónusta bílinn þinn og sparaðu 20% í leiðinni

Bílkó á BETRA VERÐI í allt sumar!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

GRAFIKER

**Gónhóll á Eyrarbakka** er kjörinn viðkomustaður fyrir þá sem ætla að leggja leið sína austur. Þar er markaður og kaffihús og nú stendur yfir sýning á málverkum Önnu Kristínar Einarsdóttir, en viðfangsefnin eru af ýmsum og stundum óvenjulegum toga.









# Í stórhríð í kjölfar Titanic

**Snyrtifræðingurinn Ragnhildur Guðmannsdóttir hélt á vit ævintýranna þegar hún sigldi um heimshöfin á konunglegri snyrtistofu skemmtiferðaskipsins Queen Elizabeth, nýjasta stolti skipafélagsins Cunard.**

„Ég óttaðist aldrei um líf mitt og vissi að við kæmumst heilu og höldnu á leiðarenda," segir Ragnhildur, sem var stödd á vinnustað sínum Royal Spa á níundu hæð Queen Elizabeth þegar skipið sigldi í ímyndað kjölfar hins sögufræga og ósökkvandi Titanic frá Southampton til New York í miklu óveðri og stórhríð í janúar.

„Öldugangur og stórsjór gengu yfir gluggana og skipið allt, en ég fann ekki einu sinni fyrir sjóveiki. Bara magnaði tilfinningu yfir því að sigla um slóðir sorglegra atburða þegar Titanic sökk árið 1912 og 1.517 farþegar þess hlutu vota gröf," segir Ragnhildur.

Cunard-skipafélagið þykir eitt það virðulegasta í veröldinni og hefur einkarétt á White Star þjónustu sem var einmitt viðhöfð um borð í Titanic.

„Queen Elizabeth er allt í anda Titanic og hvíti hanskinn tákn um óaðfinnanlega þjónustu þar sem starfsfólk er þjálfað í að koma sem allra best fram við farþega," segir Ragnhildur sem var þjálfuð í að koma fram við viðskiptavini eins og þeir væru konungbornir.

„Ég frétti af þessum atvinnumöguleika í snyrtifræðinámi mínu við FB og varð strax mjög áhugasöm. Ég sé svo sannarlega ekki eftir að hafa slegið til. Sjálfstraust mitt óx til muna og góður skóli að þurfa að bjarga sér dags daglega á öðru tungumáli. Þá fylgir mikill ævintýraljómi því að starfa á svo íburðarmiklu skipi, enda leið mér oft eins og prinsessu að lenda í nýrri höfn á hverjum morgni um borð í einu fegursta skipi heims."

Ragnhildur starfar nú á Snyrtistofu Ágústu þar sem hún hefur innleitt meðferðir sem hún lærði á Royal Spa, en þar urðu viðskiptavinir fyrir einstakri upplifun. Þar á meðal er havaískt lomilominudd, nuddað með framhandleggjum og Royal Spa-andlitsmeðferð.

Fyrir jómfrúrferð Queen Elizabeth haustið 2010 gaf Elísabet Englandsdrottning skipinu nafn við hátíðlega athöfn. „Þá þakkaði hún okkur öllum sem stóðum hjá fyrir vel unnin störf," segir Ragnhildur, en Cunard er þekkt sem skipafélag ríkra og fræga fólksins.

„Upp úr standa staðirnir sem ég upplifði af eigin raun og allt fólkið sem ég eignaðist að vinum frá öllum heimshornum. Á milli okkar myndaðist djúp vinátta og víst er að við munum halda hópinn um ókomna tíð."

*thordis@frettabladid.is*



Ragnhildur segist aldrei hafa orðið sjóveik um borð í Queen Elizabeth, en stundum hafa orðið vör við sjóriðu þegar hún steig í land. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Á Queen Elizabeth þjóna 2.000 manns 2.000 farþegum, og má því segja að hver farþegi hafi sinn einkaþjón sem dekrar við hann daglangt með hvítum hönskum.



Queen Elizabeth fékk fylgd systurskipanna Queen Victoria og Queen Mary II frá Southampton til New York, þar sem beið þeirra flugeldasýning og mikil hátíðahöld.















Reynsluboltarnir Knútur Bjarnason, Hans Henttinen og Sigursteinn Ingvar Rúnarsson taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/GVA

# Góð þjónusta og betra verð

**Persónuleg þjónusta, vandaðar vörur og gott verð eru kjörorð Golfskálans Mörkinni 3.**

Fyrir skemmstu bættist ný verslun við flóru golfverslana landsins, Golfskálinn í Mörkinni 3. Eigendurnir eru allir reynsluboltar í golfi, þeir Steinþór Jónasson, Ingibergur Jóhannsson og Hans Henttinen, sem var einn eigenda Nevada Bob á sínum tíma. Hann hefur fyrir þeim orðið.

„Okkar mottó er góð þjónusta, vara og verð,“ segir Hans og getur þess að eigendurnir hafi í upphafi ákveðið að einskorða sig við litla verslun og ódýran rekstur til að geta haldið álagningunni í lágmarki. „Sú ákvörðun virðist hafa hitt í mark þar sem viðbrögð viðskiptavinanna hafa ekki látið á sér standa, ummælin eru jákvæð og salan fer vel af stað.“

Hann tekur fram að þótt verslunin sé ef til vill ekki stór í fermetrum talið sé vöruúrvalið ágætt. „Hérna er allt til alls í golfið, flest stóru merkin og búnaður við allra hæfi. Auk þess aðstoðum við kylfinga við val á kylfum og leyfum þeim að spreyta sig með þær í sérstöku æfingarými í búðinni,“ segir Hans og lætur þess getið að þeir séu jafnframt öflugir í merktum varningi fyrir golfklúbba og fyrirtæki.

Hvernig stóð á því að þið fóruð út í rekstur? „Brennandi golfáhugi. Aðdragandinn var reyndar stuttur. Þetta var bara ákveðið um áramótin og svo farið af stað,“ segir Hans, sem snýr nú aftur í smásölubransann eftir fimm ára hlé. „Ég var orðinn þreyttur á þessum bransa fyrir fimm árum og við seldum reksturinn á Nevada Bob sem stóð í blóma. Golfáhuginn dvínaði þó aldrei og leiddi okkur félagana svo saman út í þennan rekstur. Enda er ég búinn að fá mína hvíld og mæti tvíelfdur til leiks.“

Það er hverju orði sannara þar sem Hans og félagar ætla að standa fyrir golfmóti undir merkjum Golfskálans í næsta mánuði. „Þetta verður stórt og flott mót hjá Golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ sem við ætlum að gera að árlegum viðburði,“ segir hann, en skráning fer fram á heimasíðu Golfsambands Íslands á slóðinni www.golf.is. Nánari upplýsingar um Golfskálann er hins vegar að finna á golfskalinn.is og á facebook.

## Frábær viðbót í græjusafnið

Græjufíklar koma ekki að tómum kofanum í Golfskálanum Mörkinni 3. Nýlega tók verslunin til sölu fjarlægðarmælinn ParGate PG 1500 CX sem hefur hlotið verulega góðar undirtektir, að sögn Hans Henttinen eins eigenda Golfskálans.

„Fólk er verulega ánægt með þessa nýjung sem kemur frá Svíþjóð enda með því fullkomnara sem fæst um þessar mundir,“ segir Hans og lýsir sérstöðu fjarlægðarmælisins nánar.

„Hann er til dæmis búinn sérstökum eiginleika sem kallast SmartScan og kemur í veg fyrir að hlutir úr umhverfi trufli þegar verið er að mæla í flagg.“ Hans bendir á að hefðbundið Scan geri notanda kleift að ýta einu sinni á takkann á mælinum og mæla ýmsa hluti í einni skoðun og fá mismunandi lengdir. „Hins vegar er hægt að ýta tvisvar sinnum á takkann á ParGate PG 1500 CX og fá ávallt stystu mælinguna í hvert sinn. Þetta er mjög handhægt.“

Hans tekur fram að ParGate PG 1500 CX mæli frá tólf upp í 950 metra með +/- 1 meter í skekkju á innan við 270 metrum. Einnig stækki PG 1500 CX sjöfalt á meðan flestir fjarlægðarmælar eru með fimm til sexfalda stækkun. Kíkirinn vegur aðeins 200 grömm og fer vel í hendi. „Svo er liturinn líka skemmtilegur og áberandi og því engin hætta á að hann týnist,“ segir Hans kíminn. Nánari upplýsingar á www.golfskalinn.is.



ParGate PG 1500 CX er búinn ýmsum góðum eiginleikum.




• Rife pútterar
Verð frá 16.400 kr.



• Titleist ProV1 (dúsín)
Verð 9.800 kr.



• Clicgear kerrur
Verð 37.800 kr.



• Ecco Street skór
Verð frá 18.800 kr.

GOLFSKÁLINN
Mörkin 3 | Sími 578 0120 | www.golfskalinn.is






Ef kylfingar eru í vandræðum með gripið, sveifluna eða annað sem þeir halda að þeir þurfi leiðsögn með er hægt að leita til golfkennara og skrá sig hjá honum í eina eða fleiri kennslustundir.

# Ráð fyrir golfglaða nýliða

**Golfarar um allt land hópast nú út á græna velli, leggja alúð við að fullkomna sveifluna og pútt á flötum. Nokkrir voru fengnir til að veita eftirfarandi ráð.**

- Líkt og í öðrum boltaíþróttum gildir sú gullna regla í golfi að missa ekki sjónar á kúlunni. Slíkt hefur mikið að segja upp á hversu löng höggin eru en reynsla kylfinga er sú að höggin eru styttri ef einbeitingin er ekki í lagi.
- Það er ekki sjálfgefið að menn kunni þá list að horfa á kúluna. Að tileinka sér þá tækni er hins vegar afar mikilvægt og skiptir ekki máli hvort kúlan er í grasi, glompu, brekku eða annars staðar, kylfingurinn þarf alltaf að sjá kúluna fullkomlega. Talið er að flest mistök í golfi megi rekja til þess að kylfingurinn missir einbeitinguna og þar með sjónar á kúlunni, jafnvel bara eitt augnablik.
- Þótt kylfingum þyki það eflaust mun skemmtilegra að spila golf í félagsskap getur hringur þar sem golfarinn er einn með sjálfum sér skilað honum miklu betri árangri í að fínpússa ýmis tæknileg atriði. Gott er að velja tíma dags þar sem lítil umferð er á golfvellinum og hægt er að rölta um völlinn í rólegheitum.
- Algengt er að golfarar noti ekki rétt grip, jafnvel reyndir golfarar. Það getur haft veruleg áhrif og jafnvel lækkað forgjöfina á stuttum tíma ef gripið er leiðrétt. Ráð er að leita til golfkennara ef kylfingar eru í vandræðum með gripið.
- Þurfi að betrumbæta púttið er gott að yfirfara nokkur einföld en þýðingarmikil atriði, sem geta haft mikla þýðingu inni á flötunum. Eitt veigamesta atriðið þar er gripið, sem þarf að vera létt og mun léttara en í öðru spili í golfinu. Annað ekki síður mikilvægt atriði er að gefa sér tíma og vera tilbúinn þegar kemur að manni að gera. Slíkt flýtir fyrir leik.



**Til að ná góðum tökum á golfíþróttinni skiptir máli að gefa sér tíma og spila í rólegheitum, sérstaklega til að byrja með.**

# Kylfusveinn Woods með Scott

Steve Williams, sem hefur verið kylfusveinn Tigers Woods á þrettán stórmótum, verður kylfusveinn Adams Scott það sem eftir lifir af U.S. Open, þar sem Woods er meiddur.

Woods dró sig úr keppni á U.S. Open í síðustu viku vegna meiðsla og óvíst er hvenær hann verður fær um að keppa að nýju. Fljótlega eftir að ljóst var að hann yrði ekki meðal keppenda fékk kylfusveinn hans, Steve Williams, upphringingu frá hinum þrítuga Ástrala Adam Scott, sem nýlega sleit samstarfi við kylfusvein sinn Tony Navarro.

Ekki er ljóst hversu lengi samstarf þeirra Williams og Scotts varir, því enn er óvíst hve lengi Woods verður frá keppni, en haft er eftir Mark Steinberg á vefsíðunni golfchannel.com að alveg eins og Woods sé ósáttur við að missa af stórmóti þá gildi það sama um Williams, sem hafi því gripið tækifærið fegins hendi. *- fsb*



**Steve Williams hefur verið kylfusveinn Tigers Woods á þrettán stórmótum, en er nú tímabundið genginn til samstarfs við Adam Scott.**







**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is s. 512 5439.



Timberlake segir golfið skemmtilegt á tónleikaferðalögum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Golf er mikil andleg slökun

Justin Timberlake, söngvari og leikari, hefur viðurkennt að hann hafi fengið algjöra dellu fyrir golfi þegar hann áttaði sig á því hve góð afþreying það er á tónleikaferðalögum. Sagði hann þetta í viðtali við New York Times.

Timberlake lærði golf af stjúpföður sínum Paul Harless, en fyrir um átta árum nefndi sýningarstjóri hans það við hann að þeir væru nokkrir að fara í golf. „Þetta gæti hljómað kjánalega en ég fór, fékk mér nokkra bjóra og það eina sem ég hugsaði um var að koma þessari litlu kúlu ofan í litla holu," sagði Timberlake. „Þetta er besta andlega slökunin. Hugurinn fór eitthvað annað og síðan þá hef ég ekki hætt að elta litlu kúluna," útskýrði Timberlake, sem hefur þó haft lítinn tíma fyrir golf eftir að kvikmyndaferillinn fór á flug. *- mmf*



Arctic Open verður haldið á Akureyri helgina 23. til 25. júní.

# Styttist óðum í Arctic Open

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig í Arctic Open mótið sem haldið verður á Akureyri helgina 23.-25. júní. Þegar eru 140 kylfingar skráðir til leiks en 20 til 30 til viðbótar komast að. Mótið hefst með opnunarhófi á fimmtudegi klukkan 13 og síðan er leikið fram á nótt fimmtudag og föstudag. Mótinu lýkur á laugardagskvöldi með glæsilegri verðlaunaafhendingu og kvöldverði þar sem boðið er upp á mat og veitingar frá framleiðendum á Eyjafjarðarsvæðinu.

Sú breyting verður á mótinu í ár að leikið verður af öllum teigum samtímis, fyrri hópur klukkan 16 og seinni hópur klukkan 21.30. Gert er ráð fyrir að keppendur leiki klukkan 16 annan daginn en klukkan 21.30 hinn daginn. Að venju verða glæsleg verðlaun í boði á mótinu og fjöldinn allur af aukaverðlaunum. Sjá www.gagolf.is. *- fsb*

# Allir geta haft gaman af

Golf á Íslandi eru nýir golfþættir fyrir alla fjölskylduna sem sýndir verða á RÚV á miðvikudagskvöldum í sumar. Stjórnandi er Gunnar Hansson og segir hann þættina vera fyrir alla; þá sem spili golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfi íþróttina af kappi.

Þættirnir fjalla um almennings- og keppnisgolf á Íslandi og leitast er við að fræða áhorfandann um golf almennt, helstu reglur og tækniatriði auk þess sem við kynnumst íslenskum keppniskylfingum og fylgjumst með Íslensku golfmótaröðinni. *- fsb*



Gunnar Hansson leikari er stjórnandi þáttanna Golf á Íslandi sem sýndir verða á RÚV á miðvikudagskvöldum í sumar. MYND/GVA





Yani Tseng er 22 ára og situr á toppi heimslista kvenna í golfi. NORDICPHOTOS/AFP

# Tseng trónir enn á toppnum

Hin taívanska Yani Tseng styrkti stöðu sína á heimslista kvenna í golfi þegar hún vann sinn fimmta alþjóðlega titil á þessu ári um helgina.

Tseng, sem situr á toppi listans, er 22 ára og vann keppni í Illinois í Bandaríkjunum á LPGA-mótaröðinni á laugardag. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem hún vinnur á LPGA mótaröðinni en einnig sjöundi titill hennar á LPGA mótaröðinni á fjórum árum.

Í viðtali eftir sigurinn á laugardag sagðist Tseng ekki hugsa lengur um stöðu sína á toppi heimslistans þar sem það væri markmið sem hún hefði nú þegar náð. „Mér hefur gengið frekar vel svo ég hugsa ekki lengur um það, vegna þess að það eru svo margir góðir golfarar á LPGA-mótaröðinni,“ sagði hún. *- mmf*



**● ELSTU GOLFLEIÐBEININGARNAR** Hugleiðingar sem læknaneminn Thomas Kincaid skrifaði í dagbók sína árið 1687 eru álitnar vera elstu leiðbeiningarnar um golfspilun. Hann spilaði golf á golfvellinum í Bruntsfield Links nærri háskólanum í Edinborg.

Dagbókarfærsla Kincaid frá 20. janúar það ár inniheldur meðal annars hugleiðingar um golfkerfi fyrir fatlaða. Þá segist hann hafa farið út á golfvöll eftir kvöldmat og lýsir golfsveiflunni á þennan veg: „Ég uppgötvaði að eina leiðin til að spila golf væri að standa eins og maður gerir í skylmingum með litla sverðið, beygir hnén lítið eitt og heldur fótunum, bakinu og höndunum beygðum, föstum eða stífum og slakar alls ekki á meðan slegið er.“

**● HVAÐ ER GOLF?** Golf er íþrótt þar sem leikmenn reyna að koma kúlu í holu í sem fæstum höggum og er notast við kylfur með mismunandi fláa. Golf er ein af fáum íþróttum sem ekki eru spilaðar á ákveðið stórum velli eða vallarhelmingi, stærðin fer eftir stærð golfvallarins.

Golf er talið vera frá Skotlandi og hefur verið spilað í að minnsta kosti 500 ár á Bretlandseyjum. Elsti golfvöllur í heimi er Old Links völlurinn við Musselburgh. Golf eins og við þekkjum það í dag hefur verið spilað á Old Links síðan 1672, svipaðar íþróttir voru þó leiknar nokkrum öldum fyrr.

*Heimild: wikipedia.org*




# Sólstöðuhátíð víkinga í Hafnarfirði 16.-20. júní 2011



## Fjölskylduhátíð

Víkingamarkaður – Leikhópur
Bardagavíkingar – Erlendir víkingar
Víkingaveitingastaðir í tjöldum
Kraftajötnar – Handverksvíkingar
Dansleikir – Víkingasveitin
Glímumenn – Eldsteikt lamb
Víkingaveislur öll kvöld, o.fl.o.fl.

VIKING village Fjörukráin HOTEL & Restaurants

## Dagskrá sólstöðuhátíðar 2011

**Fimmtudagur 16. júní.**
13.00 Markaður opnaður.
14.00 Bardagasýning
Kynning á viðburðum næstu daga, sögumenn, götulistamaður, bogfimi, tónlist, o.s. frv.
18.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
21.00 Lokun markaðar.
23.00 Dansleikur Ólafur Árni Bjarnason Trúbador og víkingur.
03.00 Lokun.

**Föstudagur 17. júní.**
13.00 Markaður opnaður.
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
16.00 Víkingasveitin
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
22.30 Dansleikur í Fjörukránni. Gylfi, Rúnar Þór og Megas halda uppi gleðinni.
04.00 Lokun.

**Laugardagur 18. júní.**
13.00 Markaður opnaður.
13.00 Kraftakeppni Magnúsar Ver
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.20 Kraftakeppni Magnúsar Ver
14.40 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
15.30 Sagnafólk í Hellinum
16.00 Rósin okkar Þjóðleg tónlist
16.00 Kraftakeppni Magnúsar Ver
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
23.30 Bjartmar Guðlaugsson.
00.15 Dans á Rósum
04.00 Lokun

**Sunnudagur 19. júní.**
13.00 Markaður opnaður.
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
15.30 Sagnafólk í Hellinum
16.00 Rósin okkar Þjóðleg tónlist
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
19.00 Bardagasýning.
19.30 Loka athöfn og víkingahátíð slitið
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
23.00 Tónlist í Fjörugarðinum að hætti víkinga.
02.00 Lokun.

## Sólstöðuhátíð víkinga er fyrir alla fjölskylduna

### 16. til 20. júní 2011

Sólstöðuhátíð víkinga verður sett í fimmtánda sinn þann 16. júní og að vanda verður hún fjölbreytt. Dágóður hópur erlendra víkinga kemur til okkar, sumir í fimmtánda skiptið. Að venju eru flestir frá Norðurlöndunum og stærsti hópurinn kemur frá Færeyjum. Þá má nefna að einn besti handverksmaður Grænlands verður með okkur á hátíðinni. Sögumenn, götulistamenn, handverksmenn sem höggva í steina og tré eða berja glóandi járn, bardagamenn og bogamenn, svo eitthvað sé nefnt. Víkingahópurinn okkar Rimmugýgur og víkingahópurinn Hringhorni frá Akranesi verða að vanda með sína skemmtilegu bardaga og glímutök á hátíðinni. Fjöldinn allur af víkingum víðsvegar af landinu hefur boðað komu sína á hátíðina. Á þriðja hundrað víkingar verða á svæðinu þegar mest lætur og fjölhæfir eru þeir eins og sjá má á upptalningunni hér að framan.

Dansleikir verða fastir liðir meðan á hátíðinni stendur. Þeir sem koma fram eru Gylfi, Megas og Rúnar Þór, Bjartmar Guðlaugsson og hljómsveitin Dans á Rósum og víkingurinn og trúbadorinn ÓlafurÁrni Bjarnason. Einnig mun hljómsveitin Rósin okkar koma fram en hún hefur sérhæft sig í þjóðlegri tónlist og ekki má gleyma okkar frábæru Víkingasveit.

Í lokin vil ég þakka þeim sem stutt hafa þetta framtak í gegnum árin en lógóin þeirra sjást hér til hliðar. Þeir hafa ekki brugðist og eru búnir að standa með okkur í gegnum öll árin, þeim verður seint fullþakkað.

Það er von mín að þessi hátíð eigi eftir að halda uppi merki víkinga og halda áfram að gleðja þá gesti sem á hátíðina koma.

**Gleðilega Sólstöðuhátíð Víkinga**
*Jóhannes Viðar Bjarnason*

**Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu okkar www.fjorukrain.is**

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilahollin.is



Saab 9-3 Linear I, 01/2006 Ekinn 63þús. Bsk 5gíra, Ný tímareim, vatnsdæla og strekkjari. Einn eigandi. Fallegur bíll. Ásett Verð 1.890.000.- Athuga skipti á ódýrari.



Chevrolet Lacetti Station, 03/2005 Ekinn 59þús. Bsk 5gíra, Álfelgur, Dráttarkrókur. Fínt eintak. Ásett Verð 1.290.000.-



Toyota Rav4 2wd VVTi, 07/2003 EKinn 85þús. Bsk 5gíra, Dráttarkrókur, Ásett Verð 1.290.000.- Athuga skipti á ódýrari.




VORTEX Heithúðun á alltar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
ADSL-, LJÓSLEIÐARA- OG ÞRÁÐLAUSAR TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEFHÝSINGAR

Verð frá
998.- kr.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA:
525 2400
WWW.VORTEX.IS

Kynntu þér 2 fyrir 1 stofntilboð okkar.

**Hringiðan Internetþjónusta**
**Skúlagata 19, 101 Reykjavík**
**Sími: 525 2400**
**WWW.HRINGIDAN.IS**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til Sölu Palomino Mustang 14 Fet, 2006 með hörðum hliðum. Sólarsella og Markísa með 3 hliðum. Góður kassi á beisli. Verð 2.390 þús. Tilboð 2.100 þús. Á staðnum. Óskum einnig eftir öllum ferðavögnum á skrá. Mikil eftirspurn og góð sala.



Til Sölu Fleetwood Cheyenne 10 fet, 2003. Sólarsella, Geymslukassi, Loftpúðar, Fortjald og Geislaspilari. Fellihýsi sem liggur vel í drætti. Athuga skipti á dýrara hjólhýsi án koja, 2,5 m á breidd. Verð 1.650 þús. Tilboð 1.550 þús.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

STÓRA BÍLASALAN



Skoda Superb 1.8T Árgerð 2004, ekinn 124þ.km, bsk, lúga. Fallegur bíll sem er til staðar. Verð 1.390.000kr. Raðnúmer 131437. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til Sölu Buerstner 3606 hjólhýsi, árgerð 1991. Fortjald, Ísskápur og Ferðasalerni. Litur vel út. Verð 990 þús. Tilboð 870 þús. Vaktað útisvæði með öryggismyndavélum. Vantar ferðavagna á staðinn. Mikið útipláss.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

bíll.is
bestir í bílum...



NISSAN Patrol gr 38"breyttur Árgerð 2002, , Dísel, sjálfskiptur 7 manna dráttarbeisli leður lúga loftdæla Verð 2.590.000. Rnr.133519.



FORD E150 econoline. Árgerð 1993, ekin aðeins 79 Þ.MÍLUR Mjög snyrtilegur Bíll með 3 Captin Stólum og U bekk aftur í sem er hægt að breyta í Rúm Tilboðsverð 890.000. Rnr.133485.



TOYOTA Hiace 4wd langur, turbo [9 manna]. Árgerð 2007, ekinn 98 Þ.KM, dísel,. Verð 3.950.000. Rnr.133363



STARCRAFT 12 fet . Öflugt fellihýsi, sem fer allt hálendið sér útbúið í hálendis ferðir Útdraganlegur borðkrókur. Ný miðstöð, Tuma.Sólarsella. Loftpúðafjöðrun. Verð 2.190.000. Rnr.133546.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

bifreiðasalan



PALOMINI YEARLING 5-2006 markisa, grjótgrind,svefntjöld,festingar fyrir 2 gaskúta, tv loftnet, geimdur inni á veturna, VERÐ 1390Þ LÁN CA.455 RAÐNÚMER.193108.



Trumatic C 6002/Miðstöð og vatnshitari ónotuð ,kostar ný rúmlega 400þ „verð 250 þ. Góð gasmiðstöð og vatnshitari (12 lítra) sem hentar vel í ferðavagna, bíla, báta og sumarhús.

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



VW Polo trendline. Árgerð 2010, ekinn 55 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.560.000. Rnr.216787.



MMC Outlander intense+. Árgerð 2007, ekinn 58 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.590.000. Rnr.215913.



M.BENZ Ml350. Árgerð 2005, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.216803.



BMW 320i touring. Árgerð 2000, ekinn 154 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.216673.



INFINITI Fx35 4wd. Árgerð 2007, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.118375.



LAND ROVER Range rover sport hse. Árgerð 2006, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.119831.



SUBARU Legacy spec b. Árgerð 2007, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.215163.



OPEL Corsa opc. Árgerð 2007, ekinn 24 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.216082.



MMC Lancer evolution. Árgerð 2005, ekinn 56 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.216714.



HONDA Civic type-r. Árgerð 2007, ekinn 44 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.216534.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

Lykilbílar ehf. bílasala



Ford Transit Blue Camp f.skr 07/2005 ek. 58 þ.km, bsk Markísa, bakkmyndavél, hjólagrind Sjón er sögu ríkari - er á staðnum.

**Lykilbílar bílasala ehf**
**Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 7700**
**Vantar húsbíla og ferðavagna á skrá og á staðinn**
**www.lykilbilar.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**Bílar til sölu**



**Ford Mustang '01**
Ek. 68mí. 8cc. 320hö. 5g. Beinskiptur. Toppeintak. V. 2.050 þús. Uppl. s. 867 1282.



Til sölu Hyundai ix 35, 08/2010. sjálfskiptur, ekinn 5.800 km. Sem nýr, verð 4.790.000 kr. Uppl. í síma 862 5575.




50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www. islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.



Opel Astra árg.' 02. Sk'12, ekinn 110þús. 1,6cc. Verð 590þús. Uppl. í s. 866 5498.



Skoda Octavia 07 Diesel. Ek 40 þús. Sjálfskiptur, DTS. Krókur. Einn eigandi frá upphafi. Cruise-control, hiti í sætum ofl. Áhv 1.8. Verð 2.590. Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 660 1038

**Til sölu**

# Sérpöntum varahluti frá USA

**Auka- og varahlutir frá USA**
Fáðu tilboð hjá okkur í þá vara- og aukahluti sem þig vantar. Hröð þjónusta og einstök fagþekking. Getum pantað bæði "original" og "aftermarket" varahluti.



PONTIAC

**Opnunartími verslunar:**
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.

Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Fasteignir


HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is


Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.


Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.

**Tími sumarhúsanna kominn, vantar sumarhús á ská hafðu samband.**

**Lindarhvammur Kóp.**



Einstaklega vel staðsett og virðulegt einbýlishús, hæð og kjallari ásamt bílsúr, alls 227 fm.
**ATH. gott verð kr. 45,9 millj. Sjá myndir á fasteignir.is**

**Laugarásvegur glæsilegt einbýli.**



Glæsilegt og mikið endurnýjað einbýlishús á tveimur hæðum. Sér íbúð á neðri hæð og bílskúr m. gryfju. Frábært útsýni yfir Laugardalinn og borgina.
**Verð kr. 85 millj. sjá myndir á fasteignir.is**

**Laufrimi 3ja**



Sérlega falleg, íbúðarmikil og vel skipulögð 104 fm endaíbúð á 3. hæð. Sérinngangur af svölum hússins. Vandaðar innréttingar.
**Verð. 22,2 millj.**

**Til leigu: Steinhella í Hafn.**
**165 - 1000 fm einingar í nýju húsi.**
**Sanngjörn leiga.**
**Upplýsingar: Ásmundur á Höfða s. 895 3000**



**Snorrabraut 56 – eldri borgarar**
ATH. laus strax. Falleg og vel skipulögð 67,1 fm. íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri.
**Gott verð kr. 19,9 millj.**



**Ásbrekka Álftanesi**
Glæsileg 107 fm íbúð á efri hæð með sér inngangi í nýlegu húsi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Hagstætt áhvílandi lán upp á kr.26,5 millj.
**Verð 28,9 millj. Uppl. Veitir Ásmundur á Höfða s. 895 3000**

**Sumarhús í Borgarfirði, helst í skiptum fyrir íbúð. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.**

**Fyrir traustan kaupanda leitum við að:**
**Góðri sérhæð í hverfum 105, 101 eða 107.**
**Æskileg stærð c.a 130-150 fm ásamt bílskúr.**
**Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s.8927798.**


## Atvinna

# HAGKAUP
# INNKAUPADEILD

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða aðstoðarmann í innkaupadeild. Starfið er fólgið í tölvuvinnslu, skýrslugerð, pöntunum á vörum, samskiptum við birgja og starfsfólk verslana.***

- Við leitum að starfsmanni sem hefur áhuga á kaupmennsku og fatnaði. Æskilegt er að umsækjandi hafi a.m.k. stúdentspróf, geti unnið sjálfstætt og vel undir álagi.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á starfsmannahald@hagkaup.is fyrir 21. júní.

Allar nánari upplýsingar veitir Arndís starfsmannafulltrúi í síma 563 5000.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Brautarholt 1, golfvöllur

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Brautarholt 1 á Kjalarnesi þar sem gert verður ráð fyrir golfvelli. Deiliskipulagið nær yfir allan syðri hluta jarðarinnar. Á svæðinu eru m.a. áformaðar 20 golfbrautir ásamt bílastæðum og byggingareitum fyrir klúbbhús, dæluhús, áhalda- og starfsmannahús, lítil skýli til áningar ásamt íbúðarhúsi og bílgeymslu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Steinahlíð við Suðurlandsbraut

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðar leikskólans Steinahlíð við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlega leikstofu ásamt afmörkun svæðis fyrir áður gerð bílastæði.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 15. júní 2011 til og með 28. júlí 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 28. júlí 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 25. maí 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíku

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Fullt af nýjum vörum

KRAKKAR



**MAGNI hettupeysa**
ÁÐUR: 10.800 kr. **NÚ: 7.500 kr.**

KRAKKAR



**LOKI jakki**
ÁÐUR: 8.200 kr. **NÚ: 5.700 kr.**

DÖMUR



**VÍK hettupeysa**
ÁÐUR: 22.500 kr. **NÚ: 15.750 kr.**

DÖMUR



**LANGJÖKULL jakki**
ÁÐUR: 43.800 kr. **NÚ: 26.500 kr.**

HERRAR



**VÍK hettupeysa**
ÁÐUR: 19.500 kr. **NÚ: 12.500 kr.**

HERRAR



**VÍK jakki**
ÁÐUR: 16.500 kr. **NÚ: 9.900 kr.**

**Bakpokar og gönguskór á góðu verði.**

**Faxafeni 12:** Mið. - fös. 8 - 18 I Lau. 11 - 16
**Glerárgata 32, 600 Akureyri** Mán.- fös. 10 -18 I Lau. 11-16



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**G. Kjartans Sigurðssonar**
vélstjóra, Háaleiti 27, Keflavík.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir alúð og góða umönnun. Megi guðs blessun fylgja ykkur öllum.

**Erla Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Kjartansson** **Gerður Eyrún Sigurðarsóttir**
**Margrét Ragna Kjartansdóttir** **Pétur Valdimarsson**
**Hafdís Kjartansdóttir** **Árni H. Árnasson**
**Sif Kjartansdóttir** **Haukur H. Hauksson**
**Lilja Guðrún Kjartansdóttir** **Svanur Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir og bróðir,*

**Magnús Magnússon**

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 7. júní. Útför hans fer fram í Grafarvogskirkju 20. júní kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja heldur Hjálparstarfsemi Kattholts. Reikningsnúmerið er 0113-15-38-1290 og kt. 550378-0199. Magnús hefði viljað það.

**Ingibjörg Erla Birgisdóttir**
**Ólöf Margrét Magnúsdóttir**
**Halldór Magnússon** **Gunnlaug Eyfells Árnadóttir**
**Ólafur Erlingsson** **Sigríður Margrét Rósinkransdóttir**
**Svavar Magnússon** **Emilía Júlía Kjartansdóttir**



*Einlægar þakkir til allra þeirra er sýndu samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systir, ömmu og langömmu,*

**Valgerðar Guðrúnar Vilmundardóttur**
Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A6 Landspítala Fossvogi og starfsfólks Múlabæjar fyrir góða umönnun.

**K. Kolbrún Baldursdóttir** **Guðmundur Fr. Ottósson**
**Ásgeir Torfason** **Hrefna S. Sigurnýasdóttir**
**Ástríður G. Torfadóttir** **Trausti Þ. Ævarsson**
**Valgerður G. Torfadóttir** **Elías Kári Halldórsson**
**Ragnhildur Torfadóttir** **Kristján Sigurðsson**
**Þórunn Vilmundardóttir**
**Jón Árni Vilmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dóra Magga Arinbjarnardóttir**

lést fimmtudaginn 9. júní á deild B2, Landspítala í Fossvogi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurður Gestsson**
**Guðný Elíasdóttir** **Hörður Ingi Torfason**
**Grétar Páll Stefánsson** **Erla Sveinbjörnsdóttir**
**Kristín Þóra Sigurðardóttir** **Haraldur Ragnarsson**
**Salbjörg Sigurðardóttir** **Guðmundur Magnús Halldórsson**
**Gestur Sigurðsson** **Íris Huld Guðmundsdóttir**
**Linda Sigurðardóttir** **Páll Jóhannes Aðalsteinsson**
**Axel Baldvinsson** **Halldóra Pétursdóttir**
**Björgvin Kristjánsson** **Sigríður Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S. HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

# Kíló af bókum á þúsund krónur

Horfið er aftur til fyrri tíma þegar stigið er inn fyrir þröskuldinn á Gömlu bókabúðinni við Hafnarstræti 3-5 á Flateyri. Húsið við Hafnarstræti á sér enda langa sögu, en þar var starfrækt verslun frá 1908 til 1999. Lengst af ráku hjónin Jón Eyjólfsson og Guðrún Arnbjarnardóttir verslun með sitt lítið af hverju, allt frá álnavöru til málningar og sælgætis. Eftir andlát Jóns árið 1950 rak Guðrún verslunina til dánardægurs árið 1983. Tóku börn og barnabörn þeirra hjóna þá við rekstri verslunarinnar og héldu honum áfram til ársins 1999.

Árið 2003 festi Minjasjóður Önundarfjarðar kaup á húsinu, sem hýsir auk verslunarinnar heimili þeirra Jóns og Guðrúnar. Íbúð þeirra stendur óbreytt að mestu leyti. Gestir fá tækifæri til að skyggnast inn í íbúðina og njóta þess gamla anda sem þar svífur yfir vötnum. Minjasjóðurinn rekur einnig bókaverslun og minjagripaverslun í húsinu. Þar er hægt að kaupa notaðar bækur eftir gömlu búðarvigtinni, en kíló af lestrarefni kostar þúsund krónur.

Þar má einnig kaupa ýmsa minjagripi og sælgæti í kramarhúsum. Auk þess sultur og seyði frá Dalbæ á Snæfjallaströnd, fjallagrös, jurtate og fleira. Í búðinni geta börn spreytt sig á að vigta grjón og hveiti á gömlu voginni eða skrifa með bleki og griffli.

Gamla bókabúðin var nýverið opnuð fyrir sumarið og verður höfð opin út ágúst frá 11 til 17 alla daga nema sunnudaga, þegar hún er opin frá 14 til 17.



**AFTUR TIL FORTÍÐAR** Í gömlu bókabúðinni á Flateyri er selt alls konar góðgæti, sultur, sælgæti, fjallagrös og fleira.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Haukur Frímann Pálsson**
mjólkurfræðingur frá Sauðárkróki, Nónhæð 2, Garðabæ,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 13. júní, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 20. júní klukkan 15.00.

**Sigurlaug Valdís Steingrímsdóttir**
**Steingrímur Hauksson** **Maggý Dögg Emilsdóttir**
**Sigrún Hauksdóttir** **Sigbjörn Ármann**
**Theodóra Hauksdóttir** **Sigurður Sævar Gunnarsson**
**og barnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hans Ploder**
fagottleikari,

lést á Landspítalanum Fossvogi hvítasunnudag 12. júní. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Jóhanna Kristín Jónmundsdóttir**
**Franz Ploder**
**Aðalheiður Ploder**
**Bryndís Ploder**
**Björgvin Ploder**
**Jóhanna Ploder**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Einlægar þakkir fyrir allar þær fallegu og hlýju kveðjur sem okkur bárust vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þorsteins Jóakimssonar**
bifreiðarstjóra, Hlíf 2, Ísafirði.

Starfsfólk heimahjúkrunar á Hlíf og læknar og starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fá sérstakar þakkir fyrir einstaka alúð og góða umönnun.

**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** **Páll Kristmundsson**
**Rósa Þorsteinsdóttir** **Árni Aðalbjarnarson**
**Gunnar Theodór Þorsteinsson** **Elín Huld Halldórsdóttir**
**Friðgerður Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## 60 ára afmæli

**Lilja Jónsdóttir**

er sextug í dag, 15. júní. Af því tilefni munu hún og eiginmaður hennar Snorri Guðmundsson taka á móti ættingjum og vinum milli klukkan 18 og 20 í Oddfellowhúsinu að Vonarstræti 10 í Reykjavík. Vonast þau til að sjá sem flesta.



**Páll Ólafsson**
Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést föstudaginn 10. júní síðastliðinn.
Fyrir hönd vandamanna,

**Sigurður Ólafsson.**



*Okkar ástkæra*

**Guðrún Guðmundsdóttir**
kjólameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 13. júní síðastliðinn.

**Guðmundur Helgi Haraldsson**
**Helga Þorkelsdóttir**
**Kristrún Haraldsdóttir** **Þorbjörn Rúnar Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Eiginmaður minn,*

**Ómar Árnason**
cand act, til heimilis að Móabarði 20, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala laugardaginn 11. júní.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hrafnhildur Oddný Kristbjörnsdóttir.**




# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



**SETT: Stuttbuxur og bolur**

**4.990**

**ADIDAS PES TEE TESTA**
Fótboltatreyja. Litir: Svört, blá.
Stærðir: 128-164. Verð: **3.290**

**ADIDAS EQUIP SHORT**
Fótboltastuttbuxur. Litur: Svartar.
Stærðir: 128-164. Verð: **3.490**

**6.990**




**NIKE PARK II FG JR**
Fótboltaskór. Stærðir: 28-38,5.

**6.990**




**NIKE PARK II TF**
Gervigrasskór. Stærðir: 28-38,5

**1.990**




**ADIDAS ADIPURE GLIDER**
Fótbolti.

**1.990**




**PRO TOUCH FORCE 30 HS**
Fótboltalegghlífar. Stærðir: 120-180.

**2.690**




**ADIDAS RESPONSE JUNIOR**
Markmannshanskar. Stærðir: 4 og 5.

**1.390**



**HUMMEL SPAIN**
Fótboltasokkar.

EXPO • www.expo.is

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sót, **6.** hljóm, **8.** árstíð, **9.** hluti kynfæra, **11.** frú, **12.** langt op, **14.** dáð, **16.** fyrirtæki, **17.** fjallaskarð, **18.** hylli, **20.** nafnorð, **21.** horfðu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lýð, **3.** átt, **4.** örvandi efni, **5.** dýrahljóð, **7.** sætuefni, **10.** gifti, **13.** ískur, **15.** skref, **16.** máltíð, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** ösku, **6.** óm, **8.** vor, **9.** leg, **11.** fr, **12.** klauf, **14.** afrek, **16.** ms, **17.** gil, **18.** ást, **20.** no, **21.** litu.
**LÓÐRÉTT:** **1.** fólk, **3.** sv, **4.** koffein, **5.** urr, **7.** melassi, **10.** gaf, **13.** urg, **15.** klof, **16.** mál, **19.** tt.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið




Þú færð Fréttablaðið á 29 stöðum á Vesturlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120** sölustöðum um land allt.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

| | | |
|---|---|---|
| N1 verslun, Akranesi | Þjónustumiðstöð Vegamót | Bónus, Ísafirði |
| Bónus, Akranesi | Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði | Samkaup Úrval, Ísafirði |
| Olís, Akranesi | Bónus, Stykkishólmi | Olís, Bolungarvík |
| Krónan, Akranesi | Olís, Stykkishólmi | Samkaup Úrval, Bolungarvík |
| Samkaup Strax, Akranesi | Hrannarbúðin, Grundarfirði | N1, Hamona, Þingeyri |
| Bónus, Borgarnesi | Samkaup Úrval, Grundarfirði | |
| Olís, Borgarnesi | N1, Ólafsvík | |
| Samkaup Úrval, Borgarnesi | Olís, Ólafsvík | |
| Samkaup Hyrnan, Borgarnesi | N1, Hraðbúðin Hellissandi | |
| Verslunin Baulan, Borgarnesi | Samkaup Strax, Búðardal | |
| Háskólinn Bifröst, Borgarfirði | N1, Þjónustustöð, Ísafirði | |
| Samkaup Strax, Bifröst, Borgarnesi | Hamraborg, Ísafirði | |

**Það fá allir afmælisblöðru*** **á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**

*Meðan birgðir endast




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft



Leikhópurinn Lotta verður á ferð um landið í allt sumar og sýnir

# Mjallhvíti og dvergana sjö.

Fylgist með á Facebook og á www.leikhopurinnlotta.is



**Vesturland og Vestfirðir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7. júní | þriðjudagur | kl. 18 | Akranes |
| 9. júní | fimmtudagur | kl. 18 | Borgarnes |
| 10. júní | föstudagur | kl. 18 | Ólafsvík |
| 11. júní | laugardagur | kl. 13 | Grundarfjörður |
| 11. júní | laugardagur | kl. 17 | Stykkishólmur |
| 12. júní | sunnudagur | kl. 13 | Patreksfjörður |
| 12. júní | sunnudagur | kl. 17 | Tálknafjörður |
| 13. júní | mánudagur | kl. 18 | Ísafjörður |
| 14. júní | þriðjudagur | kl. 18 | Bolungavík |
| 2. júlí | laugardagur | kl. 14 | Hólmavík, Hamingjudagar |
| 9. júlí | laugardagur | kl. 13 | Munaðarnes |
| 9. júlí | laugardagur | kl. 17 | Húsafell |
| 30. júlí | laugardagur | kl. 13 | Munaðarnes |
| 30. júlí | laugardagur | kl. 17 | Húsafell |
| 7. ágúst | sunnudagur | kl. 15 | Gilsfj., Ólafsdalshátíð |


# Bylting endar í grískum blús

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

„Lífið er viðbjóðslegur vindlingur en ég reyki hann samt.“ Þannig hljómar lína úr eldgömlum rebetika-söng. Sú tónlist er stundum nefnd gríski blúsinn, en ekki veitir af blús þar við Eyjahafið um þessar mundir.



**ÞESSI** lagstúfur kemur upp í kollinn á mér nú þegar ég sé botninn detta úr byltingunni hér á Spáni. Torgtökumenn, eins og nýyrðasmiðurinn Kristinn R. Ólafsson kallar þá, virðast vera að missa móðinn og bera ekki lengur sorg sína á torg heldur ætla þeir nú að fara heim og blúsa þar. En hvernig má það vera að byltingin lognist út af í þessu ástandi sem hér ríkir? Ætti hún ekki einmitt að vera borðleggjandi í atvinnuleysinu og blankheitunum?

**ÉG HELD** að það sem sé að bregða fæti fyrir byltingarsinna hér á Spáni sé hrein og bein hugmyndakreppa. Við lifum nefnilega á tímum þar sem fólk er orðið afar meðvitað um allt það sem það vill ekki en hefur varla leitt hugann að því hvað það í raun og veru vill. Þar af leiðandi hefur byltingin ekkert nýtt að bjóða.

**EF TIL** vill er þessi hugmyndakreppa tilkomin af offramboði á gáfumönnum, sem tala um allt það sem ómögulegt er, en sárum skorti á innblásnum andans mönnum sem deila með umheiminum hugmyndum sínum um nýjan heim. Þannig verður haus okkar fullur af slagorðum gegn stríðsbrölti og fjármálakerfinu en snauður af hugmyndum um það hvernig við getum hætt að tryggja þessi öfl í sessi.

**ÉG MINNIST** dæmisögunnar um indíánann aldna og spaka sem sagði barninu að inni í hverjum manni væru tveir ernir í erjum, annar héti Gráðugur en hinn Hugsuður. Barnið spurði náttúrlega hvor myndi hafa betur og hann svaraði: „Sá sem þú hugsar betur um.“

**ÉG TEK** undir með franska hugsuðinum Stéphane Hessel, sem er eins konar hugsjónafaðir byltingarsinna hér, að maður á að láta hneykslun sína í ljós gagnvart því óréttlæti sem stjórnandi öfl viðhafa til að tryggja völd og hagsmuni. En ég er líka orðinn óskaplega þyrstur eftir því að heyra einhvern láta sig dreyma eins og John Lennon gerði í laginu Imagine. En þar sem draumóratal er ekki í tísku held ég bara áfram að syngja þennan gríska blús: „Lífið er viðbjóðslegur vindlingur en ég reyki hann samt.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
750ml á verði 500ml
598 KR.
ÍTALÍA EXTRA VIRGIN OLÍA
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKAR BLÓÐBERG, BIRKILAUF, AÐALBLÁBERJALYNG OG EINIR. KRYDDJURTIR
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1298 KR.KG
Íslenskt HEIÐALAMB með villtum Íslenskum kryddjurtum
1298 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1198 KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
1198 KR.KG
K.S FROSIÐ HEILT LAMBALÆRI
198 KR.
PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN
2 LTR. FLÖSKUR 198 KR. STK
Ali
598 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
659 KR.
COKE-KIPPA 4 flöskur 1,5 ltr.
Alls: 6 ltr. 659 kr
1398 KR.KG
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
KJARNAFÆÐI KOFAREYKT AÐ NORÐAN
598 KR. 3 kassar
GÓU ÞRENNAN PRINSBITAR
ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR
Coca-Cola zero 59 KR.
1998 KR.KG
ÞÝSKAR KALKÚNABRINGUR FROSNAR
1598 KR.KG
2598 KR.KG
KOFAREYKTUR ÚRBEINAÐUR
HANGIFRAMPARTUR 1598 kr.kg
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ
HANGILÆRI 2598 kr.kg.
Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
Jarðarberja ís 2 lítrar
898 KR. 760g
BÓNUS GULRÓTARKAKA
298 KR. 420g
MYLLU MÖNDLUKAKA
98 KR. 5 kökur
BÓNUS FLATKÖKUR
NICKY 3 Free Rolls
798 KR.
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
BÓNUS ÍS 2 ltr
298 kr.
BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
259 kr.
Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI
Þarftu að ná sambandi við Bónus?
Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is
AFGREIÐLUTÍMI Í BÓNUS 16.JÚNÍ
10:00-19:30
Allar verslanir
Í DAG 15.JÚNÍ
12:00-18:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA

# menning

menning@frettabladid.is

**LEIÐSÖGN UM VERK BARBÖRU ÁRNADÓTTUR** Guðbjörg Kristjánsdóttir lóðsar gesti um yfirlitssýningu Barböru Árnason í Gerðasafni klukkan 15 í dag. Þetta er síðasti sýningardagur sýningarinnar Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

## Stuttmyndadagar hefjast

**Átján myndir eru á dagskrá hinna árlegu Stuttmyndadaga í Reykjavík, sem fara fram í Bíói Paradís í dag og á morgun. Hér gefst einstakt tækifæri til að sjá það ferskasta í grasrót íslenskra kvikmynda.**

**Veitt verða þrenn verðlaun fyrir bestu myndirnar auk áhorfendaverðlauna. Verðlaunamyndirnar verða sýndar á Rúv. Aðgangur er ókeypis en dagsrkána má finna á bioparadis.is.** - bs

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 15. júní 2011**

**Tónleikar**

**20.00** **Friðrik Ómar** og **Jógvan Hansen** flytja Vínalög í Keflavíkurkirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**20.00** Emil Friðfinnsson hornleikari og Þórarinn Stefánsson píanóleikari leika á Kammertónleikum í **Norræna húsinu.** Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og félagsmenn FÍT. **Ókeypis aðgangur fyrir fólk yngra en 21 árs.**

**21.00** Rafhljómsveitin **Captain Fufanu** heldur styrktartónleika á Faktorý fyrir tónleikaferð sína. Einnig spila **Dj Margeir og Stefán Finnboga**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Tónlistarkonan **María Magnúsdóttir** heldur tónleika á veitingastaðnum Kryddlegnum hjörtum við Skúlatún. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# SKJALDBORG FESTIR SIG Í SESSI

**Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg var haldin í fimmta sinn á Patreksfirði um helgina og heppnaðist vel. Jón og séra Jón eftir Steinþór Birgisson hreppti áhorfendaverðlaunin.**

Rúmlega þrjú hundruð gestir lögðu leið sína á heimildarmyndahátíðina Skjaldborg, sem haldin var á Patreksfirði fimmta árið í röð um hvítasunnuhelgina.

Á dagskrá voru um 20 myndir og verk í vinnslu. Efnistök voru fjölbreytt en bændur og bændamenning voru algengt stef á dagskránni. Í ljósi þess fór því vel á að Ómar Ragnarsson væri heiðursgestur hátíðarinnar, en hann hefur gert aragrúa kvikmynda um fólk á landsbyggðinni. Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður spjallaði við Ómar í Skjaldborgarbíói á laugardagskvöld. Ómar leit þar yfir farinn veg og sýndi brot út gömlum verkum eftir sig og væntanlegum.

Gæði myndanna á hátíðinni í ár voru óvenju mikil og að öðrum ólöstuðum þóttu fimm myndir einna sigurstranglegastar í keppninni um áhorfendaverðlaunin: Jón og séra Jón eftir Steinþór Birgisson; Paradox eftir Sigurð Skúlason og Hafstein Gunnar Sigurðsson; Ge9n eftir Hauk Má Helgason; Bakka Baldur eftir Þorfinn Guðnason og Land míns föður eftir Ólaf de Fleur. Allt merkilegar myndir sem vonandi verða teknar til almennra sýninga áður en langt um líður.

Á sunnudagskvöld var tilkynnt á lokaballi í félagsheimilinu á Patreksfirði að mynd Steinþórs, Jón og séra Jón, hefði orðið hlutskörpust í kosningunni. Myndin, sem jafnframt var opnunarmynd hátíðarinnar, fjallar um séra Jón Ísleifsson, sérlundaðan prest og búskussa sem hraktist úr embætti í Árnesi á Ströndum 2003, vegna deilna við söfnuðinn.

Steinþór heimsótti séra Jón reglulega og fylgdist með honum áður en hann yfirgaf sóknina. Myndin veitir merkilega innsýn í sálarlíf óvenjulegs manns, erfiða sambúð hans við sóknarbörn í fámennri sveit og vinnubrögð kirkjunnar svo nokkuð sé nefnt.

Sérstakur Skjalborgartími, sem tekinn var upp á föstudeginum, var misráðinn og ruglaði margan hátíðargestinn í ríminu. Á heildina litið var hátíðin hins vegar vel heppnuð; dagskráin var þétt en ekki ofhlaðin og samkomur á kvöldin sköpuðu indæla samkennd og kunningsskap meðal sýningargesta og heimilislegan brag, sem erfiðara væri að ná fram á sambærilegri hátíð í höfuðborginni. Á fimm árum hefur Skjaldborg náð að festa sig í sessi sem einn af athyglisverðari menningarviðburðum.

bergsteinn@frettabladid.is



**STEINÞÓR BIRGISSON** Mynd hans Jón og séra Jón hlaut áhorfendaverðlaun Skjaldborgar. Steinþór lauk tökum á myndinni 2003 en lauk eftirvinnslu tólf stundum fyrir frumsýningu.

MYND/ARRÓ STEFÁNSSON




**SKJALDBORGARBÍÓ** Rúmlega þrjú hundruð gestir voru á hátíðinni í ár, sem þótti heppnast afar vel.

MYND/BJÖRN ÓMAR GUÐMUNDSSON

### MYND SEM GERJAÐIST Í TÆP ÁTTA ÁR

„Jón sýndi mér mikinn trúnað og hreinskilni og opnaði sig á hátt sem er sjaldgæft að fólk geri fyrir framan myndavél," segir Steinþór Birgisson, leikstjóri myndarinnar Jón og séra Jón. Hann kynntist séra Jóni Ísleifssyni í gegnum sameiginlegan vin, Tuma Magnússon myndlistarmann. Eftir að hafa frétt af deilunum við söfnuðinn fékk Steinþór þá hugmynd að gera mynd um prestinn í Árnesi.



Úr myndinni Jón og séra Jón.

Tökum lauk 2003. Steinþór segir ýmislegt hafa valdið því að eftivinnslan dróst á langinn í hjartnær átta ár.

„Jafnvel ákveðinn verkkvíði: ég vissi að þetta væri afar sérstakt efni og viðkvæmt. Ég hef alltaf unnið að myndinni með hléum en tókst aldrei að fara með hana í þá átt sem ég vissi að hún yrði að fara til að heppnast. Kannski var ég ómeðvitað að hafa vit fyrir sjálfum mér því ég var hreinlega ekki nógu þroskaður til að klára. Þetta var verk sem þurfti að gerjast. En það var líka lán í óláni í ljósi tíðarandans. Ég held að það sé miklu frjórri jarðvegur fyrir svona mynd eftir hrun en fyrir." Jón tók ekki þátt í eftirvinnslunni en Steinþór rak smiðshöggið á myndina aðeins hálfum sólarhring fyrir frumsýningu á Skjaldborg og horfði á hana ásamt söguhetjunni.

„Hann var hæstánægður, faðmaði mig og kyssti."

Steinþóri þykir vænt um þau góðu viðbrögð sem myndin fékk um helgina og ætlar að reyna að nýta sér þau.

„Það eru uppi hugmyndir um að sýna hana með viðhöfn í Reykjavík í haust og láta síðan á reyna hvort nokkur sé reiðubúin að borga sig inn á hana."








adidas is all in



**20 VIKUR** eru síðan frumraun söngvarans Bruno Mars, Just the Way You Are, náði toppsætinu á Billboard-listanum. Ekkert lag hefur áður setið svo lengi á toppnum í fimmtíu ára sögu listans.

# Hugsaði ekki út í afleiðingarnar

Paul McCartney hefur viðurkennt að hann hafi ekki hugsað út í afleiðingarnar þegar hann lýsti því yfir fyrir fjörutíu árum að hann hygðist ekki semja fleiri lög með John Lennon.

McCartney hefur almennt verið talinn sá sem leysti Bítlana upp árið 1970. Hann var í viðtali vegna fyrstu sólóplötu sinnar og sagðist ekki ætla að vinna með John Lennon aftur. Og þar með var Bítlaævintýrið úti. „Ég hef verið sagður vera mjög fljótfær. Ég verð mjög ákafur þegar ég fæ hluti á heilann og það er yfirleitt gott, þá kemur maður hlutunum í verk. Öðru hvoru getur þetta hins vegar valdið ákveðnum vandræðum af því að maður hugsar ekki út í afleiðingarnar. Og á þessum tíma hugsaði ég ekkert út í þær, ég var bara að gefa út plötu með efni sem ég kunni ákaflega vel við.“

Paul segir að hann hafi hitt hina meðlimi Bítlana mánuði áður og þar hafi John lýst því yfir að hann ætlaði að yfirgefa hljómsveitina. Sambandsslit Bítlanna vörpuðu skugga á útgáfu sólóskífu Pauls en sjálfur kveðst hann vera stoltur af henni, hún hafi rutt brautina fyrir heimagerðar plötur. Paul var upptökustjórinn á henni og lék á nánast öll hljóðfærin sjálfur. „Þegar maður hugsar um það eru ótrúlega margar plötur gerðar á þennan hátt í dag af því tækninni hefur fleygt mikið fram. Og í raun og veru var ég hálfgerður brautryðjandi á þessu sviði án þess að gera mér grein fyrir því.“



**ENDALOK BÍTLANNA** Paul McCartney rifjaði það upp á dögunum þegar Bítlarnir hættu störfum.






**SHEEN FÆR NÝJAN ÞÁTT** Samkvæmt slúðursíðunni TMZ er von á nýjum sjónvarpsþætti með glaumgosanum Charlie Sheen.

## Von á nýjum þætti með Charlie Sheen

Charlie Sheen er í samningaviðræðum við sjónvarpsmenn ytra um að fara með aðalhlutverk í nýjum gamanþætti. Sheen fór með aðalhlutverkið í gamanþáttunum Two and a Half Men en var rekinn fyrr á árinu og leikarinn Ashton Kutcher ráðinn í hans stað. Samkvæmt slúðursíðunni TMZ á þátturinn að vera skrifaður sérstaklega fyrir Sheen og fer beint í almennar sýningar, án þess að gera þurfi sérstakan prufuþátt eða „pilot“.



**ALLT Í GRÍNI GERT** Eminem segir í nýjasta lagi sínu að Lady Gaga sé með kynfæri karlmanns. Hann segir þetta þó vera grín.

## Grínast á kostnað Gaga

**Nýjasta lag rapparans Eminem hefur farið fyrir brjóstið á aðdáendum Lady Gaga, en í laginu „A Kiss“ segir rapparinn að söngkonan sé í raun karlmaður. Hann segir þetta þó allt í gríni gert. „Stundum fæ ég bara einhvern brandara í kollinn og mig langar að deila honum með heiminum, ef þið skiljið mig,“ sagði Eminem og bætir því við að hann hafi ennþá mikið dálæti á Lady Gaga.**

# Ástamál Pippu í brennidepli

Breskir og bandarískir fjölmiðlar eru eins og mý á mykjuskán þegar Pippa Middleton og ástamál hennar eru annars vegar. Nýlega var greint frá því að ungfrú Middleton væri hætt með bankastarfsmanninum Alex Loudon en fjölmiðlar voru ekki lengi að þefa hana uppi á fínum veitingastað með George Percy, syni hertogans af Norðymbralandi.

Samkvæmt tímaritinu US Weekly átti parið innilega stund yfir glæsilegum málsverði en þau færðu sig síðan yfir í íbúð hertogasonarins. Pippa yfirgaf hana snemma um morguninn eftir að hafa kvatt Percy með kossi ef marka má sjónarvotta. Pippa og Percy eru reyndar vinnufélagar um þessar mundir og ef marka má orð eins vinar Pippu svífur engin rómantík yfir vötnum þegar Percy og hún eru annars vegar. „Henni þykir mjög vænt um George en aðeins sem vin. Þau hafa alltaf verið félagar.“



**EFTIRSÓTT** Pippa Middleton er sennilega ein eftirsóttasta einhleypa kona Bretlands um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýtt andlit Vuitton

Það er engin önnur en leikkonan Angelina Jolie sem er andlit nýrrar auglýsingaherferðar tískuhúss Louis Vuitton.

Myndatakan fór fram í Kambódíu og var ljósmyndarinn Annie Leibovitz bak við linsuna. Það sem vekur athygli er að Jolie klæðist sínum eigin fatnaði, er með gamla tösku á arminum og nánast ómáluð á myndinni.

Myndin er hluti af auglýsingaherferð tískuhússins sem ber nafnið Core Values og á að endurspegla persónulegar sögur myndefnisins. Jolie ættleiddi sinn fyrsta son, Maddox, frá Kambódíu og því engin tilviljun að föðurland hans varð fyrir valinu. Söngvarinn Bono og Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, eru meðal þeirra sem taka þátt í herferðinni ásamt Jolie.



**ÓMÁLUÐ FYRIR LOUIS VUITTON** Það er ekki mikið um glamúr í nýrri auglýsingaherferð Louis Vuitton tískuhússins sem skartar meðal annars Angelinu Jolie.



**MIKILL HEIÐUR** Victoria Beckham hefur beðið góðvinkonu sína, Evu Longoria, um að vera guðmóðir dóttur sinnar sem fæðist í júlí. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eva verður guðmóðir

**Victoria Beckham hefur beðið Evu Longoria um að vera guðmóðir ófæddrar dóttur sinnar. Beckham-hjónin eiga von á stúlku í júlí en fyrir eiga þau þrjá stráka, hinn tólf ára gamla Brooklyn, hinn átta ára Romeo og hinn sex ára Cruz. „Victoria stakk upp á þessu við David og þau vilja bæði að Eva verði guðmóðirin. Henni finnst þetta mikill heiður,“ sagði vinur hjónanna við dagblaðið The Sun.**



**HÆFILEIKARÍK** Elle Fanning, til vinstri, lítur á Francis Ford Coppola sem afa sinn. Hér er hún með Sofiu Coppola. NORDICPHOTOS/GETTY

# Coppola eins og afi minn

**Hin unga Elle Fanning fer með eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni Super 8 sem frumsýnd var vestanhafs á dögunum. Fanning er dugleg að veita viðtöl til að kynna kvikmyndina og í einu slíku segist hún líta á leikstjórann Francis Ford Coppola sem afa sinn.**

**„Mér finnst eins og hann sé ítalski afi minn. Hann hefur gefið mér nokkur góð ráð og eitt þeirra var að elska það sem ég geri. Hann sagði að maður geti ekki leikið fyrir neinn nema sjálfan sig. Og það er satt!“ sagði Fanning.**


FRÁBÆRT KYNNINGARTILBOÐ



GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI



intra
Inspired by design

Tilboðsverð: 18.900,- kr

INTRA STÁLVASKUR UNIVERSO 100D
STÆRÐ: 790 X 500 MM



intra
Inspired by design

Tilboðsverð: 21.900,- kr

INTRA UNIVERSO 150 STÁLVASKUR
STÆRÐ: 580 X 500 MM




FMM ELDHÚSTÆKI
Verð kr. **11.500.-**

**Allar vörur frá Intra - Teka eru unnar úr hágæða stálblöndu (18/10 ryðfríu stáli).**

intra
Inspired by design

Tilboðsverð: 24.900,- kr



INTRA UNIVERSO 150D STÁLVASKUR
STÆRÐ: 1000 X 500 MM

**Hágæðavörur á lágu verði**

Opið virka daga frá 8-18

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 www.tengi.is
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050 tengi@tengi.is

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 - 11:30 | 12 |
| SUPER 8 Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali | Sýnd í 2D kl. 10:20 M/Texta | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 2D kl. 6 - 8 - 10:50 | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5:20 | 10 |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HANGOVER PART II | kl. 5.30 - 8 -10.25 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5.10 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 5.30 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 8 - 11 | 10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali | Sýnd í 3D kl. 8 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 3D kl. 10 | 10 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 | 12 |
| X-MEN : FIRST CLASS | kl. 10:20 | 14 |

SMÁRABÍÓ X-MEN FIRST CLASS HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| SUPER 8 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SUPER 8 Í LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.40 | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 6 - 9 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| FAST FIVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SUPER 8 | 5.50, 8, 10.15(POWER) |
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30 og 9 |
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D | 4 - ISL TAL |
| KUNG FU PANDA 2 2D | 4 - ISL TAL |




**STOLIÐ LEIKRIT** Rithöfundurinn Hugleikur Dagsson er í sárum eftir að tölvu hans var stolið. Á henni var meðal annars handrit að leikriti sem sett verður upp í Borgarleikhúsinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tapaði heilli hryllingsmynd

**Rithöfundurinn og grínistinn Hugleikur Dagsson lenti í þeirri óskemmtilegu reynslu að brotist var inn til hans um helgina. Þjófarnir höfðu meðal annars á brott með sér tölvu sem hefur að geyma óbirt leikrit, tvær bækur og handrit að hans fyrstu hryllingsmynd.**

„Ég er hálf lamaður eftir þetta," segir Hugleikur Dagsson rithöfundur, en brotist var inn til hans á laugardagskvöldið og heimilið hreinsað af tölvum, hljómgræjum, sjónvarpsflakkara og upptökuvél. Ein af tölvunum tveimur sem var stolið frá Hugleiki, grá MacBook Pro þakin Star Wars límmiðum, hefur að geyma ævistarf Hugleiks. Þar á meðal er leikrit sem hann hefur verið með í smíðum í nokkurn tíma og áætlað er að fari á fjalir Borgarleikhússins á komandi leikári.

„Ég vil ekki gefa of mikið uppi um söguþráð og titil leikritsins en ég var tilbúinn með fyrsta uppkastið. Svo var ég hálfnaður með annað uppkastið og á ekki til neitt afrit af því," segir Hugleikur. Á umræddri tölvu voru einnig handrit að framhaldsbókunum Popular Hits 2 og Garðarshólmi 2 en þær eiga báðar að koma út fyrir jólin.

„Handritið að minni fyrstu hryllingsmynd er einnig á tölvunni og það væri frekar súrt að glata því. Á upptökuvélinni var svo skemmtileg heimildarmynd um ferðalag mitt um páskana á hátíðina Aldrei fór ég suður. Allt er þetta ómetanlegt í mínum augum og ég er í sjokki yfir að þetta sé horfið," segir Hugleikur og bætir við að hann geti ekki hugsað þá hugsun til enda að tölvan komi ekki í leitirnar.

Hugleikur er því tilbúinn að greiða fundarlaun og biður almenning að hafa augu og eyru opin enda framtíð gríns á Íslandi í húfi. alfrun@frettabladid.is

# Gleðin er besta víman

Tónleikar ★★★★★

**Páll Óskar og Sinfó**

Harpa í Eldborg, 11. júní

Tónleikar Páls Óskars með Sinfóníuhljómsveit Íslands á laugardagskvöldið voru þeir níundu í röðinni. Síðasta haust seldist á svipstundu upp á ferna hljómleika í Háskólabíói og það sama gerðist þegar blásið var til fimm tónleika í Eldborgarsal Hörpu nú í júní. Samtals hafa Páll Óskar og Sinfó því selt á þrettánda þúsund miða.

Það þarf ekki að koma á óvart. Þetta voru í einu orði sagt stórkostlegir tónleikar, fullkomnir. Það hafði augljóslega verið hugsað fyrir hverju einasta smáatriði og allt gekk upp: Útlit, uppsetning, hljómur, lagaval, lagaröð, söngur, hljóðfæraleikur og útsetningar. Stemningin var líka ótrúleg, gleðin skein af hverju andliti og margir tónleikagesta réðu varla við sig af hamingju.

Samstarf Sinfó og poppara hefur ekki alltaf komið sérstaklega vel út, en hjá Páli Óskari gekk það agjörlega upp. Maður hafði aldrei á tilfinningunni að þetta væri einhver undarleg samsuða, heldur að það væri ein hljómsveit á sviðinu. Og ein stjarna. Auk Palla og Sinfó voru á sviðinu fjórir bakraddasöngvarar og poppsveit skipuð hljómborðsleikara, gítarleikara, bassaleikara og trommuleikara. Monika Abendroth kom líka og spilaði á hörpu í laginu Ó hvílíkt frelsi. Sinfóníuhljómsveitin lék misstórt hlutverk í útsetningunum. Í sumum laganna lagði hún aðallega til strengi eða blástur á réttum stöðum, en í öðrum sá hún nánast alfarið um hljóðfæraleikinn.



Tónleikarnir byrjuðu með látum. Eftir forleik sem var svíta samsett úr lögunum hans Palla kom diskósyrpa sem samanstóð af lögunum TF-Stuð, Partídýr og Partí fyrir tvo og svo komu lögin hvert af öðru. Dagskráin spannaði allan ferilinn, allt frá Anyone Who Had a Heart og Góða nótt (það síðarnefnda sungið með Kristjönu Stefánsdóttur) yfir í gömul og ný stuðlög og smelli eins og Söngur um lífið og Gordjöss. Útsetningarnar voru almennt mjög flottar, en sérstaklega vil ég nefna Betra líf, Ó hvílíkt frelsi, Ljúfa líf og Minn hinsti dans. Það síðastnefnda var geggjað, miklu flottara en frumútgáfan.

En þó að tónlistin hafi verið flott, eins konar viðhafnarútgáfa af Páli Óskari, þá áttu sviðsframkoma, kynningar og jákvæður boðskapur Palla ekki minni þátt í að búa til þá taumlausu gleði sem var ríkjandi í Eldborg á laugardagskvöldið: Dansinn og tilþrifin, húmorinn, sögurnar og samskipti hans við hljómsveitarstjórann Bernharð Wilkinson. Palli hafði salinn algjörlega á valdi sínu. Maður fékk gæsahúð af tónlistinni og hló af gleði á sama tíma. Það verður ekki mikið betra!

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Gleðin réði ríkjum á frábærum viðhafnartónleikum Páls Óskars og Sinfó á laugardagskvöldið.


BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| STUTTMYNDADAGAR Í REYKJAVÍK (FRÍTT INN) | 20:00 |
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| TÁR ÚR STEINI (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| ROÐLAUST OG BEINLAUST (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| BRÚÐGUMINN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# VEIÐIDAGUR

## FJÖLSKYLDUNNAR

## Í DAG Í INTERSPORT BÍLSHÖFÐA



**Fjöldi frábærra tilboða! verðdæmi:**



**BFR CARTRIDGE 355**
Fluguhjól með tveimur aukaspólum

*FULLT VERÐ 13.990*

**6.990**





**VANGEN PHANTOM 607** Flugustöng

**22.490**

*FULLT VERÐ 44.990*



**CORTLAND PRECISION XC 9FET** Flugustöng #5/6/7/8

**14.490**

*FULLT VERÐ 28.990*




**SHIMANO CATANA BX** Spinnstöng. 210/270/300

**7.990**

*FULLT VERÐ 11.990 - 16.990*




**RAPALA X-PROTECT CHEST WADERS**
Vöðlur

**19.990**

*FULLT VERÐ 29.990*

**SHIMANO STANGARSETT** Hjól og stöng fyrir sjó- og laxveiði.

**9.990**

*FULLT VERÐ 13.990*

# INTERSPORT

VEIÐIDEILD - INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 - OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 19. LAU. 10 - 18. SUN. 12 - 18

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO • www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR** úr Ármanni og ÍR-ingurinn Einar Daði Lárusson keppa bæði í Kladno í Tékklandi í dag og á morgun í einni sterkustu þrautarkeppni heims. Helga Margrét setti Íslandsmet sitt í sjöþraut í Kladno fyrir tveimur árum (5.878 stig) en hún þarf að ná 5.950 stigum til þess að ná lágmörkum fyrir Heimsmeistaramótið sem fer fram í Daegu í Suður-Kóreu í haust. Einar Daði keppir þarna í fyrsta skipti í tugþraut í karlaflokki.



**RÚRIK GÍSLASON** Spilar í Danmörku og þekkir Danina vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Enn veik von hjá Íslandi:

## Verða að vinna Danina 4-1

**FÓTBOLTI** Íslenska 21 árs landsliðið á enn smá von að komast í undanúrslitin á EM í Danmörku þrátt fyrir að hafa tapað tveimur fyrstu leikjum sínum í riðlinum.

Danir unnu 2-1 sigur á Hvít-Rússum í seinni leik riðilsins í gær, en þau úrslit héldu von íslensku strákanna á lífi.

Ísland kemst nú í undanúrslitin með því að vinna Dani 4-1 en Svisslendingar verða þá líka að vinna Hvít-Rússa í lokaumferðinni á laugardaginn.

Ísland, Danmörk og Hvíta-Rússland væru þá öll jöfn að stigum en íslenska liðið væri með bestan árangur úr innbyrðisleikjum þessara þriggja liða þar sem liðið væri búið að skora flest mörk.

**- óój**

**Ísland 0-2 Sviss**

Álaborg, áhorf.: 1903 — Strahonja, Króatíu (6)

*0-1 Fabian Frei (1.)*
*0-2 Innocent Emeghara (40.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–13 (3–6) |
| Varin skot | Haraldur 3 – Sommer 2 |
| Horn | 1–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 25–19 |
| Rangstöður | 2–5 |

**ÍSLAND** 4–3–3

| | |
|---|---|
| ***Haraldur Björnsson** | **7** |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 6 |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | 5 |
| Jón Guðni Fjóluson | 5 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | 5 |
| Guðmundur Kristjánsson | 5 |
| Bjarni Þór Viðarsson | 4 |
| (46. Birkir Bjarnason | 6) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 5 |
| Rúrik Gíslason | 6 |
| Alfreð Finnbogason | 3 |
| (46. Björn Bergmann Sigurðarson | 7) |
| Kolbeinn Sigþórsson | 5 |

# Strákarnir slegnir í rot í fyrsta höggi

**Mark Fabians Frei eftir tæpa eina mínútu sá til þess að strákarnir í U-21 landsliðinu áttu aldrei von gegn Sviss í gær. Yfirburðir Svisslendinga voru ótvíræðir lengst af og 2-0 sigur þeirra var síst of stór.**

**FÓTBOLTI** Ísland heldur enn í veika von um að komast áfram í undanúrslit á Evrópumeistaramóti U-21 landsliða þrátt fyrir tap fyrir Sviss í gær. Liðið er enn stigalaust í keppninni og hefur ekki enn skorað mark.

Möguleikar Íslands felast í því að vinna Dani nógu stórt um helgina og treysta á að Svisslendingar vinni sinn leik gegn Hvít-Rússum. Af frammistöðu liðsins að dæma í gær er hins vegar ljóst að sú von snýst fyrst og fremst um leik að tölum.

Strákarnir voru langt frá þeirri spilamennsku sem einkenndi liðið í undankeppninni og kom þeim hingað til Danmerkur. Í gær urðu þeir undir á öllum sviðum knattspyrnunnar, sama hvert er litið.

Fabian Frei skoraði strax á fyrstu mínútu leiksins og náði þar með að rota íslenska liðið. Liðið náði ekki rænu fyrr en í síðari hálfleik en þá var staðan orðin 2-0 og Svisslendingar með leikinn í höndum sér.

Íslendingar skoruðu að vísu mark sem var réttilega dæmt af vegna rangstöðu og fengu eitt færi til viðbótar sem ekki var nýtt. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari reyndi að koma sínum mönnum inn í leikinn með því að breyta um leikaðferð í hálfleik og skipta tveimur varamönnum inn á – þó svo að sá síðari hafið komið inn á þegar stundarfjórðungur var liðinn af síðari hálfleiknum.

„Ég vildi að strákarnir róuðu leikinn aðeins niður og hægðu á honum. Svisslendingar stjórnuðu ferðinni algerlega í fyrri hálfleik og við þurftum að brjóta upp leikinn. Við þurftum líka að hafa þor, vera nær leikmönnum og þéttari fyrir. Þegar einn leikmaður stendur í svæði þurfa hinir líka að vera í svæði,“ sagði Eyjólfur við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Ég talaði einnig mikið um það í hálfleik að fótbolti byrjar alltaf á baráttunni. Þú þarft fyrst að sýna andstæðingnum að þú ætlar þér að vera með undirtökin í leiknum og þá fyrst kemur fótboltinn. Við sýndum það í allri undankeppninni að þegar baráttan er í lagi er fótboltinn líka í lagi. Þannig var það alls ekki í fyrri hálfleik.“



**EKKERT STIG OG EKKERT MARK EFTIR TVO LEIKI** Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson gátu ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eggert Gunnþór Jónsson, hægri bakvörður Íslands, var ekki að skafa af hlutunum. „Þetta var alveg hrikalegt og það eru engar afsakanir sem við getum falið okkur á bak við. Við komumst aldrei í gang og þeir voru að leika sér að okkur hvað eftir annað. Við litum út eins og vitleysingar,“ sagði Eggert.

Svisslendingar voru búnir að vinna baráttuna á miðjunni strax á fyrstu mínútu og gáfu völdin aldrei eftir. Ekki var nóg með að Svisslendingar stjórnuðu spilinu lengst af í leiknum heldur voru þeir einnig gríðarlega duglegir að setja pressu á Íslendinga þegar strákarnir fengu svo loksins boltann. Fyrir utan stuttan kafla í síðari hálfleik áttu Íslendingar fá sem engin svör við því. Þeim var einfaldlega ekki leyft að spila sinn leik.

> Við komumst aldrei í gang og þeir voru að leika sér að okkur hvað eftir annað. Við litum út eins og vitleysingar.
>
> **EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON**

„Það vantaði alla grimmd í okkur,“ sagði Eggert. „Þeir unnu öll návígi og börðust allan tímann. Markið setti okkur úr jafnvægi og við komumst aldrei í takt við leikinn. Við vorum auðvitað búnir að fara yfir hvernig þeir spila en náðum samt aldrei að loka á það í fyrri hálfleik. Þetta breyttist í þeim síðari en þá voru þeir komnir með 2-0 forystu og lögðu áherslu á að halda fengnum hlut. Okkur gekk betur í seinni hálfleik en þá var það of seint.“

Of margir leikmenn íslenska liðsins brugðust í gær og mátti sjá á viðtölum við þá eftir leik að þeir vissu það sjálfir manna best. Eyjólfur náði ekki að leysa þau vandamál sem fylgdu því að missa Aron Einar Gunnarsson í leikbann og kom enn betur í ljós í gær hversu dýrkeypt það hefur reynst íslenska liðinu. Liðið hefur fengið öll sín fjögur mörk á sig eftir að Aron Einar fékk rauða spjaldið og gæði liðsins hafa um leið fallið um marga flokka.

Ekkert annað kemur til greina en að láta slag standa gegn Dönum og reyna að grípa síðasta hálmstráið. Leikurinn er þó fyrst og fremst tækifæri fyrir strákana að sýna sitt rétta andlit og minna okkur hin á að þrátt fyrir allt séu bjartir tímar fram undan í íslenskri knattspyrnu.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Anton Brink**
fjalla um EM U21 í Danmörku
eirikur@frettabladid.is - anton@frettabladid






Gylfi Þór Sigurðsson og Alfreð Finnbogason:

## Ósáttir við sjálfa sig

**FÓTBOLTI** Þeir Gylfi Þór Sigurðsson og Alfreð Finnbogason sögðu báðir eftir tapið gegn Sviss í gær að þeir væru afar óánægðir með eigin frammistöðu. Sviss vann leikinn, 2-0, og er Ísland enn án stiga í mótinu.

„Þetta hefur verið mjög erfitt fyrir mig,“ sagði Gylfi. „Ég spilaði langt undir getu bæði í þessum leik og þeim síðasta. Ég er aðallega ósáttur við sjálfan mig og ég á að spila betur en ég hef verið að gera. Ég skulda liðinu mikið,“ sagði Gylfi.

Alfreð tók í svipaðan streng. „Það voru allir á hælunum í kvöld og því miður get ég bara borið ábyrgð á minni frammistöðu. Hún var mjög döpur og ég þarf greinilega að skoða mín mál.“

Gylfi vonast til að fá tækifæri gegn Dönum á laugardaginn til að endurgjalda stuðningsmönnum Íslands fyrir að styðja við liðið.

„Áhorfendurnir í kvöld voru mjög flottir og við strákarnir erum þeim þakklátir fyrir stuðninginn. Við þurfum að borga öllum þeim til baka sem hafa flogið yfir til Danmerkur og stutt okkur, með því að sýna okkar rétta andlit gegn Dönum.“

**- esá**



**ALFREÐ FINNBOGASON** Fékk tækifæri í byrjunarliðinu á móti Sviss en fann sig engan veginn. Hér sést Alfreð í leiknum í Álaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON** Hefur verið í miklu stuði í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Dregið í riðla á EM í dag:

## Sleppa þeir við Frakka og Dani?

**HANDBOLTI** Það kemur í ljós í dag hvaða þrjár þjóðir verða í riðli með Íslandi á EM í Serbíu sem fer fram í janúar næstkomandi. Íslenska karlalandsliðið er í þriðja styrkleikaflokki og getur ekki lent í riðli með gestgjöfunum, Spánverjum eða Tékkum.

Frakkar, Króatar, Þjóðverjar og Pólverjar eru í fyrsta styrkleikaflokki en í öðrum styrkleikaflokki eru Danir, Norðmenn, Ungverjar og Svíar.

Ef strákarnir verða heppnir þá gætu þeir lent í riðli með Póllandi, Noregi og Makedóníu en versta mögulega útkoman væri að lenda í riðli með Frökkum og Dönum sem spiluðu til úrslita á síðasta heimsmeistaramóti.

Fjórar þjóðir vita þegar í hvað riðli lið þeirra verða þó að drátturinn hafi ekki farið fram: Serbar (A-riðli í Belgrad), Makedóníumenn (B-riðill í Nis), Ungverjar (C-riðill í Novi Sad )og Króatar (D-riðlill í Vrsac).

Drátturinn hefst klukkan 10.00 að íslenskum tíma og það er hægt að fylgjast með honum á www.ehf-euro.com/SRB2012/. - óój



**FULLT HÚS OG HREINT MARK** Markatala ÍBV-liðsins er 14-0. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eyjastúlkur í Vesturbæinn:

## Geta unnið fimmta í röð

**FÓTBOLTI** Nýliðar ÍBV í Pepsideild kvenna mæta á KR-völlinn í kvöld þar sem þeir mæta heimstúlkum í 5. umferð deildarinnar. ÍBV-liðið hefur slegið í gegn í byrjun móts og er með fullt hús og hreint mark eftir leiki á móti Þór/KA (5-0), Aftureldingu (5-0), Breiðabliki (2-0) og Þrótti (2-0).

Liðin sem hafa verið með fullt hús eftir fjóra leiki undanfarin tvö tímabil hafa bæði tapað stigum í fimmtu umferð. Valur gerði 1-1 jafntefli við Stjörnuna í fyrra og Stjarnan tapaði óvænt fyrir GRV árið á undan. Nú er að sjá hvort Eyjastúlkur nái að brjóta þá hefð í kvöld en leikurinn hefst klukkan 18.00. Heil umferð fer annars fram í kvöld. Leikur Þór/KA-Stjarnan hefst klukkan 18.30 og en klukkan 19.15 spila Afturelding-Valur, Þróttur R.-Grindavík og Fylkir-Breiðablik. - óój




Ágúst Jóhannsson og Einar Jónsson komu íslensku stelpunum á HM en eru ekki með lengri samning:

# Áhugi hjá öllum að þeir verði áfram með liðið

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið endurskrifaði sögu kvennalandsliða á Íslandi um helgina þegar þær tryggðu sér sæti á HM í Brasilíu sem fer fram í desember. Engu öðru kvennalandsliði hafði áður tekist að komast á heimsmeistaramót.

Ágúst Jóhannsson og aðstoðarmaður hans Einar Jónsson tóku við liðinu fyrir umspilsleikina en samningur þeirra náði aðeins yfir leikina við Úkraínu sem unnust samanlagt 61-42.

„Við höfum sagt það og sýnt að þeir sem hafa náð árangri með landsliðin okkar hafa fengið að klára þau verkefni. Þeim stendur það til boða en þeir þurfa bara að skoða það með sínum klúbbum. Það er áhugi hjá öllum að halda þessu samstarfi áfram og þeir vissu það áður en þeir fóru í þetta verkefni. Þeir eru í öðru starfi og því miður fáum við ekki styrki svo að við getum haldið þessu sem fullu starfi,“ sagði Knútur G. Hauksson, formaður HSÍ. Hann er gríðarlega ánægður með frammistöðu kvennalandsliðsins, sem hann segir vera uppskeru af afreksstefnu sambandsins. „Þarna eru mikið ungar stelpur sem hafa margar tekið þátt í heimsmeistarakeppnum yngri landsliða. Þær þekkja þetta og vilja vera þarna,“ sagði Knútur. Hann býst einnig við því að Guðmundur Guðmundsson verði áfram með karlaliðið sem komst á sjöunda EM í röð um helgina.



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Ágúst Jóhannsson og Einar Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Guðmundur er með samning fram yfir Ólympíuleikana eins og oft hefur komið fram. Við erum ekki að ræða við hann um neitt annað,“ sagði Knútur en þetta yrði þá áttunda stórmótið undir stjórn Guðmundar. - óój



## > Matt Damon

„Mér finnst enn erfitt að neita góðum verkefnum því í mörg ár reyndi ég í örvæntingu að fá hlutverk en fékk engin.“

***Matt Damon leikur Jason Bourne, sem finnst skotinn og minnislaus og þarf að forðast leigumorðingja sem elta hann á röndum í spennumyndinni The Bourne Identity sem sýnd er á Stöð 2 bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN TUMI DAÐASON VORKENNDI SJÓNVARPSÁHORFENDUM UM HELGINA

# *Kósíkvöld meirihlutans eyðilögð*

Ég verð síðastur til þess að mótmæla offramboði á íþróttaefni í sjónvarpi enda fæ ég sjálfur aldrei nóg. Hins vegar hef ég fullan skilning á viðhorfi fólks sem deilir ekki íþróttaáhuga mínum.

Laugardags- og sunnudagskvöld voru lögð undir Evrópumót U-21 landsliða í fótbolta. Stór stund í íslenskri knattspyrnusögu. U-21 lið í fyrsta sinn í lokakeppni Evrópumóts og mikill metnaður í Efstaleiti. Gott og blessað.



Flestir geta verið sammála því að leikur Íslands gegn Hvíta-Rússlandi hafi átt erindi til allra landsmanna. Hið sama verður ekki sagt um hinar viðureignirnar umrædd kvöld. Almennur áhugi hérlendis er fyrst og síðast á okkar mönnum. Þar til í október vissu fæstir landsmenn af tilvist mótsins. Að minnsta kosti hefur ekki þótt ástæða til þess að sýna frá úrslitaleik keppninnar eða fjalla um hana undanfarin ár.

Hvers vegna voru leikirnir ekki sýndir á hliðarrásinni? Vissulega hafa ekki allir aðgang að henni en ég þykist viss um að töluvert færri hefðu grátið að missa af leikjunum af þeim sökum en þeir sem sátu uppi með þá.

Með því hefði mátt sýna opnunartónleika Hörpu á kristilegri tíma en milli tíu og miðnættis. Ég er viss um að amma vinar míns var ekki eini eldri borgarinn sem missti af Ashkenazy og Víkingi Heiðari. Hún hafði beðið eftir sýningu tónleikanna í mánuð og hlakkað mikið til.

Þá fór frumsýning á The Good Heart eftir Dag Kára í kjölfar tónleikanna líklega framhjá mörgum. Myndin markaði upphafið að íslensku kvikmyndasumri á RÚV. Flott framtak, en sýning myndarinnar hófst eftir miðnætti.

Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að RÚV geti gert öllum til hæfis. Um helgina hefði mátt komast nálægt því með hliðarrásinni.

## RÚV

**13.45 Evrópumót landsliða undir 21 árs (Danmörk - Hvíta-Rússland)** (e)
**15.30 Evrópumót landsliða undir 21 árs (Tékkland - Spánn)** Bein útsending frá leik Tékka og Spánverja.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (38:42)
**18.30 Fínni kostur** (16:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Evrópumót landsliða undir 21 árs (Úkraína - England)** Bein útsending frá seinni hálfleik í leik Úkraínumanna og Englendinga. Allur leikurinn verður sýndur beint á plúsrásinni.
**20.40 Evrópumót landsliða - samantekt**
**20.55 Sakborningar – Saga Kennys** (5:6) (Accused) Bresk þáttaröð eftir handritshöfundinn Jimmy McGovern. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Golf á Íslandi**
**22.50 Flúreyjar**
**00.00 Evrópumót landsliða undir 21 árs (Tékkland - Spánn)** (e)
**01.45 Landinn** (e)
**02.15 Fréttir** (e)
**02.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Full of It**
**10.00 Mozart and the Whale**
**12.00 How to Eat Fried Worms**
**14.00 Full of It**
**16.00 Mozart and the Whale**
**18.00 How to Eat Fried Worms**
**20.00 Bourne Identity**
**22.00 Insomnia**
**00.00 The Things About My Folks**
**02.00 Road Trip**
**04.00 Insomnia**
**06.00 Marley & Me**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (20:22)
**11.00 Cold Case** (22:23)
**11.50 Grey's Anatomy** (9:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (34:43)
**13.25 Chuck** (11:19)
**14.15 Pretty Little Liars** (19:22)
**15.00 iCarly** (17:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (11:21)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (13:24)
**19.45 Modern Family** (3:24)
**20.10 Gossip Girl** (18:22)
**20.55 Off the Map** (2:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörpuspennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál. Stofnandi læknastöðvarinnar, Ben Keeton, hefur náð miklum frama sem skurðlæknir í Kaliforníu en ákvað að gefa ferilinn upp á bátinn til þess að sinna köllun sinni.
**21.40 Ghost Whisperer** (14:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.25 The Ex List** (9:13)
**23.10 Sex and the City** (8:20)
**23.40 NCIS** (18:24)
**00.25 Fringe** (16:22)
**01.10 Generation Kill** (7:7)
**02.15 The Big Nothing**
**03.40 Cold Case** (22:23)
**04.25 Medium** (5:22)
**05.10 The Simpsons** (11:21)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Miami - Dallas**
**17.35 Hermann Hreiðarsson** Annar í röðinni í þessari mögnuðu seríu um fremstu atvinnumenn þjóðarinnar er Hermann Hreiðarsson. Hermann sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðunn Blöndal áhorfendur í gegnum allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.
**18.15 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Milan** Útsending frá leik Real Madrid og AC Milan í Meistaradeild Evrópu.
**20.00 Miami - Dallas**
**21.50 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**22.35 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Shakhtar Donetsk** Útsending frá leik Arsenal og Shakhtar Donetsk í Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Arsenal - Blackpool** Útsending frá leik Arsenal og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Football Legends** Magnaðir þættir þar sem fjallað er um bestu knattspyrnumenn sögunnar og að þessu sinni verður fjallað um hinn brasiliska Zico.
**21.00 Season Highlights 1996/1997** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.55 PL Classic Matches: Everton - Liverpool, 2000**
**22.25 Everton - Liverpool** Útsending frá leik Everton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (1:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How To Look Good Naked - Revisit** (1:3) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (4:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (22:25)
**20.10 Top Chef** (4:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.00 Blue Bloods** (20:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos-fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**21.45 America's Next Top Model** (12:3) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.35 Penn & Teller** (8:10)
**23.05 The Real L Word: Los Angeles** (4:9)
**23.50 Hawaii Five-0** (15:24) (e)
**00.35 Law & Order: Los Angeles** (e)
**01.20 CSI: Miami** (4:24) (e)
**02.05 Will & Grace** (22:25) (e)
**02.25 Blue Bloods** (20:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Fedex St. Jude Classic** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Fedex St. Jude Classic** (2:4)
**16.00 US Open 2000 - Official Film**
**17.00 US Open 2002 - Official Film**
**18.00 Golfing World**
**18.50 US Open 2006 - Official Film**
**19.45 US Open 2008 - Official Film**
**20.45 Champions Tour - Highlights**
**21.40 Inside the PGA Tour** (24:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2009 - Official Film**
**23.55 ESPN America**

## EXTRA

**19.40 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.25 Grillskóli Jóa Fel** (1:6)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (21:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðurameríska fegurðardís. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum.
**22.15 Bones** (12:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.00 Hung** (9:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á rækilegum tímamótum lífi sínu og allt gengur á afturfótunum.
**23.30 Bored to Death** (2:8)
**00.00 Daily Show: Global Edition**
**00.25 Grillskóli Jóa Fel** (1:6)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Ráðherrann fyrrverandi og rithöfundur.
**20.30 Veiðisumarið** Árnar opna hver af annarri.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Freyr matreiðir það sem hann selur.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur Ólafsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó · **FM 90,9** Gullbylgjan · **FM 93,5** Rás 1 · **FM 96,3** FM Suðurland · **FM 97,7** X-ið · **FM 99,4** Útvarp Saga · **FM 102,9** Lindin
**FM 90,1** Rás 2 · **FM 91,9** Kaninn · **FM 95,7**FM957 · **FM 96,7** Létt Bylgjan · **FM 98,9** Bylgjan · **FM 102,2** Útvarp Latibær · **FM 105,5** Útvarp Boðun




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.55
### Off the Map

Annar þátturinn í nýrri þáttaröð frá framleiðendum Grey's Anatomy. Tveir ljósmyndarar lenda í vanda í frumskóginum eftir að annar þeirra verður fyrir barðinu á risastórri slöngu og læknarnir þurfa að grípa til örþrifaráða til að bjarga honum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Hátíðarþingfundur á Alþingi **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Þriðja ástin **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið 17.00 Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Fjármálamiðstöðin Ísland **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**08.45** Inspector Lynley Mysteries **09.35** The Inspector Lynley Mysteries **10.20** EastEnders **10.50** The Weakest Link **11.40** The Weakest Link **12.25** Fawlty Towers **13.00** ,Allo ,Allo! **13.30** ,Allo ,Allo! **14.00** ,Allo ,Allo! **14.30** The Weakest Link **15.20** Fawlty Towers **15.55** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.25** Jack Dee. Live at the Apollo **21.10** Little Britain **21.40** Coupling **22.10** Jack Dee Live at the Apollo **22.55** New Tricks **23.45** New Tricks

### DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Hammerslag Sommermix **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Peddersen og Findus **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** DR-Derude i Island **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Vi mødes i retten **20.50** Onsdags Lotto

### NRK 1

**10.15** Par i hjerter **11.00** NRK nyheter **11.05** Planeten **12.00** NRK nyheter **12.05** Grønn glede **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Genial design **14.00** NRK nyheter **14.10** Filmavisen **14.20** Det søte liv **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Espen og selungene **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Billedbrev fra Norge **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Drømmekysten **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Lov og orden. London **20.30** Munch på flyttefot

### svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Bilar, 50-tal & rock'n'roll **15.00** Fjorden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** En svensk sommar i Finland **16.55** Via Sverige **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Tudors **19.55** Undercover Boss **20.40** Bored to Death **21.05** Kvinnor som älskar **22.35** Rapport **22.40** Vem tror du att du är? **23.05** Vem tror du att du är? **23.25** Ouppklarat **23.55** Rapport





TJALDALAND ÚTILÍFS ER VIÐ HLIÐINA Á TBR-HÖLLINNI VIÐ GLÆSIBÆ

UPPSETT TJÖLD TIL SÝNIS ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-17. FLEIRI UPPLÝSINGAR Á WWW.UTILIF.IS



**VERÐ: 32.990 / 39.990 KR.**
HIGH PEAK COMO 4 OG 6 MANNA
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 190/200 cm.



**TILBOÐ: 45.990 KR.**
HIGH PEAK ANCONA 5 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 200 cm. Almennt verð: 54.990 kr.



**TILBOÐ: 79.990 KR.**
ACADIA 5-7 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald með áföstum gólfdúk. Auðvelt í uppsetningu miðað við stærð. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 190 cm. Almennt verð: 99.990 kr.



**VERÐ: 29.990 KR.**
HIGH PEAK IKARIA 4 MANNA
Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.



**TILBOÐ: 14.490 KR.**
HIGH PEAK NEVADA 3 MANNA
Sígilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm. Almennt verð: 16.990 kr.



**VERÐ: 19.990 / 23.990 KR.**
HIGH PEAK CAVE 2 OG 3 MANNA
Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fíbersúlur. Hæð 90 cm.



**VERÐ: 54.990 KR.**
THE NORTH FACE TADPOLE 2 MANNA
Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.



**TILBOÐ: 51.990 KR.**
HIGH PEAK DENALI 3 MANNA
Göngutjald með góðu fortjaldi. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 120 cm. Þyngd 4,35 kg. Almennt verð: 64.990 kr.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér alltaf Cheerios. Hunangs-Cheerios með mjólk.“*

Níels Thibaud Girerd eða „Nilli“, þáttastjórnandi og leikstjóri.

# Gunni Hans fer bakdyramegin á Grímuna

„Ef það kemur eitthvað fyndið þá verður það soðið saman á staðnum. Við erum ekkert plana það. Við erum auðvitað bara fengin til að sjá um þetta vegna vitsmuna okkar og út af því hversu glæsileg við erum,“ segir Gunnar Hansson leikari.

Gunnar og Katla Margrét Þorgeirsdóttir verða kynnar á leikhúsverðlaununum Grímunni sem afhent verða í Borgarleikhúsinu en sýnt verður frá athöfninni í beinni útsendingu á Stöð 2 annað kvöld. Gunnar er nú á RÚV með golfþætti sína og Katla Margrét var síðast einn af stjórnendum Hringekjunnar á sömu stöð en sjónvarpsmaðurinn segir það ekkert tiltökumál. „Ég er náttúrulega að harka og tek bara þau verkefni sem mér bjóðast. Ég hugsaði nú ekkert út í það að þetta væri að skarast eitthvað. Ég á góða vini á mörgum stöðum.“

Gunnar telur kynnishlutverkið vera eina möguleika hans á að komast í tæri við Grímuna eins og sakir standi í dag, hann hafi jú ekki staðið á leiksviði í þrjú ár. „Með þessu kemst ég bakdyramegin inn og get baðað mig í ljóma verðlaunanna.“ Hann treystir sér hins vegar ekki til að segja um hvor verðlaunin séu stærri í hugum leikara; Eddan eða Gríman, úrvalið sé meira í Grímunni en þar standa til boða 77 verk miðað við kannski 5 kvikmyndir. „Annars eru leikarar svo „hógværir“ að þeim þykir bara voðalega gott og gaman þegar þeir fá klapp á bakið eða bara einhvers konar verðlaun.“ **- fgg**



**KYNNAR** Gunnar Hansson og Katla Margrét verða kynnar á Grímunni í ár en verðlaunin verða veitt á fimmtudagskvöld.








**AFTUR Í HANDBOLTANN** Karl Magnús þótti ákaflega liðtækur handboltamaður og lék um tíma með bæði meistaraflokki Víkings og Gróttu. Hann mætti í gærkvöldi á sína fyrstu meistaraflokksæfingu hjá Gróttu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

KARL MAGNÚS GRÖNVOLD: FÓR Á FYRSTU ÆFINGUNA HJÁ GRÓTTU

# ÉG VIL ENGA VORKUNN

„Ég ætla bara byrja líf mitt upp á nýtt og stefni ótrauður á nám. Nú er þessi tími að baki og ég ætla bara að horfa fram á veginn,“ segir Karl Magnús Grönvold. Þrjár vikur eru liðnar síðan Karl Magnús sneri aftur heim til Íslands eftir erfið fjögur ár í Brasilíu.

Eins og Karl greindi frá í bókinni Brasilíufanginn eftir Jóhannes Kr. Kristjánsson sem kom út í fyrra sat hann inni í tæp fjögur ár í rammgerðu fangelsi í Sao Paulo fyrir kókaínsmygl. Karl var gripinn með sex kíló af eiturefninu og þurfti að dúsa á bak við lás og slá meðal glæpamanna frá 74 löndum. Karl losnaði úr fangelsinu í febrúar á síðasta ári en varð engu að síður að halda skilorð í heilt ár, mátti ekki yfirgefa Brasilíu né fá sér vinnu. Hann eyddi því tímanum í að útvega sér ígripastörf, meðal annars við smíðar og að setja upp hljóðkerfi á bar. En nú er hann loksins kominn heim, heim til móður sinar sem studdi hann með ráðum og dáð öll árin. „Hún er búin að vera mamma ársins í fjögur ár!“

Karl var á leiðinni með strætó frá Hveragerði til Reykjavíkur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann er nýkominn úr meðferð þar sem fólkið inni á Vogi las bókina um dvöl hans í Brasilíu. „Það var þarna strákur sem var lesblindur og hafði varla opnað bók frá því í 7. bekk en lét bókina ekki frá sér,“ segir Karl, sem gerir sér vonir um að geta unnið við forvarnastarf í framtíðinni, bókin hafi verið fyrsta skrefið á þeirri vegferð. Hún verði vonandi öðrum víti til varnaðar. „Það gefur auga leið að þetta er reynsla sem ég óska engum að upplifa.“

Karl hugðist mæta á æfingu hjá meistaraflokki Gróttu í handbolta í gærkvöldi og hafði fengið grænt ljós hjá íþróttastjóra félagsins. Hann lék með félaginu í eitt ár áður en lífið tók kollsteypu. „Ég var mjög feginn að hafa loksins fengið jákvæð viðbrögð,“ segir Karl sem gerir sér fyllilega grein fyrir aðstæðum sínum, það verði til að mynda ekki hlaupið að því að fá vinnu miðað við orðspor hans sem sé í molum. „Maður verður samt bara að halda áfram og ég vil enga vorkunn. Ég ætla mér að vinna fyrir öllu mínu.“

**freyrgigja@frettabladid.is**


**BLINDRAFÉLAGIÐ**
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

## VINNINGASKRÁ

**Vinningaskrá - vorhappdrætti 2010. Dregið 10. júní 2011**

**1. vinningur:**
**Volkswagen Polo 1.2 TDI diesel Trendline, 70 hestöfl, 5 gíra beinsk. frá HEKLU.**
**Verðmæti kr. 2.390.000**

37294

**2.-35. vinningur:**
**Utanlandsferð að eigin vali fyrir 2 eða fleiri með Heimsferðum.**
**Hver að verðmæti kr. 300.000**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 749 | 13996 | 18051 | 23439 | 35845 | 43125 |
| 790 | 14729 | 18121 | 26942 | 37635 | 44465 |
| 5678 | 15127 | 18434 | 27430 | 38690 | 46134 |
| 7701 | 15414 | 19873 | 30063 | 38743 | 49681 |
| 9837 | 16468 | 21244 | 31308 | 39363 | |
| 13095 | 17823 | 22183 | 33537 | 39620 | |

**36.-100. vinningur:**
**Gisting ásamt morgunverði í tvær nætur fyrir 2 auk kvöldverðar annað kvöldið hjá einhverju Fosshótelana.**
**Hver að verðmæti kr. 60.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 361 | 5269 | 7667 | 9977 | 16659 | 21197 | 28046 | 38211 | 46019 | 50024 |
| 391 | 6761 | 7878 | 10454 | 17026 | 21685 | 28782 | 40416 | 46406 | 50471 |
| 688 | 6848 | 8125 | 12129 | 17488 | 25153 | 29824 | 40620 | 46465 | |
| 1599 | 6909 | 8834 | 12148 | 17537 | 25561 | 34426 | 42491 | 46854 | |
| 3492 | 6969 | 8908 | 13262 | 18163 | 25641 | 34902 | 43085 | 46972 | |
| 4113 | 7005 | 9067 | 13932 | 20594 | 26191 | 35353 | 45004 | 48010 | |
| 5227 | 7551 | 9085 | 14114 | 21193 | 26944 | 36897 | 45068 | 48648 | |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindraafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar*


# Stuttmynd Marsibilar vekur athygli

„Þessi hátíð flokkast undir svokallaða A-hátíð, svo þetta er mikill heiður fyrir mig,“ segir Marsibil Sæmundardóttir, en hún gerði nýverið stuttmynd sem rataði á Palm Springs Internatinoal Shortfest, þriðju stærstu stuttmyndahátíð í heimi.

Marsibil hefur lokið einu ári í Kvikmyndaskóla Íslands og var stuttmyndin lokaverkefni hennar á seinni önninni. „Það er ansi magnað að hafa komist inn á þessa hátíð því aðeins kvikmyndahátíðirnar í Cannes og Sundance eru taldar stærri,“ segir Marsibil, en myndin ber nafnið Freyja og skartar leikkonunni Sólveigu Arnarsdóttur í aðalhlutverki. Marsibil segist einnig hafa sent myndina inn í aðra keppni, þar sem hún hlaut eins konar heiðursverðlaun. „Á þeirri hátíð má senda inn allt frá stuttmyndum til tónlistarmyndbanda eða heimilidarmynda, svo framarlega sem efnið er minna en 57 mínútur. Það eru alltaf nokkrir sem vinna í hverjum flokki og myndin mín hlaut verðlaun sem er alveg frábært,“ segir Marsibil.

Marsibil var varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins um nokkurt skeið en ákvað að söðla um og hóf nám við Kvikmyndaskólann. „Ég var búin að vera í pólitík í átta ár, svo það var bara komið fínt af henni í bili. Þegar ég var í menntaskóla langaði mig alltaf í einhvers konar listnám, en lífið dró mig annað. Ég ákvað loksins að fara í Kvikmyndaskólann og þetta á virkilega vel við mig,“ segir Marsibil, en bætir þó við að hún hafi ekki getað sinnt náminu í vetur þar sem það sé dýrt. „Það verður mjög gaman að komast í skólann aftur og klára námið. Ég er að vinna að nokkrum verkefnum en skólinn er dýr, svo ég veit ekki hvenær ég næ að klára hann,“ segir Marsibil. **-ka**



**MARSIBIL SÆMUNDARDÓTTIR** Varaborgarfulltrúinn sneri sér að kvikmyndagerð og hefur vakið athygli fyrir fyrstu stuttmynd sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gefðu því gaum sem þú setur á húðina!

Heilsuhúsið leggur áherslu á að bjóða upp á úrval af lífrænt vottuðum og náttúrulegum snyrtivörum án skaðlegra aukaefna.

Líttu við og leyfðu starfsfólki Heilsuhússins að aðstoða þig.

SÓLEY



*eyGLÓ - Lífrænn raki*

MÁDARA® ecocosmetics



*Lífrænt vottaðar húðvörur í hæsta gæðaflokki!*

Unnar úr kraftmiklum blómum og jurtakjörnum.



VILLIMEY

*Lífrænt og kraftmikið smyrsl á alla verki og bólgur*

Unnið úr hreinni íslenskri náttúru.

lavera
VOTTAÐAR LÍFRÆNAR HÚÐVÖRUR



*Brúnkukrem fyrir andlit og líkama*

Þornar fljótt. Mild lykt. Mýkir, nærir og gefur fallegan lit.



AUBREY® ORGANICS

*Sjampó og hárnæring*

Mjúkt og glansandi hár án paraben efna og sílikons.
100% hrein og náttúruleg!

náttúrulega heilsuhúsið

LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRATORGI • LÁGMÚLA • SELFOSSI • AKUREYRI • REYKJANESBÆ

KRAFTAVERK

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýtt myndband á leiðinni

Von er á nýju myndbandi frá hljómsveitinni Hjaltalín á allra næstu dögum. Myndbandið er við lagið Feels Like Sugar af síðustu plötu sveitarinnar, Terminal. Það var leikstjórinn **Rúnar Ingi Einarsson** sem gerði myndbandið. Tökum á myndbandinu lauk reyndar fyrir nokkrum mánuðum, áður en sveitin hélt í tónleikaferðalag um Evrópu í mars, en það hefur tafist í eftirvinnslu. Nú stendur hins vegar til að frumsýna það formlega í næstu viku.



### Bestur í Rúmeníu

**Rúnar Rúnarsson** heldur áfram að sanka að sér verðlaunum á kvikmyndahátíðum. Nú síðast var hann valinn besti leikstjórinn á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Transsylvaníu fyrir kvikmynd sína Eldfjall. Stuttmyndir Rúnars voru allar verðlaunaðar í bak og fyrir og leikstjórinn getur vel á sig blómum bætt á næstunni því Eldfjall verður næst sýnt á Era New Horizons-hátíðinni í Póllandi, Karlovy Vary í Tékklandi og á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í München í Þýskalandi. Þá verða stuttmyndir Rúnars allar sýndar næstkomandi föstudagskvöld á RÚV. **- þeb, fgg**



## Mest lesið VÍSIR

1. Leikkona hélt dauða mömmu sinnar leyndum og hirti ellilífeyrinn
2. Spelling reyndi að flýja en ók á vegg
3. Séra Karl situr áfram - þykir leitt að hafa brugðist „væntingum"
4. Biskup rýfur þögnina
5. Sér Ólaf í Karli





